

DÍANA DÖGG VÍGLUNSDÓTTIR

Í fermingarkápu af mömmu sinni

tíska heimili heilsa
allt Í MIÐJU BLAÐSINS



VETRARLÍF

Skíði, matur og menning

Fylgir Fréttablaðinu í dag
SÉRBLAÐ



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. febrúar 2006 – 53. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Biblía fallega fólksins

Egill Gillzenegger skrifaði bók á þremur vikum. Bókin er ómissandi fyrir alla þá sem langar að líta út eins og Egill.



FÓLK 50

Hommaliðið selt

Kvikmynd Róberts Douglas, Strákarnir okkar, gerði það gott í Berlín nýverið.



FÓLK 50

Stríðið langa

Á fimm árum hefur tekist að skipta heiminum upp í nýjar kvíar, „okkur“ og „þá“, ritar Haukur Már Helgason. Hvernig gerðist þetta?

UMRÆÐAN 26


Tap hjá Chelsea

Barcleona sigraði stórleikinn gegn Chelsea á Stamford Bridge í gær. Chelsea lék einum manni færri frá 37. mínútu er Asier Del Horno fékk að líta rauða spjaldið frá norskum dómara leiksins.



ÍÞRÓTTIR 46

VEÐRIÐ Í DAG



HÆGLÆTISVEÐUR Í dag verður hæg vestlæg eða breytileg átt. Skýjað og hætt við lítilsháttar súl með ströndum sunnan til. Hiti 3-7 stig. **VEÐUR 4**

Gæti verið dæmdur til dauða fyrir morð

Bandaríski hermaðurinn Calvin Eugene Hill hefur verið ákærður fyrir morð á Ashley Turner en hún var stungin til bana á herstöðinni á Miðnesheiði í ágúst í fyrra. Hill á líflátsdóm yfir höfði sér verði hann fundinn sekur um morð.

DÓMSMÁL Bandaríski varnarliðsmaðurinn Calvin Eugene Hill hefur verið kærður fyrir að hafa banað Ashley Turner, öðrum liðsmanni varnarliðsins, hinn 14. ágúst í fyrra í herstöðinni á Keflavíkurlugvelli. Hill gæti verið dæmdur til dauða eða í ævilangt fangelsi verði hann fundinn sekur.



ASHLEY TURNER

Hill, sem er liðlega tvítugur, er talinn hafa stungið Turner vegna þess að hún hugðist bera vitni gegn honum en Hill var sakaður um að hafa stolið greiðslukorti og peningum af Turner í janúar og febrúar á síðasta ári.

Turner fannst látin í íbúðarhúsi einhleypna varnarliðsmanna sunnudaginn 14. ágúst. Hún hafði verið stungin margsinnis og beindist rannsókn málsins fljótt að Hill. Hann hafði í félagi við

annan mann stolið greiðslukorti og peningum af Turner og var félagi Hill vikið úr varnarliðinu. Íslensk kona, sem hafði verið gestkomandi í herstöðinni þetta kvöld, var yfirheyrð en hún var ekki talin tengjast málinu.

Bandaríski herrétturinn átti enn eftir að taka málið fyrir þegar Turner var stungin til bana.

Hill var fluttur í bandaríska herstöð í Þýskalandi þar sem hann var yfirheyrður af herlöggreglumönnum. Hann neitaði staðfestlega sök við yfirheyrslur hér á landi og hefur ekki enn játað að hafa orðið Turner að bana.

Rannsóknarmenn á vegum bandaríska hersins komu hingað til lands frá Bretlandi til að aðstoða lögregluna í herstöðinni við rannsókn málsins. Þeir tóku við rannsókninni eftir að í ljós kom að engir Íslendingar tengdust málinu.

Að sögn Jóhanns Benediktssonar, sýslumanns á Keflavíkurlugvelli, hafði lögreglan á Keflavíkurlugvelli eftirlit með manningum vegna hugsanlegs fíkniefnamisferlis áður en Turner var myrt. „Við fylgðumst vel með þessum manni. Hann neitaði við yfirheyrslur hjá okkur alfarið að hafa komið nálægt manndrápinu.“

Málið er nú á fyrra dómsstigi af tveimur hjá bandaríska herréttinum og hefur ekki enn verið ákveðið hvenær aðalmeðferð þess fer fram. **magnush@frettabladid.is**



EINAR SVEINSSON Hættur afskiptum af morðmáli Jóns Þórs Ólafssonar.

Morðmálið í El Salvador:

Kvartað undan ræðisskrifstofu

SAKAMÁL Einar Sveinsson, eiginmaður ræðismanns Íslands í El Salvador, sendi fjölmiðlum tilkynningu í gær þar sem hann lýsir afskiptum sínum af morðmáli Jóns Þórs Ólafssonar og Brendu Salinas Jovel lokið.

Ástæðan er sú að fulltrúi Enex sendi bandaríska sendiráðinu kvörtun vegna afskipta Einars af málinu. „Ég skil það mætavel að starfsmönnum Enex hafi orðið heitt í hamsi í samstarfi okkar því álagið var gríðarlegt en nú vil ég lægja þessar öldur því mikir hagsmunir eru í húfi,“ segir Einar. - jse

SAMfélagið kaupir Cinemaxx:

Íslensk útrás á bíomarkaði

VÍÐSKIPTI SAMfélagið, sem á og rekur SAMbíoín, SAM-myndir og Háskólabío, hefur keypt dönsku kvikmyndahúsakeðjuna Cinemaxx en hún er ein sú stærsta þar í landi.

Meðal kvikmyndahúsa sem fylgja með í kaupunum er bíó í verslunarmiðstöðinni Fisketorvet í Kaupmannahöfn en það tekur 3.106 manns í sæti. Þar eru tíu salir og í einum þeirra er stæsti skjár í Danmörku og einn sá stærsti í Evrópu. - jse

Drögum ómorgun

Átt þú miðo?

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS vænlegast til vinnings



TONY BLAIR OG HALLDÓR ÁSGRÍMSSON Í DOWNING-STRÆTI 10 Vel fór á með þeim Halldóri og Blair á fundi þeirra í Downing-stræti 10 í gær en langt er síðan íslenskur forsætisráðherra hefur heimsótt forsætisráðherra Bretlands.

Skoðanakönnun Fréttablaðsins um frekari stóriðju:

Nóg komið af stóriðju í bili

SKOÐANAKÖNNUN Íslendingar vilja ekki frekari uppbyggingu stóriðju að svo stöddu. Þetta er helsta niðurstaða nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins. Spurt var hvort svarendum fyndist uppbygging stóriðju á Íslandi eigi að vera meiri, minni eða eins og hún er.

Stærstur hluti, um 45 prósent þeirra sem svöruðu, töldu uppbyggingu stóriðju eiga að vera eins og hún er. Tæplega 43 prósent töldu uppbyggingu stóriðju eiga að

vera minni, en rúm tólf prósent sögðust vilja meiri stóriðju.

„Ég fagna því að stærsti hópurinn skuli vera ánægður með það sem við erum að gera,“ segir Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra. „Vissulega er þetta nokkuð stór hópur sem segist vilja minni stóriðju en þá hefði þurft að fylgja þeirri spurningu eftir og spyrja hvort sá hópur væri enn þeirrar skoðunar þó svo að það þýddi að hagvöxtur myndi snarlækka í lok

næsta árs og ríkissjóður vera rekinn með halla næstu ár þar á eftir.“

Karlar vilja mun frekar en konur meiri uppbyggingu stóriðju, en konur vilja frekar hafa hana minni. Alíka stór hluti karla og kvenna vilja uppbyggingu stóriðju eins og hún er nú.

„Það er útbreiddur misskilningur að þetta séu karlavinnustaðir sem stóriðjan byggir á en svo er alls ekki,“ segir Valgerður.

- ss/-jse/ sjá síðu 16

vidbui.is

OPIÐ TIL KL. 21 Í KVÖLD!



SPURNING DAGSINS

Óssur, skammastu þín?

„Nei, þetta er frekar til marks um að taugakerfi forsetans sé slakt. Það eru Davíð og Halldór sem ættu frekar að skammast sín rækilega.“

Óssur Skarphéðinsson var ávitur á Alþingi í fyrradag í fyrsta sinn á sínum ferli. Ummæli hans voru á þá leið að ákvörðun Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar um aðild Íslands að innrásinni í Irak hefðu verið lögleg og síðlaus.

Rannsókn á fangaflugi CIA: Engin svör frá Ítölum

STRASSBORG, AP Stjórnvöld á Ítalíu og í fjórum öðrum Evrópuríkjum hafa hunsað beiðni Evrópuráðsins um að útskýra hvað þau vissu um athafnir erlendra leyniþjónustna í lögsögu sinni. Frá þessu greindi Terry Davis, forseti ráðsins, í gær. Á þriðjudag rann út frestur sem ráðið hafði sett aðildarríkjum sínum til að svara beiðni þess vegna rannsóknar sem hófst í nóvember á meintum leynifangelsum og fangaflugi bandarísku leyniþjónustunnar CIA. Davis sagði umrædd ríki - Ítalíu, Belgíu, San Marínó, Bosníu og Georgíu - brjóta gegn Mannréttindasáttmála Evrópu með því að svara ekki. ■

VIÐSKIPTI

Baugur kaupir í Dagsbrún Baugur Group hefur aukid hlut sinn í Dagsbrún um 2,33 prósent fyrir 650 milljónir króna og er sem áður stærsti hluthafi félagsins með 31,18 prósent. Markaðsvirði eignarhlutar Baugs í Dagsbrún er um 8,5 milljarðar króna. Útgafandi Fréttablaðsins, 365 prentmiðlar, er í eigu Dagsbrúnar.

Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugmálsins eins og það hefði komið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttmænt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á muna aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

Fangar á Litla-Hrauni uppvísir að afbrotum inni í fangelsinu:

Stálu af bankareikningum

LÖGREGLUMÁL Rannsókn lögreglu á þjófnaði af bankareikningi fyrirtækis í Reykjavík hefur leitt í ljós að þar voru að verki nokkrir refsifangar á Litla-Hrauni.

Stolið var af reikningnum með þeim hætti að hringt var í þjónustuver bankans. Sá sem hringdi hverju sinni gaf þjónustufulltrúa upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að taka símleidis út af reikningnum. Náðu þjófarnir samtals rúmlega 600 þúsund krónum í átta færslum sem þeir millifærðu yfir á eigin reikninga. Tjónið sem af þessu hlaut reyndist þó mun minna en til stóð, því stærstur hluti þýfisins náðist. Fangarnir



höfðu þó náð að eyða einhverjum hluta upphæðarinnar.

Rannsókn lögreglu leiddi í ljós að fjórir eða fimm refsifangar stóðu að baki þessum millifærslum. Rannsókn málsins er á lokastigi, að sögn lögreglu.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem refsifangar á Litla-Hrauni millifæra fé af reikningum fólks. Svipað átti sér stað fyrir nokkrum árum, þegar fangar tóku til við að millifæra fé af reikningum fólks.

- jss

LITLA-HRAUN Fangavist á Litla-Hrauni er ekki trygging fyrir því að menn brjóti ekki af sér.



KRÆSINGAR Á BÓKAMARKADI

Nýjar og gamlar bækur, ævisögur, ljóð og skáldsögur - það kennir margra grasa á Stóra bókamarkaðnum sem hafinn er í Reykjavík og á Akureyri og má búast við að bókaunnendur geti fundið þar margar kræsingarnar. Bókauktgefendur hafa haldið markaðinn nánast árlega í ríflega hálfra öld og eiga eflaust margir góðar minningar af fundum sínum þar í gegnum tíðina.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Veiking krónunnar ýtir undir verðbólgu

Sérfræðingar segja ekkert nýtt hafa komið fram sem réttlæti hrun krónunnar.

Lægra gengi eykur skuldabyrði almennings. Þumalfingursregla segir að tíu prósentu lækkun gengis til lengri tíma leiði til fjórum prósentum hærra verðlags.

EFNAHAGSMÁL Verði áframhaldandi og viðvarandi lækkun á gengi krónunnar veldur það á endanum aukinni greiðslubyrði almennings af lánum vegna verðbólguáhrifa. Á síðustu tveimur dögum hefur gengi krónunnar lækkað um allt að níu prósentum.

Gróft reiknað má gera ráð fyrir að tíu prósentu lækkun á gengi sem ekki gengi til baka ylli 25 þúsund króna hærra afborgun á ári af tíu milljón króna íbúðarláni. Þumalfingursregla sem notuð er á hagfræðisviði Seðlabankans segir að tíu prósentu viðvarandi gengislækkun fylgi fjórum prósentum hærra verðlag til lengri tíma lítið. Áhrif lækkandi gengis geta því verið töluverð á fjárhag heimilanna, sem sum hver skulda tugmilljónir og eru jafnvel líka með dýr bílalan í erlendri mynt. „Þarna eru hins vegar óvissuþættir og þróunin fer dálítið eftir væntingum á markaði og hvar menn eru staddir í hagsveiflunni,“ segir Þórarinn G. Pétursson, deildarstjóri rannsóknardeildar hagfræðisviðs Seðlabankans.

Ingvar Arnarson, sérfræðingur á greiningardeild Íslandsbanka, segir áhugavert að fylgjast með hvort gengissveiflan leiði til minni útgáfu krónubréfa, því einhverjir fjárfestar sjái nú fram á gengistap. „Og það gæti ýtt undir frekari lækkun krónunnar,“ segir hann. Útgáfa erlendra skuldabréfa í krónum er einn þeirra þátta sem hafa ýtt undir styrka stöðu krónunnar. „En nú hefur markaðurinn róast aðeins og meiri gengislækkun þyrfti að koma til að hafa veru-



Á FUNDI UM GENGISMÁL Í JANÚARLOK Á fremsta bekk á fundi Hagfræðistofnunar sitja Arnór Sighvatsson, aðalhafnir Seðlabankans, Þórarinn G. Pétursson, deildarstjóri í bankanum, og Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

leg áhrif á efnahagsástandið,“ segir hann og bætir við að langtímaspá greiningardeildarinnar varðandi styrivexti Seðlabanka sé óbreytt.

Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar, telur ekki ástæðu til annars en að ætla að gengið muni jafna sig.



INGVAR ARNARSON Ingvar er sérfræðingur á greiningardeild Íslandsbanka.

Hann segir áhrif gengislækkana hins vegar tiltölulega fljót að skila sér inn í vísitölumælingar.

Tryggvi segir ekkert nýtt hafa komið fram sem réttlæti gengishrun nú, sérfræðingar hafi þegar verið búnir að nefna alla þá hluti sem fram komi í nýju lánshæfismati Fitch á íslenska ríkinu. „En sú frétt kemur inn á svoltið spennan markað og álit þessarar stofnunar vegur þyngra í umræðunni en einstakra sérfræðinga,“ segir hann og telur titring á markaði nú endurspeglar viðbrögð smærri fjárfesta sem keypt hafi hlutabréf síðustu mánuði eða tekið stöðu með krónum í litlum upphæðum. „Núna losa allir stöðuna á sama tíma og þá kemur smávægilegur óróleiki á markaðinn.“

olikr@frettabladid.is

Umræður um viðvörðun Fitch Ratings á Alþingi í gær:

Gult spjald á ríkisstjórnina

ALÞINGI Staðan í efnahagsmálum þjóðarinnar kom til umræðu á Alþingi í gær. Málshefjandi var Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna, og benti hann á að krónan hefði fallið um níu prósent og hlutabréf lækkað mikið síðustu daga í framhaldi af alvarlegri viðvörðun Fitch Ratings.

Ögmundur sagði að þau skilaboð hefðu komið fram að breyting yrði á lánshæfismati Íslands. Teikn um hættuástand hefðu hrannast upp og grípa yrði til viðtækra ráðstafana til að komast hjá kollsteypu. Kristján L. Möller, þingmaður Samfylkingar, sagði að ríkisstjórnin hefði fengið gula spjaldið.

Hjálmar Arnason, þingmaður Framsóknarflokks, sagði að það tæki á að vera á toppi efnahagsveiflu en lánshæfismat Íslands væri hátt, svo yrði áfram og ekki

mætti oftúlka mat Fitch Ratings. „Menn hafa áður spáð þessu en sá spádómur reyndist ekki réttur og við fengum hina frægu mjúku lendingu,“ sagði hann.

Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingar, taldi ástæðu til að taka aðvörðunarorð frá markaðnum alvarlega. „Hin mjúka lending 2001 var nú stiga verðbólga. Hvergi í þróun ríki leyfði forsætisráðherra sér að lýsa yfir að nærri tíu prósentu verðbólga væri mjúk lending,“ sagði hann. - ghs

HELGI HJÖRVAR „Hvergi í þróun ríki leyfði forsætisráðherra sér að lýsa yfir að nærri tíu prósentu verðbólga væri mjúk lending,“ sagði Helgi Hjörvar á Alþingi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Er rúmið óþægilegt?
Góð yfirdýna gerir gæfumuninn

LYSTADÚN
Marco

Opíð virka daga: 10–18, lau: 11–15 Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500



KRONAN

VIRK SAMKEPPNI

Virk
Sam-
keppni

275

Borgarnes
Saltkjöt
blandað

kr./kg.

Mikið úrval af
saltkjöti

76

saltaðir
síubitar

kr./kg.

30%
afsláttur

Myllu bollur
m/ súkkulaði

329

kr./pk.

Myllu vatnsdeigsbollur
m/ súkkulaði

329

kr./pk.

Myllu vatnsdeigsbollur
litlar

299

kr./pk.

Grims fiskibollur

318

kr./pk.

Fitty brauð
gróft

99

kr./pk.

Gulrætur

78

kr./kg.

Krónu
appelsínusafi

158

kr./1l.

Krónu ís
2 lítrar

199

kr./2l.

Meira
úrval

Laukur

29

kr./kg.

Rófur

99

kr./kg.

ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 22.2.2006

KAUP SALA

Bandaríkjadalur	68,84	69,16
Sterlingspund	119,8	120,38
Evra	81,71	82,17
Dönsk króna	10,948	11,012
Norsk króna	10,144	10,204
Sænsk króna	8,696	8,746
Japanskt jen	0,5791	0,5825
<hr/>		
SDR	98,66	99,24

Gengivísitala krónunnar
114,9475

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skór hafa verið teknir ófrjálsri hendi í sundlaugum á höfuðborgarsvæðinu:

Skópör hverfa í stórum stíl

ÞJÓFNAÐUR Töluvert hefur verið um þjófnað á skóm að undanförunum í sundlaugum á höfuðborgarsvæðinu og hefur starfsfólk sundlauga nokkrar áhyggjur af því að um farald sé að ræða.

Um síðastliðna helgi hurfu nokkur pör af skóm í Salalaug í Kópavogi en sérstaklega eru það nýjar skótegundir, sem eru í tísku, sem þjófarnir ásælast.

Guðmundur Harðarson, umsjónarmaður Salalaugar, segir því miður algengt að skór gesta í sundlauginni í Versölum í Kópavogi hverfi en brýnir þó fyrir fólk að taka skóna með sér inn í klefa. „Það er erfitt að eiga við

þessa þjófnaði. Nokkur pör hurfu um síðustu helgi. Við reynum að hafa eftirlit með þessu en auðvitað er erfitt að fylgjast með svona löguðu.

Þetta gengur svolítið í bylgjum. Ef þetta eru sérstakir tiskuskór er mun líklegra að þeir séu teknir. Annars hafa gestir hjá okkur kost á því að taka skóna með sér inn í klefann og ég hvet alla til þess að gera það.“

Ekki hefur enn verið gripið til sérstakra aðgerða vegna þeirra skóhverfa sem upp hafa komið en fólk er beðið að huga vel að því hvernig það gengur frá skónum sínum í sundlaugum.

- mh



AÐSTAÐA ALMENNINGS Í SALASUNDLAUG Algengt er að skópör hverfi úr skóhillum í sundlaugum en sérstaklega eru það tiskuskór, fyrir ungt fólk, sem vinsælir eru hjá þjófunum.

Forstöðumaður hjá VR:

Hreyfanleiki fólks meiri nú

VINNUMARKAÐUR Elías Magnússon, forstöðumaður kjaramálasviðs hjá VR, segir að hreyfanleiki fólks á vinnumarkaði hafi verið miklu meiri síðustu tvö árin en áður og menn nái síður auknum rétti vegna þessa.

„Þetta tengist því oft hvaða laun er borguð. Því lakari sem kjörin eru, þeim mun meiri hreyfanleiki er á vinnumarkaðnum. Vinnuveitandi sem borgar góð laun fær hollustu í staðinn,“ segir hann.

Elías bendir á að vinnuveitandinn eigi rétt á að sækja bætur ef launþegi hættir fyrirvaralaust.

- ghs



KIRKJUR BRENNÐAR Maður gengur hjá kirkju sem múslimamúgur brenndi í Norður-Nígeríu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Múhameðsteikningafárið:

Múslimar og kristnir myrtir

NÍGERÍA, AP Múgur múslima og kristinna gekk berserksgang um tvær borgir í Nígeríu á þriðjudag með þeim afleiðingum að 24 manns að minnsta kosti lágu í valnum. Óeirðirnar fylgdu í kjölfar ofbeldisfullra mótmæla múslima um helgina vegna skopteikninganna af Múhameð spámanni.

Í borginni Bauchi í norðurhluta landsins, þar sem flestir íbúar eru múslimar, elti múgur kristna menn uppi og barði átján þeirra til bana, að sögn talsmanns Rauða krossins á svæðinu.

Í suður-nígerísku borginni Onitsha, þar sem flestir íbúar eru kristnir, þjarmaði múgur að múslimum og brenndi tvær moskur. Að minnsta kosti sex múslimar létu lífið í þeim átökum.

- aa

GRÆNLAND

Grunaður um fjádrátt Forstjóri ríkisfyrirtækisins Great Greenland er grunaður um fjádrátt. Honum hefur verið víkið úr starfi tímabundið og er rannsókn hafin, að sögn fréttavefsins skip.is. Great Greenland hefur viðskipti með selskinn á sinni könnu.

LEIÐRÉTTING

Rangt var farið með nafn Jóns Þórs Ólasonar, sérstaks aðstoðarmanns setts saksóknara í Baugsmálinu, í myndatexta á forsiðu blaðsins í gær.

Mladic frjáls í Serbíu að sögn del Ponte

Aðsaksóknari stríðsglæpadómstóls SP í Haag, Carla del Ponte, segir ekkert hæft í fréttum þess efnis að handtaka Ratko Mladic sé á næsta leiti. Þó sé hann í Serbíu. Hún hvetur til aukins alþjóðlegs þrýstings á serbnesk stjórnvöld.

SERBÍA-SVARTFJALLALAND, AP Ratko Mladic, fyrrverandi yfirhershöfðingi Bosníu-Serba, er í Serbíu en samt frjáls ferða sinna, að því er Carla del Ponte, aðsaksóknari stríðsglæpadómstóls Sameinuðu þjóðanna í Haag, sagði í gær.

Hún sagði að serbneskir embættismenn hefðu tjáð sér að engar samningaviðræður stæðu yfir um að hann gæfi sig fram. Fulltrúar öryggisvirkvalda í Belgrad fullyrta samt sem áður í gærkvöldi að vitað væri hvar Mladic væri niðurkominn og víst væri verið að semja um að hann gæfi sig fram. Háttsettur öryggisfulltrúi sagði að komið hefði verið á beinum tengslum við Mladic og verið væri að semja um að hann hætti flóttanum. „Gefi hann sig ekki fram munum við gera allt sem í okkar valdi stendur til að framselja hann,“ til Stríðsglæpadómstólsins í Haag, tjáði fulltrúinn AP-fréttastofunni með því skilyrði að nafns hans yrði ekki getið. Talsmenn ríkisstjórnarinnar ítrekuðu hins vegar að engin slík aðgerð stæði yfir.



CARLA DEL PONTE Aðsaksóknari Stríðsglæpadómstóls SP í Haag.

Mjög misvísandi fréttir hafa borist síðustu daga um afdrif Mladic. Hann er einn hinna eftirlýstu meintu stríðsglæpamanna sem mest áhersla hefur verið lögð á að handsama. Mladic stýrði



MISVÍSANDI FRÉTTIR „Mladic umkringdur“ segir í forsiðufyrirsögn þessa dagblaðs á blaðsölu í Belgrad í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

hinu blóðuga umsátri um Sarajevo 1992-1995 og fjöldamorðinu í Srebrenica, þegar hátt í 8.000 múslimar voru stráfelldir, karlmenn og unglingar.

„Enginn fótur er fyrir þeim ranga orðrómi sem barst frá Belgrad í gær um meinta handtöku Mladic,“ sagði del Ponte á blaðamannafundi í Haag. Oftsinnis áður hefur sá kvittur komist á kreik að tekist hafi að handsama Mladic.

Del Ponte hvatti Evrópusambandið til að auka enn á þrýstinginn á serbnesk stjórnvöld að hafa uppi á og framselja Mladic. Lagði

hún til að sambandið neitaði að undirrita samstarfssamning við Serbíustjórn - sem er einn fyrsti áfanginn að því að undirbúa inngöngu landsins í ESB. Til hefur staðið að leggja lokahönd á þennan samstarfssamning fyrir lok þessa árs.

„Ég þarf nú á auknum stuðningi Evrópusambandsins að halda til að fá Mladic sendan til Haag sem fyrst. Skýrir frestir og afdráttarlausar refsiaðgerðir munu leiða fljótt til árangurs,“ sagði hún.

audunn@frettabladid.is

FERMINGARGJÖFIN

Ný ensk orðabók

með hraðvirku uppflettikerfi



Ný og endurbætt ensk-íslensk/íslensk-enskt orðabók með hraðvirku uppflettikerfi er komin út.

Bókin hefur að geyma 72.000 uppflettiorð og var sérstaklega hugað að fjölgun orða í tengslum við tækni, vísindi, tölvur, viðskipti og ferðalög.

Hún spannar því fjöldamörg svið og nýlist vel hvort sem er á heimili, vinnustað, í skóla eða bara hvar sem er.

Orðabókin er 932 bls. í stóru broti og innbundin í sterkt band.

Kynningarverð: 8.800 kr.



ORÐABÓKAÚTGAFAN


VEÐURSPÁ

um hádegi >>

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

HÆGVÍÐRI
Gangi spár eftir er útlit fyrir hægviðri fram yfir helgi með tiltölulega mildu veðri. Þetta þýðir að það gæti orðið skýjað með ströndum og jafnvel einhver væta. Engu að síður er ekki annað hægt að segja en að horfur næstu daga séu afar hagstæðar til alls kyns verka, ekki síst þar sem dagur er orðinn þokkalega langur. Allir út að bauka eitthvað!!


HÖFUÐBORGIN Í DAG
Hæg breytileg átt og úrkumulíti eða úrkomulaust. Hiti 3-6 stíg.



>> á morgun



>> laugardagur



* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Sölusýning laugardaginn 25. febrúar frá kl. 10 - 16



Léttbyggð hjólhýsi

Niewiadow hjólhýsin frá Póllandi hafa getið af sér gott orð fyrir einfaldleika og hagkvæmni í rekstri. Vegna hagstæðra samninga við framleiðendur geta margir látið gamlan draum rætast með því að flytja sig af grasinu og upp í þægilegt hjólhýsi og látið fara vel um sig í margbreytilegu Íslensku veðurfari.

Helstu málsetningar:

lengd á húsi	305 cm
breidd	195 cm
hæð	181 cm
þyngd.	750 kg

Verð og búnaður

Gerð	Fjöldi	Búnaður	Verð með vsk.
N-126 N	3 fullorðnir + 1 barn	Gashellur + vaskur + ískápur + hitari	1.050.000
N-126 NT	2 fullorðnir	Gash. + vaskur + ískápur + hitari +wc	1.100.000
N-126 NTL	3 fullorðnir	Gash. + vaskur + ískápur + hitari +wc	1.150.000



Niewiadow hjólhýsi frá kr. 1.050.000.-

Hjólhýsi á ótrúlegu verði!

Yuchai vinnuvélar á frábæru verði



Kerrur með uppákeyrslubúnaði


Jeppakerrur – fólksbílakerrur – bílaflutningakerrur og kerrur með uppákeyrslubúnaði fyrir smávélar og mótörhjól.



Velkominn í nýja verslun og sýningasal

VÉLAR:ÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is



KJÖRKASSINN

Ætlar þú í utanlandsferð í sumar?

Já	62%
Nei	38%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Heldur þú að efnahagsástandið fari versnandi?

Segðu þína skoðun á visir.is



Átök magnast milli sjá og súnnía í Írak:

Varað við borgarastyrjöld

ÍRAK, AP Ókunnir árásarmenn í lögreglubúningum sprengdu í gærmorgun tvær sprengjur í einni frægustu sjámosku Íraks, Askariya í Samarra-borg. Skemmdist gullslegið hvolfþak moskunnar mikið í árásinni.

Dótt enginn hafi lýst yfir ábyrgð á árásinni töldu margir sjáar að öfgafullir súnníar úr samtökum á borð við al-Kaída hefðu staðið á bak við hana.

Í kjölfarið flyktust tugþúsundir sjáar út á götur fjölmargra borga í Írak og mótmæltu árásinni, sem var sú þriðja á sjáamúsliða á jafn mörgum

dögum. Minnst 34 manns hafa fallið í árásunum.

Jalal Talabani, forseti Íraks, varaði við borgarastyrjöld og leiðtogar sjáa skorðu á fólk að halda stillingu sinni, en án árangurs. Í hefndarskyni báru sjáar eld að einum helgasta stað súnnía í útjaðri Basra síðdegis í gær og réðust jafnframt að 29 moskum víðs vegar um landið.

Lögreglan taldi líklegt að einhverjir sjáar hefðu grafit inni í Askariya-moskunni þegar hluti hennar hrundi, en engin fórnarlömb höfðu fundist í gærkvöld.

- smk



SPRENGINGUM MÓTMÆLT Sjáamúsliðar í Írak flyktast út á götu í gær til að mótmæla sprengingu í gærmorgun sem skemmdi eina helgustu mosku sjáa í Samarra.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Múhameðsteikningamálið:

Teiknararnir njóta verndar

DANMÖRK, AP Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, sagði á þriðjudag að dönsk stjórnvöld hefðu „gripið til allra nauðsynlegra ráðstafana“ til að vernda teiknarana sem gerðu teikningarnar umdeildu af Múhameð. Fogh varði jafnframt hvernig ríkisstjórn hans hefði brugðist við fátinu sem málið hefur valdið.

Fogh Rasmussen sagðist harma að múslimar um allan heim hefðu mótgast vegna teikninganna tólf, sem fyrst birtust í Jótlandspóstinum í september, en ítrekaði að ekki væri hægt að gera ríkisstjórnina ábyrga fyrir því sem frjálsir fjölmiðlar gerðu. ■

Skóflustunga við Smáratorg:

Hæsta hús á Íslandi til þessa

KÓPAVOGUR Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, tekur á föstudaginn skóflustungu að 20 hæða skrifstofu- byggingu á suðvesturhluta lóðar Smáratorgs í Kópavogi. Byggingin verður hæsta hús á Íslandi eða tæpir 78 metrar á hæð en Hallgrímskirkjurn er um 74 metrar.



GUNNAR I. BIRGISSON Bæjarstjóri í Kópavogi, Gunnar I. Birgisson, tekur skóflustungu að hæsta húsi á Íslandi á morgun.

Þá er Smáratorg að fara að byggja tæplega 40 þúsund fermetra verslunarhús við Vesturlandsveg. Framkvæmdirnar hefjast í mars. Smáratorg hefur einnig fest kaup á lóðum á Sel-fossi og í Reykjanesbæ og ætlar að byggja um 20 þúsund fermetra verslunarmiðstöðvar á hvorum stað.

- ghs

Hafnarfjörður:

Heimili fyrir heilabílaða

HEILBRIGÐISMÁL Heimili fyrir heilabílaða hefur verið tekið í notkun í Hafnarfirði. Það verður rekið fyrir framlag á fjárlögum.

Það er Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma sem rekur heimilið. Þar er dagvistar-rými fyrir tuttugu heilabílaða, með heimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Jóns Kristjánssonar.

Félagið leigir húsnæðið Drafnarhús í Hafnarfirði, undir starfsemi, en gert er ráð fyrir 41 milljónar króna framlags af fjárlögum ársins til rekstursins. - jss



VINNUSÍÐFERÐI OG AFKÖSTUM HEFUR HRAKAD Jósef Kristjánsson, eigandi Bónstöðvarinnar Hjá Jobba, segir að vinnusíðferði og afköstum Íslendinga hafi hrakad bagalega og ætlar að auglýsa eftir starfskrafti í Lettlandi. Hann segir erfiðara að fá fólk þaðan en áður vegna þess hve illa mörg íslensk fyrirtæki hafi farið með starfsmenn frá Eystrasaltslöndunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nýtilegir menn fást tæpast til starfa

Aldrei hefur verið jafn erfitt að fá fólk í vinnu og síðustu fimm árin. Afköst og vinnusíðferði hefur versnað til muna. Enginn segir upp, menn láta sig hverfa.

VINNUMARKAÐUR Starfsmannaveltan er gríðarleg og aldrei hefur verið jafn erfitt að fá fólk í þjónustugeiranum, að mati Jósefs Kristjánssonar, eiganda Bónstöðvarinnar Hjá Jobba. Þetta á einkum við um störf þar sem launin eru hvað lægst.

Jósef hefur sjö til átta menn í vinnu en hefur átt erfitt með að manna þau störf síðustu fimm ár. Hann segir að starfsmannaveltan hjá sér hafi verið tæplega 30 í fyrra. Hann hefur starfað sjálfstætt frá 1985.

„Áður fyrr réð maður Íslendinga í vinnu og þeir mættu á morgnana á réttum tíma, veikindi voru fátið og þeir voru mánuð eftir mánuð og jafnvel ár eftir ár í starfi,“ segir Jósef.

Síðustu fimm árin hafa nýtilegir menn varla fengist til starfa. Jósef segir að þeir sem fáist kunni

yfirleitt ekki á klukku og eigi erfitt með að mæta á réttum tíma á morgnana. Veikindi séu tíð og þeim finnst ekkert að því.

„Þeir skila kannski 50-60 prósentu vinnu og skilja svo ekki neitt í neinu ef það er dregið af launum þeirra. Þeir hóta bara að klega mann fyrir verkalýðsfélaginu,“ segir hann.

Jósef bendir líka á að Íslendingar séu hættir að segja upp störfum þegar þeir hætti. „Annað hvort hætta þeir að mæta eða tilkynna veikindi og sjást ekki meir. Svo situr maður og bíður. Þegar vika er liðin þá er maður farinn að átta sig en á meðan eru hendurnar bundnar og maður getur lítið gert.“

Jósef hefur fengið starfsmenn að utan og kveðst þá hafa áttað sig á því hvað vinnusíðferði sé og að afköst séu léleg hér á landi. „Það

er ekki af því að Íslendingar séu latir til vinnu. Þeir eru bara ekki í vinnunni. Ef maður hefur tíu manns í vinnu eru bara níu við störf hverju sinni. Þess vegna leita fyrirtækin út fyrir landsteinana,“ segir hann.

Jósef ætlar að auglýsa eftir starfskrafti í Lettlandi á næstunni. Hann segir að það borgi sig margfalt. Sú staða sé hins vegar komin upp að erfiðara sé að fá menn frá Eystrasaltslöndunum en fyrir ári síðan.

„Það hefur spurst til þessara landa hveru illa mörg íslensk fyrirtæki hafi farið með þessa menn. Þeir koma hingað til að vinna fyrir fjölskyldum sínum og svo sjáum við sóma okkar í því að ræna þetta fólk sem á minna en við með því að borga því undir samningum,“ segir hann.

ghs@frettabladid.is

Bæjarstjórn Stykkishólms:

Vill láta laga hættulegan veg

SAMGÖNGUMÁL Bæjarstjórn Stykkishólms skorar á Vegagerðina að endurgera Stykkishólmsveg þar sem vegurinn sé beinlínis hættulegur og standi atvinnulífi í bænnum fyrir þrifum.

Um afleggjara frá Skógarströnd að Stykkishólmi er að ræða og eru þungatakmörkanir algengar á þessum vegarkafli, sem hefur slæm áhrif á atvinnulífið vegna stórauðinna þungaflutninga til og frá bænnum. - aðe



LEITARFLOKKAR Leitarastaða er afar slæm á Filippseyjum þar sem aurskríða þurrkaði út þorp á föstudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Enn leitað í aurskríðu:

Ólíklegt að fleiri finnist

FILIPPSEYJAR, AP Í gær var reynt að nota stórtækar vinnuvélar við uppgröft í aurnum sem þurrkaði út bæinn Guinsaugon á Filippseyjum á föstudag, en öll von um að fleiri myndast á lífi var svo gott sem úti.

Á mánudag heyrðust hljóð berast frá stað þar sem talið var að barnaskóli bæjarins hefði staðið og hafist var handa við að grafa þar, en afar erfitt reyndist að eiga við 35 metra þykkann aurinn. Líklegt þykir að hljóðin hafi stafað af því að gljúp leðjan var að setjast. Að sögn yfirvalda hafa 107 fundist látnir og um 1.000 manns er saknað. - smk

Hæstbjóðendur í parhúsaloðir í Úlfarsfelli líka byggingaverktakar:

Buðu hæst í 28 af 43 lóðum

SKIPULAGSMÁL Tveir þeirra sem áttu hæstu kaupþilboð í 28 af 43 parhúsaloðum í Úlfarsfelli reka byggingarfyrirtæki, rétt eins og sá sem bauð í allar einbýlishúsaloðirnar. Annar þeirra, Bjarni Tómasson, segir að þeir bíði eftir niðurstöðu borgaryfirvalda áður en þeir taki ákvörðun um framhaldið.

Tilboð þeirra námu frá tæpum 20,3 milljónum til tæplega 27,6 milljóna. Aðrir tveir umsækjendur sem áttu hæsta tilboð í ellefu lóðir geta valið úr þeim fá þeir aðeins að kaupa eina. Í hvorugan þeirra náðist og því ekki staðfest hvort þeir séu einnig í byggingariðnaðinum. Tilboðin ellefu námu öll tæpum 20,2 milljónum.

Eiríkur Elís Þorláksson, lögmaður með sérfræðipækkingu í útboðsrétti, segir óvarlegt af borginni að hafna tilboðum manna. Taka hefði átt fram í útboðsgögn-



ÚLFARSFELL 313 buðu í lóðirnar 120. Einn átti efsta boðið í allar utan einnar einbýlishúsaloðarinnar. Tveir buðu saman hæst í 28 af 43 parhúsaloðum. ÞK Verk átti hæsta boð í 15 af 24 fjölbýlishúsaloðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL

um að einungis væri gert ráð fyrir einni lóð á hvern umsækjanda.

„Hæstiréttur hefur lítið svo á að sveitarfélög séu bundin af þeim forsendum sem þau gefa í útboðsskilmálum. Í þessu tilviki er ekkert þar sem heimilar að tilboðum sé hafnað á þessari forsendu,“ segir Eiríkur. „Hins vegar

er gert ráð fyrir að hægt sé að bjóða í fleiri en eina lóð og leyflegt að falla frá tilboðum fáir menn fleiri en eina, en þeim er ekki skylt að gera það.“ Hann segir þá sem taka þátt í útboði verða að geta áttað sig á þeim leikreglum sem gilda með því að lesa útboðsskilmálana. - gag

MESTA NÁMSFRAMBOÐ LANDSINS



NÁMSKYNNING Í HÁSKÓLA ÍSLANDS

26. FEBRÚAR

www.hi.is

SHISEIDO

The Makeup



NÝJU VOR- OG SUMARLITIRNIR SPENNANDI NÝJUNGAR

Nýju vor- og sumarlitirnir frá SHISEIDO verða kynntir ásamt fleiri spennandi nýjungum dagana 23.-25. febrúar í Hagkaupum Kringlu, Smáralind og Skeifu.

Verið velkomnar og þiggið ráðgjöf og förðun.

Nýir varalitir með miklum gljáa: 6 litir
Nýir tvöfaldir augnskuggar: 6 litir

3 nýjungar í Benefiance línunni:

- Pure Retinol andlitsmaski sem vinnur gegn hrukum
- Einstaklega virkt augnkrem
- Hálskrem sem sléttir og þéttir

Ný viðbót við Body Creator líkamslínuna:

- Krem á barm og bringu sem styrkir og mótar.

Glæsilegur kaupauki*

Ef keyptir eru 2 hlutir í Shiseido fylgir Love snyrtibudda sem inniheldur The Skincare hreinsifroðu 30ml og The Skincare andlitsvatn 30ml.



*Á meðan birgðir endast

Gildir 23.-25. febrúar á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Stemmtilegast að versla

Mannréttindasamtök rannsaka lát fanga í búðum Bandaríkjahers:

Morð á föngum lítt könnuð

ÍRAK, AP Nærri 100 fangar hafa týnt lífi í bandarískum fangabúðum í Írak og Afganistan síðan árið 2002 og voru fjölmargir þeirra pyntaðir til dauða. Þó hefur gerendunum eingöngu verið hegt í 12 tilvikum af 34 staðfestum eða grunuðum morðum og lengsti fangelsisdómur bandaríks hermans fyrir að hafa pyntað fanga til dauða er fimm mánuðir. Þetta kemur fram í skýrslu bandarísku mannréttindasamtakanna Human Rights First sem út kom í gær.

Auk þessa hefur aldrei verið tilkynnt um banamein nærri helmings þeirra 98 fanga sem látist hafa í bandarískum fangabúðum

síðan 2002 og sjaldan er ákært jafnvel þótt grunur leiki á manndrápi, segir í skýrslunni. Talsmaður Human Rights First segist sannfærður um að upplýsingar samtakanna séu áreiðanlegar.

Talsmenn bandaríska varnarmálaráðuneytisins segjast samviskusamlega rannsaka öll mál sem upp komi þar sem grunur leiki á að fangar hafi verið pyntaðir, sem og grunsamlega dauðdaga fanga. „Um 250 manns hefur verið hegt á einn eða annan hátt,“ sagði Donald Rumsfeld, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, í síðasta mánuði um misþyrmingar bandarískra hermanna á föngum.



ABU GHRAIB Bandarískur hermaður við störf í Abu Ghraib-fangelsinu í Írak.

NORDICPHOTOS/AFP

Milljónamiðar

leynast

enn á

sölustöðum.

Finnur þú þann næsta?

Gerir lífið meira spennandi

HAPPA
PRENNAN

Blair telur líklegt að Bretar taki upp evru

Evrópumál, varnarmál og fjárfestingar Íslendinga í Bretlandi voru til umræðu á fundi Halldórs Ásgrímssonar og Tonys Blair í Lundúnum í gærmorgun. Þrjátíu ár eru liðin síðan íslenskur forsætisráðherra kom síðast í Downing-stræti 10.

STJÓRNMÁL Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, lýsti miklum áhuga á stöðu Íslands í Evrópumálum á fundi hans og Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra í gær. Blair telur líklegt að Bretar taki upp evru ef ástand efnahagslífs álfunnar batnar, en það er að mati hans helsta viðfangsefni Evrópusambandsríkjanna eftir að ekkert varð úr að stjórnarskrá sambandsins fengi samþykki.

„Blair sagði að við núverandi aðstæður þjónaði það ekki hagsmunum Breta að vera hluti af evrópska myntbandalaginu,“ sagði Halldór Ásgrímsson eftir fundinn í gær. „En ef endurskipulagning efnahagslífsins tækist vel væri líklegt að Bretar myndu verða hluti af því í framtíðinni.“

Halldór upplýsti Blair um ganginn í viðræðum Íslands og Bandaríkjanna um varnarmál og voru forsætisráðherrarnir sammála um að öryggismál á Norður Atlantshafi þurfi að vera traust og að varnir á Íslandi verði með líkum hætti og í öðrum Atlantshafsbandalagslöndum.

Halldór, sem er öðrum þræði í Lundúnum til að heimsækja íslensk fyrirtæki sem hafa haslað sér völl í Bretlandi, segir fjárfestingum Íslendinga afskaplega vel tekið og að Blair sé kunnugt um þær. Þá segir hann breskan starfsbróður sinn hafa kannast vel við Eid Smára Guðjohnsen, knattspyrnumann hjá Chelsea.

Íslenskur forsætisráðherra hefur ekki komið í Downing-stræti 10, bústað forsætisráðherra Bretlands, síðan Geir Hall-



HEILSAST VIÐ NÚMÉR TÍU Tony Blair og Halldór Ásgrímsson voru glaðbeittir fyrir utan bústað forsætisráðherra Bretlands við Downing-stræti tíu fyrir fund þeirra í gærmorgun.

grímsson og Harold Wilson ræddust við um þorskastríðið í febrúar 1976. Halldór segir að gaman hafi verið að koma í þetta sögufraða hús. „Hann fór meðal annars með mig í ríkisstjórnarherbergið og mér fannst húsið allt miklu stærra en hurðin gefur tilfni til að ætla.“

Eftir fundinn með Blair hélt

Halldór erindi um fjárfestingar íslenskra fyrirtækja í Bretlandi á hádegisfundum sem KB banki stóð að. Þá kynnti hann sér starfsemi fyrirtækja í eigu Baugs og sá svo leik Chelsea og Barcelona í Meistaradeild Evrópu í gærkvöldi. Halldór mun heimsækja fleiri íslensk fyrirtæki í Lundúnum í dag og á morgun.

bjorn@frettabladid.is

Viltu stofna fyrirtæki?



Hnitmiðað námskeið um félagaform, skattlagningu fyrirtækja, frádráttarbæran rekstrarkostnað, ábyrgð stjórnenda o.fl.

Námskeiðið skiptist í þrjú hluta og geta þátttakendur valið um:

1. Síðdegisnámskeið

Kennt þriðjud. 28. feb., 7. og 14. mars kl. 17:20 að Hallveigarstíg 1, Reykjavík

2. Morgunnámskeið

Kennt 2., 7. og 9. mars kl. 8:30-11:30 í Húsi verslunarinnar, 2. hæð, Reykjavík

Boðið verður upp á léttar veitingar í hléi. Verð 25.000 kr.

Leiðbeinandi er Anna Linda Bjarnadóttir, héraðsdómslögmaður, LL.M VR og fleiri félög styrkja félagsmenn sína til þátttöku á námskeiðinu.

Sjá námskeiðslýsingu á www.isjuris.is

Nánari upplýsingar og skráning í sínum

520-5580, 520-5588, 894-6090 eða á alb@isjuris.is

Séður hermaður í Japan:

Stal til að sleppa við Írak

JAPAN, AP Japanskur hermaður hefur verið leystur tímabundið frá störfum fyrir búðarþjófnað. Fyrir flesta japanska hermenn væri þetta mikill ærumissir, en liðþjálfari þessi er væntanlega síður en svo miður sín yfir ákvörðuninni.

Að því er Kyodo-fréttastofan greinir frá sagði liðþjálfinn lögreglu nefnilega að hann hefði ákveðið að fremja glæpin eftir að hann komst að því að senda átti hann til Íraks.

Hann stal því vörum fyrir um sex þúsund krónur úr verslun og var í kjölfarið leystur frá störfum í 40 daga.

Japanar hafa sent yfir fjögur hundruð herflokka til Íraks, en kannanir sýna að flestir Japanar eru uggandi um öryggi hermanna sinna þar.

- smk



Fer allan hringinn

Nýtt greiðslukort fyrir bílinn. Sæktu um á www.esso.is

Viðskiptakort



Viðskiptakort ESSO er nýtt greiðslukort ætlað fyrirtækjum og einstaklingum. Korthafar geta notað Viðskiptakortið á yfir 100 stöðvum um allt land og tryggt sér afslátt af eldsneyti og vörum. Auk þess njóta korthafar ýmissa fríðinda og geta fylgst náið með rekstri bílsins á fullkomnum þjónustuvef Viðskiptakortsins. Kynntu þér Viðskiptakort ESSO á www.esso.is.



Keyrðu á einu korti!

Afsláttur af eldsneyti

Fullkominn þjónustuvefur

Yfir 100 þjónustustöðvar um allt land

Ekkert PIN-númer

AMSTERDAM – HEIM FRÁ LONDON



TIL AMSTERDAM – HEIM FRÁ LONDON

NÝTT – OPIN FERÐ

Nú er hægt að bóka NETSMELL til eins áfangastaðar og heim frá öðrum. Þetta gildir um alla áfangastaði Ícelandair í Evrópu og Bandaríkjunum. Af því tilefni bjóðum við flug til Evrópu á sérstöku tilboðsverði.

FLUG 19.900 KR.

Sölutímabil til 24. febrúar.

TAKMARKAÐ
SÆTAFRAMBOÐ.

ICELANDAIR
www.icelandair.is



Arabískt fyrirtæki vill reka bandarískar hafnir:

Bush vill fá araba í rekstur

BANDARÍKIN, AP George W. Bush Bandaríkjaforseti lýsti því yfir á þriðjudag að hann myndi beita neitunarvaldi ef þingið reyndi að hindra arabískt fyrirtæki í því að sjá um rekstur sex stærstu hafna Bandaríkjanna.

Hann hótaði þessu í kjölfar yfirlýsingar Bills Frist, leiðtoga repúblikana í öldungardeildinni, sem sagðist myndu stöðva söluna á rekstri hafnanna með lögum. Málið er orðið að alvarlegu deiluefni milli Bush og öldungadeildarþingmanna úr röðum repúblikana.

Stórt ríkisrekið fyrirtæki frá Sameinuðu arabísku furstadæm-

unum hefur boðið í rekstur bandarísku hafnanna, sem eru í New York, New Jersey, Philadelphiu, Baltimore, New Orleans og Miami.

Andstæðingar sölunnar hafa sagt að líkur bendi til þess að hryðjuverkamennirnir sem skipulögðu árásirnar á Bandaríkin árið 2001 hafi haft bækistöð í Sameinuðu arabísku furstadæmunum.

Bush og stuðningsmenn hans halda því hins vegar fram að salan ógni ekki öryggi bandarísku þjóðarinnar. Bush hefur ekki fyrr beitt neitunarvaldi á þeim sex árum sem hann hefur setið á forsetastóli.



MIAMI-HÖFN Ein hafnanna sem arabíska fyrirtækið mun reka, ná tilögur George W. Bush fram að ganga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Suðurland uppfyllir öll skilyrði stóriðju

Á Suðurlandi er næg raforka og stuttar flutningaleiðir. Landrymi er mikið og nóg vinnuafli að hafa. Það eina sem vantar er stórskiphöfn, sem einróma samstaða er um að byggja skuli í Þorlákshöfn. Höfnin kostar fimm milljarða.

STÓRIÐJA Suðurland uppfyllir öll skilyrði fyrir orkufrekan iðnað. Þetta kemur fram í skýrslu sem Samtök sunnlenskra sveitarfélaga kynntu í gær og niðurstöðum nefndar um stóriðju á Suðurlandi.

Þorlákshöfn er helst nefnd til sögunnar sem hentugur staður undir álver vegna hafnarkosta en aðrir staðir koma einnig til greina ef græn stóriðja verður fyrir valinu. Ólfus þykir henta best, sama hvað framleitt verður.

Það helsta sem mælir með orkufrekum iðnaði á Suðurlandi að mati nefndarinnar er hversu orkuflutningur er hagstæður vegna landfræðilegrar legu. Á Suðurlandi fer stór hluti raforkuframleiðslu landsins fram og stórir raforkuframleiðendur skipuleggja nú frekari framleiðslu.

Aðrir kostir sem nefndir eru í skýrslunni eru að mikið af heitu og köldu vatni er fáanlegt, landrymi er mikið og umhverfisskilyrði góð. Einnig er nefnt að á Árborgarsvæðinu er gott aðgengi að vinnuafli og stoðþjónustu auk þess sem stutt er til höfuðborgarsvæðisins.

Það eina sem upp á vantar er



SVÆÐIÐ SEM UM RÆÐIR Hér má sjá helstu virkjanir og virkjunarmöguleika á svæðinu. Stuttar aðflutningsleiðir skipta mestu máli fyrir stóriðju á Suðurlandi.

stórskiphöfn en hana má að mati Siglingamálastofnunar auðveldlega byggja í Þorlákshöfn. Framkvæmdin myndi kosta allt að fimm milljarða að mati stofnunarinnar en rökinn fyrir því að ráðast í slíka framkvæmd eru þau að þetta sé lítill kostnaður miðað við stórt álver, sem kostar 100 til 150 milljarða króna fullklárað.

Kjartan Þ. Ólafsson, alþingismaður og formaður stóriðjunefndarinnar, segir að allar tegundir stór-

iðju komi til greina. Hægt sé að nota orkuna bæði í græna stóriðju og álver. Hann bendir á að hvergi hér á landi sé framleitt eins mikið af grænmeti og einmitt í Hveragerði og þar í kring. „Þá erum við að tala um stóriðju í grænmetisframleiðslu eins og þekkest í Evrópu,“ segir Kjartan. Ef hafnsækin starfsemi verður fyrir valinu eins og álframleiðsla segir Kjartan að Þorlákshöfn sé augljósasti kosturinn.

svavar@frettabladid.is

MJÓLKURVÖRUR
Í SÉRFLOKKI



Próteinríkt og fitulaust

Skyr.is er fitulaust en seðjandi. Það er próteinríkt og hentar vel þeim sem vilja byggja upp hraustan líkama.

Það fæst með mörgum spennandi bragðtegundum, bæði með og án viðbætts sykurs.



Tæknivörudagar aðeins í 3 daga í Borgartúni 29

GÓÐ TÖLVUKAUPALÁN.
TAKMARKAÐ MAGN
AF TÖLVUM!

Kauptu þér tölvu og veldu þér áfangastað!

Þú færð flugmiða* FRAM OG TIL BAKA með Icelandair í kaupbæti þegar þú kaupir þér Gateway eða HP tölvu.

Gildir í dag, föstudaginn 24. febrúar og laugardaginn 25. febrúar 2006.

ICELANDAIR 

Glasgow
Oslo
London
Kaupmannahöfn
Manchester
Amsterdam
Stokkhólmur
Frankfurt
París
Helsinki



*FLUGVALLARSKATTUR INNIFALINN!

**20% afsláttur af öllum prenturum
og blek- og dufthylkjum frá**





**Coca-Cola
light.**

Samlokur og sælgæti í boði!

ODDI

SKRIFSTOFUVÖRUR

Verslun Odda • Borgartúni 29 • Sími 515 5170 • Opíð virka daga 8-18 og laugardaga 11-16

x2

SMÁRABÍÓ

Bíó fyrir 2

Þegar þú verslar fyrir 5.000 kr. eða meira færð þú
boðsmíða fyrir 2 í Smárabíó eða Regnbogann í
kaupbæti. Miðinn gildir út árið 2006.*

* Gildir ekki í Lúxussal

REGNBOGINN

x2

x2



SNJÓKOMA Fallett var um að litast þegar snjór féll á laugardag í borginni Sjanghæi í Kína. Þar ríkir þó hlýjasti vetur í áratug.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hæstiréttur staðfestir úrskurð héraðsdóms um mál konu í nauðungarvistun:

Kona dæmd til að taka lyf

DÓMSMÁL Kona sem sætir nauðungarvistun á Fjórdungs-sjúkrahúsinu á Akureyri skal sæta þvingaðri lyfjagjöf að ráði lækna samkvæmt dómi sem féll í Hæstirétti í vikunni.

Hæstiréttur staðfesti þar með fyrri dóm Héraðsdóms Norðurlands eystra þar sem fallist var á þau rök forstöðulæknis geðdeildar FSA að óhjákvæmilegt hafi verið að meðhöndla konuna án lyfja og að án lyfjagjafar væri nauðungarvistun hennar með öllu gagnslaus. Var það mat lækna og forstöðumanns að konan væri hættuleg sjálfri sér og öðrum ef hún yrði útskrifuð án lyfjatöku auk þess sem mikil hætta



HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS Kona sem geðlæknar segja hættulega sjálfri sér og öðrum án meðhöndlunar hefur verið dæmd til þvingaðrar lyfjagjafar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

væri á að ástand hennar myndi versna og batalíkur minnka.

Þóttu þessi rök vega þyngra en sú staðhæfing konunar að þvinguð lyfjagjöf væri brot á persónufrelsi

hennar og friðhelgi einkalífs. Lögum samkvæmt má aðeins svipta menn persónufrelsi í ítrustu neyð og aðeins með stöð í lögum.

- aðe

Hátíðin Food & Fun sett:

Fer fram í fimmta sinn

HÁTÍÐIR Matarhátíðin Food & Fun var formlega sett í gær. Þetta er í fimmta sinn sem hátíðin er haldin en henni er ætlað að kynna gæði íslenskra matvæla.

Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra og Jón Karl Helgason, forstjóri Icelandair, settu hátíðina í þetta sinn en viðstaddir voru þeir erlendu matreiðslumeistarar sem taka þátt í henni auk annarra boðsgesta.

Viðstöddum var boðið upp á sérstaka tveggja metra langa ostaköku í tilefni dagsins. Gert er ráð fyrir allt að fimmtíu erlendum blaðamönnum til landsins vegna hátíðarinnar.

- aðe

Virkjun í Kerlingarfjöllum:

Tillaga um andstöðu felld frá

BORGIN Borgarstjórn hefur vísað frá tillögu Ólafs F. Magnússonar, borgarfulltrúa F-listans, um að lýsa andstöðu við hugmyndir um jarðvarmavirkjanir í Kerlingarfjöllum.

Vinstri grænir samþykktu frávisunartillöguna og segir Ólafur að afstaða þeirra marki tímamót þar sem þeir hafi ekki lagst áður gegn tillögum um verndun náttúruverna á hálendi Íslands í borgarstjórn.

- ghs

STJÓRNMÁL

S-listi í Sandgerði Samfylkingin í Sandgerði hefur ákveðið að bjóða fram lista undir bókstafnum S í sveitarstjórnarkosningunum í vor. Óskað verður eftir samvinnu við óháða borgara. Valið verður á listann í opnu prófkjöri.

Félagsmálaráðherra um stærð sveitarfélaga:

Minnst 1000 íbúar

SVEITARSTJÓRNARMÁL Um nítíu prósent þjóðarinnar búa í sveitarfélögum með eitt þúsund íbúum eða fleiri.

Þetta kemur fram í skýrslu Árna Magnússonar félagsmálaráðherra um sveitarstjórnarmál sem hann fylgdi úr hlaði á



Alþingi, en þetta er í fyrsta sinn sem skýrsla af þessu tagi er lögð fram á Alþingi.

Árið 1990 voru sveitarfélög 204 en eru nú 104 talsins og taldi Árni að lágmarksstærð þeirra yrði að vera 1.000 íbúar til þess að standa undir viðunandi þjónustu við íbúana.

„Að mínu mati hefur umræðan um málefni sveitarfélaganna snúist um of um málefni fámennustu sveitarfélaganna og þá veikleika sem þeim fylgja. Við verðum að beina sjónum okkar í auknum mæli að þeim fjölmörgu öflugum sveitarfélögum sem geta og vilja taka við fleiri verkefnum frá ríkjunu,“ sagði Árni Magnússon

- jh

SÚÐAVÍK Aðeins um tíu prósent þjóðarinnar búa í sveitarfélögum með færri en eitt þúsund íbúa.



TROLLIÐ INN Nýsjálandingar ætla að halda botnvörpu fjarri 1,2 milljónum ferkílómetra af lögsögu sinni.

NORDICPHOTOS/AFP

Banna botnvörpuveiðar

Til stendur að banna botnvörpuveiðar í um þriðjungi allrar fiskveiðilögsögu Nýja-Sjálands. Viðbrögð verndarsinna eru blendin. Íslensk stjórnvöld hafa beitt sér gegn alþjóðlegu banni við botnvörpuveiðum.

NÝJA-SJÁLAND Stjórnvöld á Nýja-Sjálandi hafa ákveðið að loka þriðjungi fiskveiðilögsögu landsins fyrir botnvörpuveiðum.

Alþjóðleg náttúruverndarsamtök hafa á síðustu árum barist fyrir því að veiðar með botnvörpu verði sem víðast bannaðar, á þeim forsendum að þær valdi lífríki á hafsbotninum miklu tjóni.

Samkvæmt samkomulagi nýsjálandskra stjórnvalda við helstu útgerðarfyrirtæki landsins verður nærri 1,2 milljóna ferkílómetra svæði í fiskveiðilögsögu Nýja-Sjálands svonefnt „botnverndarsvæði“, þar sem veiðar með botnvörpu og skyldum veiðarfærum verða bannaðar.

Jim Anderton, sjávarútvegsráðherra Nýja-Sjálands, sagði er hann kynnti áætlunina að hún væri „með áður ósédum hætti til hagsbóta bæði fyrir sjávarútveginn og náttúruverndarsinna“. Hann sagði að verndarsvæðið næði yfir hafsvæði af mismunandi dýpt og með mismunandi lífríki sem endurspegladi að mestu nýsjálandsku fiskveiðilögsögunni á heild.

Anderton kynnti áætlunina á fjölþjóðlegri ráðstefnu í Wellington um fiskveiðistjórnun á Suður-Kyrrahafi. Svo virðist sem tilkynningin hafi komið fulltrúum náttúruverndarsamtaka í opna

skjöldu og viðbrögð þeirra voru blendin, að því er greint er frá á fréttavef BBC.

Grænfríðungar berjast enn fyrir því að sett verði alþjóðlegt bann við botnvörpuveiðum. Spurður um þetta sagði Anderton að Nýja-Sjáland væri hugsanlega reiðubúið að styðja slíkt bann, en eingöngu ef það nyti nægilega mikils stuðnings á alþjóðavísu til að það væri raunhæft að ætla að það yrði virt. „Til þess þyrfti einróma samþykki allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, og það er víðs fjarri að það náist,“ sagði Anderton.

Á allsherjarþingi SD haustið 2004 var gerð tilraun til að fá slíkt bann sett en Íslendingar börðust ötullaga gegn því. Ísland hefur ásamt öðrum ríkjum lagst eindregið gegn öllum slíkum tilraunum og bent á að það sé á valdi viðkomandi strandríkja eða svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana að meta þörfina fyrir bann við notkun botnvörpu á einstökum hafsvæðum og taka ákvarðanir um bann þar sem það eigi við. Ísland hefur á þessum vettvangi jafnframt beitt sér gegn hvers konar alhæfingum um stöðu fiskistofna í heiminum og um skaðsemi einstakra tegunda veiðarfæra.

audunn@frettabladid.is

NISSAN PATHFINDER





ÆVINTÝRI LÍKASTUR

 Breyting frá Arctic Trucks

Verðið á Nissan Pathfinder hefur líklega aldrei verið hagstæðara. Með 35" sérhönnuðum breytingum eru gæði þessa skemmtilega jeppa einfaldlega orðin enn meiri. Hann er áfram jafn og þægilegur í akstri og nú ævintýri líkastur.

Lítu inn og berðu hetjuna augum!

Verðið á breyttum Nissan Pathfinder er frá **4.379.000 kr.**

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opíð: Mán – fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16

LONDON
 GLASGOW
 KAUPMANNAHÖFN
 OSLÓ
 STOKKHÓLMUR
 HELSINKI
 MANCHESTER
 AMSTERDAM
 PARÍS
 FRANKFURT
 BERLÍN
 MÜNCHEN
 BARCELONA
 MADRID
 MÍLANÓ



HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

ALLIR ÁFANGASTAÐIR Í EVRÓPU

FLUG 19.900* KR.

+ Bókaðu á www.icelandair.is

 **20% AFSLÁTTUR AF FLUGI FYRIR BÖRN**

NÝTT – OPIN FERÐ

Nú er hægt að bóka á netinu flug til eins áfangastaðar og heim frá öðrum. Af því tilefni bjóðum við flug til Evrópu á sérstöku tilboðsverði.

Ferðatímabil 20. apríl–30. júní (síðasta heimkoma).
 Sölutímabil til 24. febrúar. **TAKMARKAÐ SÆTAFRAMBOD.**

Þessi flug gefa 3.000 Vildarpunkta.

*Innifalið: flug báðar leiðir með flugvallarsköttum.

ALLT AÐ 140 FLUG Á VIKU TIL 22 ÁFANGASTAÐA



Nýttu 10.000 Vildarpunkta sem 6.000 kr. ef bókað f. 10. mars



ICELANDAIR 
www.icelandair.is

HEFST Í DAG!

STÓRI

BÓKAMARKAÐURINN

Perlunni og Akureyri

23. feb. - 5. mars



Opið alla daga frá kl. 10-18

Hvaða bók langar þig í?



~~3.490,-~~ 1.745,-



~~3.480,-~~ 1.590,-



~~4.690,-~~ 1.999,-



~~4.490,-~~ 999,-



~~12.990,-~~ 4.990,-



~~4.280,-~~ 1.990,-



~~4.980,-~~ 1.980,-




~~18.900,-~~ 7.900,-




~~4.980,-~~ 1.990,-



~~4.680,-~~ 1.490,-



~~4.680,-~~ 1.990,-



~~2.980,-~~ 1.490,-



~~4.980,-~~ 1.299,-



~~5.990,-~~ 1.499,-



~~2.100,-~~ 999,-



~~1.990,-~~ 499,-



~~4.980,-~~ 1.499,-



~~2.490,-~~ 799,-



~~2.290,-~~ 799,-



~~2.980,-~~ 1.490,-




~~4.990,-~~ 1.990,-

Nýjar bækur, gamlar bækur, barnabækur, spennusögur, fræðibækur og allt þar á milli. Komdu strax og gerðu frábær kaup, úrvalið hefur aldrei verið meira!

Bókamarkaður
Félags íslenskra
bókaútgefanda!

Svona erum við

> Fjöldi skóladaða skólaárið 2004-2005*
 * Kennsla féll niður í 33 daga vegna verkfalls kennara



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: MEINTAR PYNTINGAR Í FANGABÚÐUM:

Bandaríkjaher sætir ádeilum

Bandaríkjaher hefur sætt ádeilum undanfarnar vikur og mánuði vegna meintra pyntinga sem sagðar eru hafa átt sér stað í Abu Ghraib-fangelsinu í Írak og í fangabúðunum við Guantanamoflóa á Kúbu. Í báðum þessum fangabúðum sitja menn grunaðir um aðild að al-Kaída-samtökunum eða fyrrverandi ríkisstjórn talíbana í Afganistan. Fáir þeirra hafa verið formlega ákærðir.



Auk þess hefur nýttkomin skýrsla mannréttindanevndar Sameinuðu þjóðanna, sem rannsakaði fangabúðirnar við Guantanamoflóa, beint kastljósinu að þeim búðum. Nefndin lagði til að fangabúðunum yrði lokað og öllum yfirheyrsluáðferðum sem svipaði til pyntinga yrði hætt.

Hver eru viðbrögð bandarískra yfirvalda?

Bandarísk yfirvöld segja skýrsluna um Guantanamo-fangabúðirnar byggða á röngum heimildum og gróusögum og því verði fangabúðunum ekki lokað. „Þetta eru hættulegir hryðjuverkamenn sem eru þar í haldi,“ sagði talsmaður Hvíta hússins nýverið, og bætti því við að bandaríski herinn kæmi fram við alla sína fanga af manni. Þó hefur bandaríska varnarmálaráðuneytið viðurkennt misþýrmingar á föngum í Guantanamo-búðunum í tíu tilvikum.

Jafnframt hafa talsmenn bandaríska hersins sagt það ábyrgðarlaust af hálfu forráðamanna áströlsku sjónvarpsstöðvarinnar að birta myndir úr Abu Ghraib-fangelsinu þegar meintum gerendum hefur þegar verið hegnt.

Því hefur þetta komið upp nú?

Þó dæmt hafi verið í máli sem upp kom í Abu Ghraib-fangelsinu árið 2003, þá hefur mikil reiði vaknað í Mið-Austurlöndum síðastliðna daga vegna mynda sem áströlsk sjónvarpsstöð birti á dögunum en þær eru sagðar tengjast sama máli. Talið er að Bandaríkstjórn hafi haft myndirnar undir höndum þó þær hafi ekki verið notaðar í dómsmálinu. Þær eru öllu hrottafengnari en hinar sem urðu til þess að átta lágt settir hermenn voru gerðir brottkrækir úr hernum eða fangelsaðir í allt að tíu ár. Margir þeirra sögðust vera að hlýða yfirboðum, en það fékkst ekki staðfest.

SPURT & SVARAÐ

STYRKIR TIL ÆTTLEIÐINGAR

Spurning um réttlæti

Styrkir hérlendis til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum eiga að vera í samræmi við hin Norðurlöndin, að mati Ingibjargar Jónsdóttur formanns félagsins Íslenskrar ættleiðingar. Hvað felst í kostnaði við að ættleiða frá útlöndum og hve hár er hann?



INGIBJÖRG JÓNSDÓTTIR
 Formaður Íslenskrar ættleiðingar.

Aðalkostnaðurinn er upphald barnsins þangað til það er sótt en miðað er við að það hafi náð átta mánaða aldri. Sá kostnaður felur í sér upphald, lækningakostnað og lögfræðikostnað sem hlýst af sjálfu ættleiðingarferlinu. Þetta er samtals rúmlega ein milljón.

Hvernig er þessum styrkjámálum háttað á hinum Norðurlöndunum? Þar er verið að styrkja kjörforeldra um gróflaga helming kostnaðar. Allt upp að 500 þúsund krónum er skattfrjálst. Þessi lönd eru hafa ættleiðingarsamninga við svipað lönd og við.

Hvaða þýðingu mun breytingin hafa fyrir þessa kjörforeldra? Þetta jafnar stöðu þeirra gagnvart öðrum foreldrum að því leyti að kjörforeldrar munu ekki þurfa að setja háan kostnað fyrir sig í þessum málum.

Ekki vilji fyrir frekari stóriðju

Rúmlega fjörutíu prósent þjóðarinnar telja að stóriðja á Íslandi eigi að vera eins og hún er. Álíka stór hluti telur að stóriðja eigi að vera minni. Þetta eru niðurstöður nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins. Meirihluti telur að stjórnvöld eigi ekki að beita sér fyrir byggingu nýs álvers næstu fimm árin, samkvæmt skoðanakönnun Gallup sem Vinstri - grænir kynntu á þriðjudag.

45 prósent landsmanna telja að uppbygging stóriðju á Íslandi eigi að vera eins og hún er, hvorki meiri né minni. Tæp 43 prósent telja að uppbygging eigi að vera minni, en einungis rúm tólf prósent telja að hún eigi að vera meiri.

Þetta eru niðurstöður nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins.


Karlar vilja frekar stóriðju

Það eru helst konur sem telja að stóriðja sé of mikil hér á landi og 46,9 prósent þeirra segja að uppbyggingin eigi að vera minni. Rúm 45 prósent telja uppbyggingu stóriðju eiga að vera eins og hún er en 7,9 prósent telja að hún eigi að vera minni.

Karlar eru mun frekar á þeirri

FINNST ÞÉR UPPBYGGING STÓRIÐJU Á ÍSLANDI EIGA AÐ VERA MEIRI, MINNI EÐA EINS OG HÚN ER?

Greining eftir flokkum



skoðun að byggja eigi upp meiri stóriðju en nú er. Af körlum eru 44,7 prósent sátir við uppbyggingu stóriðju eins og hún er, 16,8 prósent karla telja að hún eigi að vera meiri, en 38,5 prósent telja að hún eigi að vera minni.

Íbúar utan höfuðborgarsvæðisins eru frekar á því að uppbygging stóriðju eigi að vera meiri en íbúar höfuðborgarsvæðisins. Fjórðungur þeirra segja þetta sem búa á landsbyggðinni telja að uppbygging stóriðju eigi að vera meiri, 42,1 prósent þeirra telja að hún eigi að vera minni, en 43,9 prósent telja að hún eigi að vera eins og hún er, 42,9 prósent segja að hún eigi að vera minni og 11,4 prósent telja hana of litla.

Sjálfstæðismenn helst fylgjandi frekari stóriðju

Ef stuðningur við frekari stóriðju er skoðaður eftir kjósendum stjórnmálaflokka kemur í ljós að það eru helst kjósendur Sjálfstæðisflokksins sem vilja frekari uppbyggingu stóriðju, 22,2 prósent. Fjórðungur þeirra segja myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn vilja minni uppbyggingu en nú er, en rúmlega helmingur, 52,5 prósent, vill halda núverandi stefnu.

Minnstur stuðningur við frekari stóriðju er meðal kjósenda Vinstri-grænna og vilja 4,3 prósent þeirra meiri uppbyggingu en nú er. 84,8 prósent vilja minni uppbyggingu og

BYGGING ÁLVERS

Telur þú að stjórnvöld eigi að beita sér fyrir því að byggð verði ný álver á Íslandi á næstu fimm árum eða telur þú að stjórnvöld eigi ekki að beita sér fyrir því?




VIRKJANA-FRAMKVÆMDIR VEGNA ÁLVERA

Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að ráðist verði í nýjar virkjanaframkvæmdir vegna álframleiðslu á næstu fimm árum?



Heimild: Gallup

FINNST ÞÉR UPPBYGGING STÓRIÐJU Á ÍSLANDI EIGA AÐ VERA MEIRI, MINNI EÐA EINS OG HÚN ER?



tæp ellefu prósent eru sátir við núverandi stefnu.

Næstminnstur stuðningur við frekari uppbyggingu stóriðju er meðal kjósenda Samfylkingar. Sex prósent þeirra vilja frekari uppbyggingu stóriðju. Rétt rúmlega helmingur, 51 prósent, vill minni uppbyggingu en nú er og 43 prósent vilja halda núverandi stefnu.

Meirihluti framsóknarmanna sátur Meirihluti kjósenda Framsóknarflokks er sátur við uppbyggingu stóriðju eins og hún er nú, 59,4 prósent. Rúmlega níu prósent vilja meiri uppbyggingu en 31,3 prósent vilja hafa hana minni.

Það eru kjósendur Frjálslynda flokksins sem eru sátastir við uppbyggingu stóriðju eins og nú er, 66,7 prósent þeirra. Rúmlega þrettán prósent kjósenda flokksins vilja meiri uppbyggingu en tuttugu prósent vilja hafa hana minni. Innan Frjálslynda flokksins er því minnstur stuðningur við minni uppbyggingu stóriðju.

Skiptingin er nokkuð jöfn meðal þeirra sem ekki gefa upp hvaða flokk þeir myndu kjósa, væri það að til kosninga nú. Tæplega 46 prósent þeirra segja vilja hafa uppbygginguna minni, en rúmlega 43 prósent vilja hafa hana eins og hún er. Tæplega ellefu prósent vilja hafa meiri stóriðjuuppbyggingu en nú er.

Hringt var í 800 manns laugardaginn 18. febrúar og skiptust svarandur jafnt milli kynja og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var: „Finnst þér uppbygging stóriðju á

Íslandi eiga að vera meiri, minni eða eins og hún er?“ 90,4 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.

Könnun Gallup fyrir vinstri græna

Vinstrihreyfingin - grænt framboð kynnti á þriðjudag nýja skoðanakönnun sem framkvæmd var af Gallup. Þar kom fram að tæplega 63 prósent teldu að stjórnvöld eigi ekki að beita sér fyrir því að byggð verði ný álver næstu fimm árin. Af þeim var þriðjungur kjósenda Sjálfstæðisflokksins mótfallinn byggingu álvers og 42 prósent kjósenda Framsóknarflokksins. Í könnun Gallup voru fleiri karlar en konur fylgjandi byggingu álvers og íbúar úti á landi voru frekar fylgjandi því en íbúar höfuðborgarsvæðisins. Það eru svipaðar niðurstöður og skoðanakönnun Fréttablaðsins gefur til kynna, þ.e. að karlar telji frekar en konur að uppbygging stóriðju á Íslandi eigi að vera meiri og að fólk utan höfuðborgarsvæðisins sé frekar fylgjandi því að stóriðja eflist hér á landi en íbúar höfuðborgarsvæðisins.

Í könnun Gallup var einnig spurt um afstöðu til þess að ráðist verði í nýjar virkjanaframkvæmdir vegna álframleiðslu á næstu fimm árum. 51,8 prósent svarenda voru mjög eða frekar andvíg því, 35,5 prósent voru hlynnt frekari virkjanaframkvæmdum og 12,8 prósent tók ekki afstöðu.

Þegar könnun Gallup var kynnt sagði Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, að niðurstöðurnar væru afdráttarlaus höfnun á stefnu stjórnvalda. „Það er ljóst að stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar nýtir ekki meirihluta hjá þjóðinni,“ sagði Steingrímur. „Niðurstöðurnar eru það afgerandi að lýðræðislega þenkjandi stjórnvaldamenn og stjórnmálaflokkar geta ekki verið ósnortir af því þegar glittir í skýran þjóðarvilja. Þær eru líka mjög sterk rök fyrir því að þetta stóra mál verði sett í hendur þjóðarinnar og að það verði kosið um það samhlíða sveitarstjórnarkosningum í vor.“

DV

Hefur þú séð DV í dag?

BYGGINGAVERKTAKINN GUBMUNDUR ÞÓR KRISTJANSSON

Ákærður fyrir að lemja mann með stálkylfu fyrir framan börnin hans

Hrein og klár morðtilraun, segir fórnarlambið



FRÉTTASKÝRING
 SVANBORG SIGMARSDÓTTIR
 svanborg@frettabladid.is

LANCÔME



THE GIFT



LANCÔME GJAFADAGAR Í LYF OG HEILSU

Ráðgjafar frá LANCÔME verða staddir á Eiðistorgi, í Mjóddinni og í Keflavík 23. og 24. febrúar. Kaupaukarnir eru einnig í boði í öðrum Lyf og heilsu verslunum sem selja LANCÔME.

Kynntar verða ýmsar nýjungar:

- Teint Idole Ultra - farði sem stenst allt, meira að segja íslenskt veðurfar!
- Platinium - krem sem byggir upp og eykur styrk þroskaðrar húðar.
- Húðslípunarvörur sem slétta og fegra áferð húðarinnar

5 mínútur er allt sem þarf !

Hvort sem þú vilt endurnýja húðina eða fá fallega dagförðun. Láttu snyrtifræðing LANCÔME sýna þér hvernig þú ferð að.

Le Gift - glæsilegur kaupauki - fylgir þegar keyptar eru 2 LANCÔME vörur*.

Verðmæti kaupaukans er kr. 7.500.-


* gjafir á meðan birgðir endast. Fleiri gerðir kaupauka í boði.

Útsölustaðir LANCÔME: Austurstræti, Austurvegur, Eiðistorg, JL-húsið,
Kringla, Melhagi, Mjódd, Keflavík, Selfoss, Hveragerði, Glerártorg

 **Lyf & heilsa**
Við hlustum!

Útgjöldin

> Verð á 40W rafmagnsperu í febrúar hvers árs. Miðað við verðlag á öllu landinu.



Heimild: Hagstofa Íslands

neytendur

hagur heimilanna

NEYTANDINN: HÓLMFRÍÐUR ANNA BALDURSDÓTTIR, UPPLÝSINGAFULLTRÚI UNICEF

Peningavitið bjargaði mér

„Ég tel mig hafa svo gott peningavit að það hefur bjargað mér oft en einu sinni og oft en tvisvar,“ segir Hólmfríður Anna Baldursdóttir, upplýsinga- fulltrúi Unicef, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, á Íslandi. Hólmfríður þurfti að leggja haus í bleyti stundarkorn spurð um bestu og verstu kaup sem hún hefði gert um ævina en eftir umhugsunarfrest lá í augum uppi hver bestu kaup hennar voru. „Það er fyrsta íbúðin mín sem ég keypti fyrir tæpum tveimur árum síðan. Hún hefur hækkað svo mikið í verði eins og allar fasteignir að það verða tvímælaust að teljast bestu kaup sem ég hef gert og er ég þá að líta til verðgildis. Á henni hef ég stógrætt svo ekki sé meira sagt.“ Hvað verstu kaupin varðar fékkst ekkert verra út úr Hólmfríði en nokkur fatakaup erlendis. „Það er í fljótu bragði ekkert sérstakt sem ég man eftir sem einhver hræðileg kaup. Hins vegar á ég það til að versla frá mér allt vit þegar ég er erlendis, sérstaklega ef ég er tímabundin, og það hefur oft komið fyrir. Þá vakna ég daginn eftir með fót í töskunni minni sem hvorki passa né eru sérlega falleg og stundum man ég ekkert hvar eða hvenær ég keypti viðkomandi flík. Þetta er algengt enn þann dag í dag hjá mér en verra verður það nú ekki í mínu tilfelli.“



GÓÐ HÚSRÁÐ GARDÍNUR Í HREINSUN OG RIMLAR BURSTAÐIR

■ Besta ráðið sem ég get gefið er að þvo alls ekki gardínur heldur viðra þær fyrsta árið, ef þess þarf, og setja þær síðan í hreinsun,“ segir Signý Ólafsdóttir, sölumaður og ráðgjafi í gluggatjaldabúðinni Z-brautum & gluggatjöldum.

SIGNÝ ÓLAFSDÓTTIR

Signý segir eina ráðið á rimlagardínur sé að nota á þær sérstakan bursta sem fæst í versluninni þeirra. „Rimlagardínunum er lokað og burstanum strokið yfir,“ segir Signý og bendir á að ekki þurfi að taka gardínurnar niður og að alls ekki megi nota vatn á trérimla eða of heitt vatn á aðrar tegundir rimla. „Þá verpast þeir og verða ónýtir.“

■ Hvað kostar... í bíó?

Almennt gjald er 800 krónur

Miði á bíósýningu kostar 800 krónur á manninn hvort sem það er í bíó hjá Sambíónum eða Smárabíó. Á íslenskar myndir er þó heldur dýrara, yfirleitt 1.000 krónur.



Ýmis tilboð eru gjarnan í gangi. Hjá Sambíónum kostar þannig 550 krónur á manninn fyrir öryrkja og eldri borgara, 400 krónur fyrir fimm ára og yngri og 650 krónur fyrir þá sem greiða með svarta kortinu. Svo eru stundum tilboð 2 fyrir 1 á valdar myndir eða miðinn á 400 eða 600 krónur.

Hjá Smárabíó kostar bíómiðinn 800 krónur á allar sýningar nema íslenskar sýningar. Fyrir sex ára og yngri kostar 450 krónur og 500 krónur fyrir eldri borgara og öryrkja. Stundum er boðið upp á 400 krónur á ákveðnar sýningar. Í lúxussal, hvort sem það er hjá Sambíónum eða í Smárabíó, kostar 1.700 krónur og er inneignarnóta í sjoppu eða bar innifalinn.

■ Verslun og þjónusta

Heilsusjoppa í ávaxtabílum

Ávaxtabíllinn, sem selur ávexti í áskrift til fyrirtækja og í gegn um netverslun til heimila, hefur nú opnað heilsusjoppu á Nýbýlavegi með úrvali hollra bita. Þar má finna pastabakka, ávaxta- og grænmetisbakka, hollar langlokur, grænmetisúpu, ávaxta/skydrykki, orkudrykki, orkustangir og ýmislegt fleira. Allir réttirnir eru tilbúnir og hægt að taka með sér.



■ Verslun og þjónusta

Skrifstofa LK flutt í Osta- og smjörsluna

Skrifstofa Landssambands kúabænda hefur flutt og er nú í húsnæði Osta- og smjörslunnar að Bitruhálsi 2. Með flutningunum breyttust síma- og faxnúmer sambandsins. Nýtt símanúmer er nú 569 1661 og nýtt faxnúmer er nú 567 3465. Á heimasíðu Landssambandsins segir að ástæða flutningsins sé að nú skapist tækifæri til náins samstarfs með mjólkuriðnaðinum, í gegn um Samtök afurðarstöðva í mjólkuriðnaði, Osta- og smjörsluna og MS.



TALAD Í SÍMANN Enginn nútímamaður getur símalaus verið. Ekki er þó víst að allir viti hvar hag þeirra er best borgið þegar kemur að símaþjónustu.

Símafyrirtæki með villandi gjaldskrár

Símanotandi á oft á tíðum mjög erfitt með að átta sig á því hvar honum er best borgið þegar kemur að kostnaði við símnotkun. Símafyrirtækin bjóða upp á mikinn fjölda tilboða sem gera gjaldskrár þeirra óaðgengilegar. Ljóst er að kostnaður hvers og eins ræðst að miklu leyti af því hvar viðmælendurnir eru í viðskiptum.

Í könnun verðlagseftirlits Alþýðusambands Íslands kom í ljós að fyrir hinn almenna símnotanda getur verið meira en að segja það að ráða í gjaldskrár símafyrirtækjanna og ekki alltaf auðvelt að

átta sig á hvar hagkvæmast er að eiga sín viðskipti. Bæði Síminn og Og Vodafone bjóða ýmis tilboð sem fela í sér að hringja megi í ákveðið símanúmer innan kerfis viðkomandi fyrirtækis án endurgjalds. Gjaldskrár fyrirtækjanna eru þannig uppbyggðar að símakostnaður einstaklinga fer að miklu leyti eftir því við hvern þeir sem þeir hringja í eiga viðskipti. Þetta kemur til af því að það er yfirleitt alltaf dýrara að hringja í númer hjá öðru símafyrirtæki en því sem viðkomandi skiptir við. Þetta á sérstaklega við um farsíma.

Það kostar um 50 krónur að hringja þriggja mínútna símtal úr heimasíma í farsíma sem er hjá sama símafyrirtæki og þú skiptir við. Þetta sama símtal kostar 66 krónur ef þú hringir í númer sem er skráð hjá öðru símafyrirtæki.

Sé notaður farsími kostar símtalið 36 krónur ef viðtakandinn skiptir við sama fyrirtæki, en 68 krónur að meðaltali ef hann gerir það ekki.

Það er langtum dýrara að hringja úr farsíma í heimasíma en á milli tveggja heimasíma. Fimm mínútna langt símtal í heimasíma kostar að meðaltali 12,50 krónur ef hringt er úr öðrum heimasíma en sama símtal kostar 79 krónur ef hringt er úr farsíma. Munurinn á þessu tvennu er 530 prósent.

Í hnotskurn má segja að niðurstöður verðlagseftirlits Alþýðusambandsins hafi sýnt fram á að gjaldtaka félaganna tveggja sé áþekkt. Þetta á til dæmis við um mánaðargjöld heimasíma og farsíma og gjaldtöku fyrir símtöl til útlanda.

svavar@frettabladid.is

Ekkert blað í morgun?

Hringdu í 550 5000 og láttu okkur vita.

FRÉTTABLAÐIÐ

- stærsti fjölmiðillinn

Síminn, Hive og Og Vodafone auglýsa ótakmarkað niðurhal:

Ótakmarkað með skilyrðum

Ótakmarkað niðurhal sem fyrirtæki í samkeppni á internetmarkaði auglýsa er takmörkuð háð. Síminn og OgVodafone senda tilkynningu þegar farið er yfir ákveðinn fjölda gígabæta af söttu efni á mánuði og gerist það ítrekað áskilja þau sér rétt til að takmarka þjónustuna. Hive takmarkar þjónustuna sé farið yfir ákveðið viðmið í niðurhali.

Síminn aðvarar viðskiptavini sína þegar komið er yfir 100 gígabæt í niðurhali á mánuði og gerist það ítrekað er gripið til þess ráðs að takmarka hraða tengingarinnar.

Og Vodafone sendir tilkynningu til viðskiptavina sína þegar farið er yfir 40 gígabæt í niðurhali á mánuði og áskilur sér rétt til að synja rétthafa um þjónustu

um stundarsakir eða til frambúðar gerist þetta ítrekað.

Hive sendir enga aðvörðun en áskilur sér rétt til að setja þá sem fara fram yfir fjögur gígabæt á sólarhring á sérstaka bandvídd í einn sólarhring.

Þessar ráðstafanir fyrirtækjanna eru til þess að gæta að óhófleg notkun einstakra notenda komi ekki niður á internetnotkun annarra viðskiptavina og alls staðar er tekið fram að það sé fátítt að notkun fari fram úr hámarksviðmiðum.

-sdg

INTERNETNOTKUN ER MIKIL Á ÍSLENSKUM HEIMILUM Öll fyrirtækin tilgreina hámarksfjölda gígabæta sem má hala niður á mánuðiog áskilja sér rétt til aðgerða sé notkun umfram það.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



allt að verða vitlaust í nettó

komdu og skoðaðu tilboðin

frábært verð

1.398 kr.kg.
Ítalskur helgargrís m/pestó

189 kr/kg.
BK saltkjöt

77 kr/kg.
Goða saltaðar síður

pú sparar 240 kr/kg

Matfugl

359 kr.kg.
Matfugl kjúklingaleggir

50% lægra verð

Ótrúlegt verð

95 kr.stk.
Náttúra matarolía 1 ltr.

Fjölskyldu pizzur

499 kr.stk.
Mccain risapizzur u.þ.b. 1 kg.

50% lægra verð

79 kr.stk.
Coop sultur

79 kr.stk.
Coop sultur

Hvergi betra verð

79 kr.stk.
Náttúra jurtaþoppur

50% lægra verð

85 kr.pk.
X-tra hvítlauksbrauð 2 stk.

Sykurlaust

99 kr.stk.
Sprite Zero 2 ltr.

Ótrúlegt verð

139 kr.pk.
Náttúruvöfflumix

139 kr.pk.
Náttúrupönnukökuumix

50% lægra verð

145 kr.pk.
Náttúra furuhnetur

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda frá 23. til 26. feb. (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahlverfi Kópavogi

netto

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 6.468 -1,95% Fjöldi viðskipta: 1747
Velta: 11.458 milljónir

MESTA HÆKKUN

Össur 2,38%
Dagsbrún 2,02%
Actavis 1,08%

MESTA LÆKKUN

Íslandabanki 4,15%
Alfesca 3,47%
KB banki 2,52%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 3,89 -3,47%... Atorka 6,05 +0,00% ... Bakkavör 51,00 +0,00% ... Dagsbrún 6,58 +2,02% ... FL Group 25,40 -1,17% ... Flaga 3,87 -0,77% ... Íslandsbanki 20,80 -4,15% ... KB banki 928,00 -2,52% ... Kögun 65,10 -0,46% ... Landsbankinn 28,40 -1,73% ... Marel 66,10 +0,92% ... Mosaic Fashions 17,20 -2,27% ... Straumur-Burdarás 19,40 -2,02% ... Össur 107,50 +2,38%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn

Aftur til fyrri starfa

Uppgangurinn á hlutabréfamarkaði er mörgum freisting og í byrjun ársins voru á kreiki sagnir um að velgengi á hlutabréfamarkaðnum hefði orðið nokkrum hvatning til að yfirgefa starf sitt og setjast við tölvuna og gerast fjárfestar. Þannig heyrðist af tveimur sjómönnum sem dunduðu sér við að greina markaðinn á frivaktinni og fjárfestu síðan með góðum árangri. Árangurinn var svo góður að þeir töldu kominn grundvöll fyrir að leggja sjóhattinn á hilluna. Allt er hins vegar í heiminum hverfult og ekki víst að þeir hafi átt sæla sólarhringa að undanförunni í lækkunum á hlutabréfamarkaði. Skuldsettir fjárfestar urðu að selja bréf

með tapi síðustu sólarhringa og ekki að vita nema að í þeirri stöðu sakni menn þess að standa í veðri og veltingi og gera að.

Sjóðir fara á völinn

Meðal stærri fjárfesta og bankanna eru ekki miklar áhyggjur af lækkunum á mörkuðum. Stórfiskarnir sameinuðust á öðrum vettvangi í gær, þar sem allir helstu fjármálamenn landsins söfnuðust saman á Stamford Bridge til að horfa á leik Chelsea og Barcelona. Flestir sérfræðingar eru á því að ekki sé ástæða til að hafa miklar áhyggjur af lækkunum síðustu daga og engin ástæða fyrir fjármálaheiminn að hætta við að horfa á stórleik í fótboltanum. Hinir sjóðuðu á markaðnum sátu því í stúkunum á Stamford Bridge og skemmtu sér vel, meðan nýliðarnir sátu... Ja, hvar? Alla vegna í þungum þöngum með hnút í maganum.



MARKAÐSPUNKTAR...

Miðað við að gengi krónunnar hefur veikst um 6,4 prósent síðustu tvo daga hafa skuldir þjóðarinnar aukist um 163 milljarða, sem er um 16,5 prósent af VLF.

Aðalfundur Íslandsbanka samþykkti að 5.360 milljónir króna skyldu greiddast í arð til hluthafa. Það nemur 28 prósentum af hagnaði ársins 2005 og 38 prósentum af nafnverði hlutfjár.

Viðskipti á gjaldeyrismarkaði hafa aldrei verið eins mikil á einum degi og í gær eða fyrir 41,2 milljarð króna. Mesta velta á gjaldeyrismarkaði fram til þessa nam um 30 milljörðum 2. maí 2001.



ÞÓRÐUR FRÍÐJÓNSSON, FORSTJÓRI KAUPHALLARINNAR Samspil efnahagslegra þátta og framgangur útrásarfyrirtækja ræður mestu um þróun hlutabréfaverðs á næstunni.

Þroskamerki á hlutabréfamarkaði

„Mér fannst ánægjulegt að sjá hve hratt og vel markaðurinn vann úr þessum upplýsingum og viðbrögðin voru í góðu samræmi við þroskaðan markað.“ segir Þórður Friðjónsson aðspurður um viðbrögð Kauphallar við skýrslu matsfyrirtækisins Fitch og lækkun hlutabréfaverðs undanfarna tvo daga.

Þrátt fyrir mikinn hagvöxt og sterkar stöðir efnahagslífisins eru að mati Þórðar veikleikar til staðar sem birtast í verðbólgu og miklum viðskiptahalla og valda

spennu í hagkerfinu. „Þetta var ákveðin prófraun og markaðurinn hafði gott af því að fá smá viðvör.“ Hann segir að við svona aðstæður þar sem hlutabréfaverð hefur hækkað mikið á undanförunum misserum sé ágætt að rifja upp hvað lækkanir merkji.

Þórður telur að samspil veikleika og styrkleika hagkerfisins ráði miklu um þróun hlutabréfaverðs auk þess veigamikla þáttar hvernig útrásarfyrirtækjum tekst að standa sig á næstu mánuðum.

- eþa

Spákaupmenn og litlir fjárfestar seldu bréf sín

110 milljarða lækkun markaðsvirðis í Úrvalsvísitölu. Lækkun Úrvalsvísitölu og gengisvísitölu krónunnar gekk til baka. Tvöfalt tap hjá þeim sem taka erlend lán til hlutabréfakaupa.

Hlutabréf í Kauphöll Íslands lækkuðu hratt við upphaf viðskipta í gærmorgun í kjölfar mikillar lækkunar á gengisvísitölu krónunnar. Hafði Úrvalsvísitalan fljótlega lækkað um sex prósent en lækkunin gekk til baka þegar leið á daginn. Í lok dags nam dagslækkunin tveimur prósentum en frá áramótum hefur vísitalan

BREYTINGAR Á VIRÐI ÚRVALSVÍSITÖLUFÉLAGA SÍÐUSTU TVO DAGA *

KB banki	-33.228
Landsbanki	-25.348
Íslandsbanki	-19.702
Straumur	-12.431
FL Group	-9.937
Actavis	-3.355
Mosaic Fashions	-2.320
Bakkavör	-1.940
Alfesca	-1.116
Össur	-577
Atorka Group	-277
Flaga Group	-14
Kögun	58
Dagsbrún	130
Marel	264
Samtals	-109.793

* Upphæðir í milljónum króna.



LÆKKUN Á MARKAÐI GEKK TIL BAKA Krónan og hlutabréf féllu mikið í gærmorgun en lækkunin gekk til baka þegar leið á daginn. Minni fjárfestar seldu mikið af hlutabréfum en mikil viðskipti voru í Kauphöllinni.

hækkað um 16,9 prósent.

Á þriðjudaginn tóku hlutabréf að lækka hratt í verði eftir að matsfyrirtækið Fitch gaf út umsögn um íslenska hagkerfið og neikvæðar horfur á lánshæfismati ríkissjóðs.

Í samtölum við verbréfamíðlara munu það einkum hafa verið hreyfingar hjá spekulöntum og minni aðilum sem ollu þeirri lækkun sem varð við upphaf viðskipta. Lækkun krónunnar kom illa við þá sem eru með erlend lán á bak við hlutabréfakaupin þannig að viðkomandi aðilar sáu fram á tvöfalt tap. Þegar leið á daginn snerist þróunin við, eins og fyrr var getið, og voru kaupendur nú meira áberandi. Menn voru sammála um að stærri fjárfestar eins og lífeyrisjóðir hefðu haldið að sér höndum.

Velta gærdagsins var um 11,5 milljarðar í gríðarlegum viðskiptum. Fjöldi viðskipta var 1.747 talsins, um 6,6 milljónir króna á við-

skipti, sem þykir ekki há upphæð í þessum geira.

Á aðeins tveimur dögum hefur markaðsverðmæti fimmtán félaga sem mynda Úrvalsvísitölu hafa lækkað um tæpa 110 milljarða en ekki má líta framhjá því að verðmæti sömu fyrirtækja hefur samt hækkað um 300 milljarða frá áramótum. Virði KB banka, Landsbankans og Íslandsbanka hefur fallið mest. Félag með tekjur í erlendri mynt hafa hins vegar lækkað mun minna eða jafnvel hækkað eins og Marel.

Gengisvísitala krónunnar hafði lækkað mest um 4,9 prósent innan gærdagsins þegar hún tók að styrkjast á nýjan leik og náði jafnvægi um miðjan dag. Dagslækkun hennar nam 1,68 prósentum.

Frá áramótum hefur krónan veikst yfir sjö prósent, mest gagnvart Kanadadal og Sterlingspundi. Bandaríkjadalur kostaði tæpa 61 krónu í byrjun árs en er nú kominn í yfir 67 krónur. eggert@frettabladid.is



Aðalfundur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2006

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi SPRON á árinu 2005.
2. Endurskoðaður ársreikningur SPRON fyrir árið 2005 lagður fram til staðfestingar.
3. Tillaga um ársarð af stofnfé.
4. Tillaga um að nýta heimild í lögum til að auka stofnfé um 5% með ráðstöfun hluta hagnaðar.
5. Tillaga til breytinga á samþykktum. Hún gerir ráð fyrir heimild til stjórnar til hækunar á stofnfé SPRON úr 2.172.000.000 kr. í allt að 5.000.000.000 kr. og gildi í fimm ár. Þá verði nafnverð hvers hlutar ein króna eða það margfeldi af einni krónu sem hver stofnfjäreigandi á, í stað 25.000 kr.
6. Kosning stjórnar.
7. Kosning endurskoðanda.
8. Ákvörðun stjórnarlauna.
9. Önnur mál.

Samkvæmt ákvæðum 23. gr. samþykta SPRON skulu framboð til stjórnar og varastjórnar tilkynnt stjórn eigi síðar en þremur dögum fyrir fundinn. Kröfu um hlutbundna kosningu þarf að gera skriflega og hún að berast stjórn eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn.



Öflun vill taka yfir Office Line

Öflun, stærsti hluthafinn í norska upplýsingatæknifyrirtækinu Office Line, hefur gert öðrum hluthöfum tilboð í hluti þeirra. Í forsvari Öflunar eru Bjarni Ákason og Frosti Bergsson.

„Við ætlum okkur meirihluta í þessu félagi,“ segir Bjarni. „Office Line er mjög vel rekið fyrirtæki en við vildum sjá meiri vöxt hjá fyrirtækinu,“ bætir hann við.

Stefnt er að því að sameina Öflun og Office Line en velta sameinaðs félags myndi vera um sjö milljarðar að sögn Bjarna.

Office Line er stærsti smásali Norðurlanda með Apple-vörur og rekur sjö verslanir. Hlutabréf félagsins

eru skráð í Kauphöllina í Osló.

Öflun hefur eignast 39 prósentu hlut og býður sama verð og það keypti bréfin á eða 69,6 norskar krónur á hlut.

Hagnaður Office Line var 54 milljónir króna á fjórða ársfjórðungi samanborið við 67 milljónir króna á sama tímabili ári áður. Markaðsverð Office er um 1,2 milljarðar króna og velta um 4,5 milljarðar króna. - eþa



APPLE IMAC G5 Öflun hefur lagt fram yfirtöktilboð í Office Line, stærsta smásala á Apple-vörum á Norðurlöndum.

Aðeins í dag!



Sparaðu
500 kr.

FERSK
LAMBALÆRI
ÚR KJÖTBORÐI
898 kr.
kg

Bestir í kjöti!



Vertu öruggur
á sprengidaginn!



Allt fyrir bolluveisluna
í Nóatúni

SÍRÍUS KONSUM
SÚBUSÜKKULADI
199 kr.
200 g

MYLLU
VATNSDEIGSBOLLUR
LITLAR
249 kr.
pk

ST. DALFOUR
SULTUR 284 g
299 kr.
stk

MYLLU
BOLLUR
MEÐ SÜKKULADI
398 kr.
pk

MYLLU
VATNSDEIGSBOLLUR
MEÐ SÜKKULADI
398 kr.
pk

PEYTTUR
SPRAUTURJÓMI
199 kr.
stk



NÓATÚN

OPIÐ
TIL
KL. **21** ALLA
DAGA

skoðun

SJÓNARMÍÐ
HAFLÍÐI HELGASON

Ráðherrar benda á bankana þegar þeir ættu að líta í eigin barm.

Ríkið hefði átt að standa sig betur

Töluvert sterk viðbrögð urðu á markaði þegar greiningar-fyrirtækið Fitch breytti horfum úr stöðugum í neikvæðar í mati sínu á lánshæfi íslenska ríkisins. Þetta voru auðvitað ekki góðar fréttir, en líklegt að viðbrögðin hafi verið harkalegri en efni stóðu til.

Hlutabréf lækkuðu og krónan féll í verði. Hvorugt er í sjálfu sér óeðlilegt. Hlutabréfamarkaðurinn hefur verið á fleygiferð og í sjálfu sér þroskamerki að neikvæðar fréttir verði til þess að lækka hann. Eftir lækkun síðustu tveggja daga stendur enn sú staðreynd að Úrvalsvisitalan hefur hækkað um tæp sautján prósent, sem sums staðar þykir vel viðunandi ársávöxtun.

Bankakerfið nýtur trausts á alþjóðamörkuðum og það traust er á góðri leið með að verða ein verðmætasta eign þjóðarinnar.

Varnaðarorð Fitch eru ekki ný af nálinni. Þau hafa verið ítrekuð margsinis. Samhliða því að erlend fjárfesting vegna stóriðju ýtti undir styrk krónunnar jók ríkið á vandann með hækkun á ríkisreknum íbúðalánum og vanhugsaðri tímasetningu á skattalækkingunum. Ríkið tók ekki á vandanum og vísaði þunganum af stjórn efnahagsmála á Seðlabankann. Aðhald í ríkisrekstri og afgangur af fjárlögum hefði þurft að vera meiri, eins og þráfallega hefur verið bent á.

Stjórnvöld geta ekki skýlt sér á bak við að bankarnir hafi farið offari. Þau voru vörud við þeim hættum sem biðu. Sú viðvörn var nú ítrekuð af Fitch.

Fitch bendir einnig á að erlend skuldaförnu einkaaðila sé einn af áhættuþáttum hagkerfisins. Íslendingar eru of viljugir til að skulda og hafa má áhyggjur af því að heimili og innlend fyrirtæki séu of tilbúin til að taka meira fé að láni en þeim væri hollt. Það verður að sjálfsgöðu hver að eiga við sig, en umhverfið hefur verið hvetjandi til neyslu og aukinnar lántöku. Það verður að telja stjórnvöldum til tekna að ríkið hefur notað tímamann til að greiða niður skuldir.

Hins vegar má hafa efasemdir um áhyggjur Fitch af erlendum skuldum og erlendri útlánaaukningu bankanna. Á fundi sem greinendur hjá Fitch áttu meðal annars með forsvarsmönnum bankanna komu fram ólíkar áherslur greinanda bankanna og þess sem metur íslenskt efnahagslíf. Bankagreinandi deilir ekki áhyggjum af erlendri útlánaaukningu bankanna. Hann bendir á framfarir í áhættustýringu, sterkt eiginfjárlutfall, góða eignadreifingu á móti skuldum og áhættuþróf Fjármálaeftirlitsins sem allir bankarnir hafa staðist nýverið.

Bankakerfið nýtur trausts á alþjóðamörkuðum og það traust er á góðri leið með að verða ein verðmætasta eign þjóðarinnar, eins og forstjóri KB banka benti á á nýliðnu Viðskiptaþingi. Raunar hafa bæði Íslandsbanki og KB banki sótt sér lánsfé á alþjóðamarkaði að undanförunu og fengu báðir bankarnir samþættingu á kjör við það sem þeir hafa áður fengið.

Full ástæða er til að halda vel á málum í stjórn efnahagsmála. Í skýrslu Fitch felast engin ragnarök íslensks efnahagslífs. Breyting á mati á horfum er einungis áminning um það að við erum okkar eigin gæfu smiðir og verðum að haga okkur samkvæmt því. ■



KRÓNUDAGAR
ÚRVAL LJÓSAKRÓNA

3.990-

Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

Opið laugardag: 11:00 - 16:00

FRÁ DEGI TIL DAGS

Gula spjaldíð

Sjálfsgert eru Íslendingar formfastari í vitnaleiðslum og mállutningi en gengur og gerist í bandarískum dómssölum, en þá þekkir landinn mun betur en þá íslensku úr amerískum sakamálaþáttum. Mótmæli sóknar og varnar eru fátíðari og athugasemdir tiltölulega fáar miðað við sjónvarpsþættina. Dómurum og Sigurði Tómasi Magnússyni, settum saksóknara í Baugsmálinu þótti þó nóg um og mótmæltu þegar Einar Þór Sverrisson, verjandi Jóhannesar Jónssonar í Bónus, spurði Jón Gerald Sullenberger fyrir rétti hvort hann hefði útvegað einum starfsmanna efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra gistingu á Flórída af einhverju tilefni. Verjandinn bakkaði en spurði einnig hvort Jón Gerald hefði verið í sambandi við fyrrverandi lögfræðing sinn, Jón Steinar Gunnlaugsson, eftir að sá varð hæstaréttardómari.

Þá mótmælti dómari hástöfum. Að minnsta kosti tveir aðrir verjendur fengu gula spjaldíð, Jakob Möller og Þórunn Guðmundsdóttir, þegar dómara töldu að mállutningur gæti falist í spurningum þeirra. - Greint hefur verið frá því að Jón Gerald og Ivan Motta, bílasali frá Miami og vitni í málinu, komu til landsins síðastliðinn sunnudag. Þeir munu strax hafa farið í dæmigerða skoðunarferð þar sem Jón Gerald hefur líklega sýnt Ivan eitt og annað áhugavert. Það fylgir sögunni að reikninginn fyrir bílnum hafi átt að senda Jóni Gerald.

Friðlað

Guðmundur Magnússon, sem nýlega

var sagt upp störfum á Fréttablaðinu, er orðinn einn mikilvirkasti fréttar- og stjórnmálabloggari þessa lands. Hann getur þess í gær að netútgáfa Berlingske Tidene í Danmörku hafi nú birt allnávæma frétt um áform Dagsbrúnar um útgáfu á ókeypis dagblaði þar ytra. „Bláðið muni koma út sex daga vikunnar, hafa 120 til 150 starfsmenn og byggja upp sitt eigið dreifingarkerfi sem í framtíðinni eigi að geta keppt við danska Póstinna á almennum dreifingarmarkaði... Berlingur segir að innan þriggja vikna verði á hreinu hverjir muni skipa yfirstjórn blaðsins í Danmörku.“ Heimildarmaður blaðsins er sagður úr röðum Dagsbrúnar og Guðmundur segir að ekki þurfi mikla glöggskýgni til að átta sig á því hver hann er.

johnhann@frettabladid.is

Sagnfesta eða bókfesta?

Vinur minn einn segist hafa ráðið Einari Kárasyni rithöfund frá því að reyna að skrifa Jónsbók með þeim rökum, að efniviðurinn væri svo margslunginn, að það væri ekki vinnandi vegur að ná utan um hann í sannsögulegu riti. Hann segist hafa sagt við Einar: Skrifaðu heldur skáldsögu, og þá nærðu betur utan um efnið og getur tekið þér frelsi, sem sannsöguleg efnistöð veita þér ekki færi á. Ég skil þau svo þessi varnaðarorð úr munni manns, sem er öllum hnúttum kunnugur í viðskiptalífi landsmanna marga áratugi aftur í tímann, að hann telji, að skáldsaga um Jón Ólafsson kaup-sýslumann hefði í einhverjum skilningi getað orðið sannari og þá um leið gagnlegri en sú Jónsbók, sem birtist lesendum fyrir síðustu júl. Hér er hreyft við grundvatnið í sagnaritun þjóðar. Athugum málið.

Forfeður okkar og mæður litu svo á Íslendingasögur í sjö hundruð ár, að þær væru sannorðar frásagnir af raunverulegum atburðum og raunverulegu fólki af holdi og blóði: þetta er kjarninn í sagnfestukenningunni. Á ofanverðri 19. öld tefldi Konrad Maurer prófessor í München, virktavinur Jóns Sigurðssonar forseta og annarra Íslendinga, fyrstur manna fram þeirri djörfu hugmynd, að sögurnar bæri líklega heldur að skoða sem skáldverk en sagnfræði: óþekktir höfundar þeirra væru ekki annálaritarar, heldur skáld, enda bæru sögurnar ýmis einkenni skáldskapar frekar en skraufurra annála, þótt þær styddust trúlega í ýmsum greinum við gömul munnmæli. Alls væri því óvíst, hvort Njáll á Bergþórshvoli, Gunnar á Hlíðarenda og Egill Skallagrímsson hafi nokkurn tímann gengið um grænar sveitir Suðurlands og Borgarfjarðar eða önnur pláss.

Skiptir það máli fyrir sögu lands og þjóðar, hvor kenningin er rétt? Varla. Sögurnar eru sennilega sízt

Í DAG BÆKUR OG SAGA

PORVALDUR GYLFA- SON

Ef við ættum eintóma annála aftan úr fornöld og engan skáldskap, vissi þjóðin væntanlega minna um uppruna sinn og sögu en hún gerir nú. Skýringin blasir við: skrautlegar skáldsögur eiga vísari aðgang að mörgum lesendum en vindpurkaðir annálar.

lakari heimildir um sögu landsins á þjóðveldisöld, þótt bókfestukenningin hafi ýtt sagnfestukenningunni til hliðar. Aldarfarslýsing skáldanna, sem skráðu sögurnar á árunum 1200 til 1350, er trúlega rétt í aðalatriðum, hvort sem söguhetjurnar eru upplagnar og einstakir atburðir eða ekki. Lýsingin á lífi og hugarheimi forfedra okkar og for-mæðra er sennilega rétt í grófum dráttum. Ef við ættum eintóma annála aftan úr fornöld og engan skáldskap, vissi þjóðin væntanlega minna um uppruna sinn og sögu en hún gerir nú. Skýringin blasir við: skrautlegar skáldsögur eiga vísari aðgang að mörgum lesendum en vindpurkaðir annálar. Þannig getur skáldskapur opnað mönnum dyr og glugga, sem þurr sagnfræði megnar ekki að ljúka upp. Góð sagnfræði getur að sönnu verið svo safarík, að hún slagi hátt upp í góðan skáldskap, og má þá vart á milli sjá, en það er annað mál.

Íslendingasögur eru ekki einu bækurnar, sem svo er ástutt um, að sumir velkjast enn í vafa um bóksafleg sannaileiksgildi textans. Bókstafstrúarmenn telja sagnfestukenninguna eiga við um biblíuna. Gildi biblíunnar rýrnar þó ekki við það, að hún sé skoðuð öðrum þræði sem skáldrit eftir bókfestukenningunni líkt og Íslendingasögur.

Sagnaritun nútímans þarfnast bæði sagnfræði og skáldskapar í hæfilegum hlutföllum ekki síður en sagnaritun á fyrri tíð. Sagnfræði er góðra gjalda verð, vist er það, en hún dugir samt ekki ein sér til að halda til haga sögu lands og þjóðar. Ljósmyndir duga ekki heldur einar sér eða raunsæismálverk til að veita mönnum fullan skilning á kyrralífi, landslagi eða lifandi fólki. Til þess þarf fjölbreytt efnistöð, margbrotna myndlist. Með því að afbaka fyrirmyndir sínar eftir kúnstarinnar reglum veita myndlistarmenn okkur nýja sýn, stundum sannari og skarpari, á lífið og tilveruna. Fegurð Þingvallar er meiri í augum margra Íslendinga fyrir þann skilning á landslaginu þar, sem Jóhannes Kjarval veitti þjóðinni í verkum sínum. Og þess vegna heiðra menn gjarnan hverjir aðra, þegar mikið liggur við, með því að láta mála af þeim myndir frekar en að senda þá til ljósmyndara. Ljósmyndasmíðir, raunsæismálarar, expressjónistar og aðrir bæta í eyðurnar hvorir hjá öðrum og búa þannig til fyllri og sannari mynd af ýmsu því, sem fyrir augu okkar ber.

Með líku lagi þurfum við bæði á sagnfræði og sögulegum skáldskap að halda til að hafa sem heillegasta og sannasta mynd af lífi og sögu þjóðarinnar. Þess vegna er fengur bæði að samtímasagnfræðiritum eins og Jónsbók Einaris Kárasonar og samtímasögulegum skáldverkum Þráins Bertelssonar, Dauðans óvissi tími (2004) og Valkyrjur (2005). ■

EFST Í HUGA ODDNÝJAR STURLUDÓTTUR PÍANÓKENNARA

Fjölskyldan

Alla daga og alla nætur eru mínir nánustu efst í huga mér.

Reykjavík

Frábær borg sem hefur fósrað mig og veitt mér innblástur í 30 ár. Reykjavík er bæði ung og heimilisleg, stórhuga og kraftmikil. Pottþétt blanda.

Hlustun

Góðir stjórnmálamenn hafa gaukað að mér vísdómsorðum undanfarnar vikur og þær eru allar á einn veg: Pólitíkus verður að kunna þá list að hlusta. Það er gott veganesti. Í starfi mínu sem pianóknari legg ég sífellt við hlustir og hlusta ekki síður á hvað nemendurnir mínir hafa að segja um tónlist, lífið og tilveruna. Tónlist og tónlistarkennsla er gefandi starf sem byggir á nákvæmni, sköpun og vinnu-semi. Alls ekki svo galinn grunnur fyrir þá sem vilja í stjórnmálin!



Tilhlökkun

Ég hlakka til að starfa innan Samfylkingarinnar því það er stjórnmálaafli sem bragð er að. Rétt eins og Reykjavík er hún ung, stórhuga og kraftmikil. Ég hlakka til að dýfa mér ofan í suðupott ólíkra hugmynda og kynna fólki sem vill beita sér fyrir jöfnuði og jafnrétti. Ég hlakka til kosninganna í

vor og veit og 27. maí verður góður dagur.

Stjórnmál

Síðustu mánuði hef ég spurt sjálfa mig og aðra að því hvað stjórnmál snúast í rauninni um. Mér til mikillar ánægju er svarið alltaf það sama; þau snúast um fólk og fólk er mér alltaf ofarlega í huga. Íslendingar eru upp til hópa pólitískir og hafa sterka skoðun á mönnum og málefnum. Íslendingar eru líka upp til hópa orðnir þreyttir á neikvæðni og nöldrí, spillingu og lélegu siðgæði. Íslendingar spyrja: Af hverju geta stjórnmálamenn ekki talað mannamála? Af hverju hlusta þeir ekki á fólkið? Er svona leiðinlegt að vera pólitíkus? Af hverju gengur konum verr en körlum að hasla sér völl í stjórnmálum, viðskipta- og atvinnulífinu? Ég er nýgræðingur og mæti forvitin til leiks. Vonandi finn ég svörin.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUPLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson ABSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Haflíðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík. AÐALSIÐI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVAINSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum versunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

1.3 MegaPixla

Stafræn myndavél innbyggð í skjá



VL15
 Vaxtalaust í 15 mánuðum
9.993

Þitt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndbreytingu



U
C
O

Örgjörvi	1.66GHz Intel Core Duo T2300 Með 667MHz FSB og 2MB flytíminni
Minni	1GB Dual DDR2 533MHz Einfalt að stækka minnið í 4GB
Harðdiskur	80GB 5400RPM SATA 5400RPM SATA harðdiskur
Skrifari	8xDVD±RW Slot DL skrifari Skrifar DVD diska og CD-RW
Skjár	15,4" WXGA WideScreen skjár Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite
Skjákort	128MB ATI Radeon X1400 Sjálftst.minni, PCI-E 16X, TV-út
Hátalarar	Hljóðkerfi með 2 hátölurum Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi
Netkort	Gigabit 10/100/1000 Einnig innbyggð 56k móttald
Þráðlaust	54Mbps þráðlaust netkort Innbyggð 802.11g með loftneti í skjá
Stýrikerfi	Windows XP Home - SP2 A íslensku eða ensku
Annað	Vefmyndavél og kortalesari Hvoru tveggja innbyggð í tölvu

ACER 5672WLMi 1.66GHz DUO T2300 FERÐAVÉL


INTEL CORE DUO

Intel Core Duo er með tvo örgjörva fyrir enn meiri afköst og vinnslu í mörgum forritum í einu án vandræða



15,4" CRYSTALBRITE

Nýjasti 15,4" WXGA CrystalBrite skjáinn, 16ms viðbragðstími með ótrúlegri dýpt og skerpu



8xDVD± SKRIFARI

Super Multi 8xDVD DL geisla-skrifari með Slot Load rauf sem þú stingur diskum beint í



128MB ATI X1400

Nýjasta PCI-E 16X ATI skjákortíð með sjálfstætt 128MB minni og möguleika á 512MB HyperMemory



TENGINGAR

Hlaðin öllum helstu tengjum FireWire, 4xUSB2, VGA, DVI, TV-út, PCMCIA, kortalesara ofl.



VEFMYNDAVÉL

1.3 Megapixel Acer Orbicam vefmyndavél innbyggð í skjáinn með 225° snúningsmöguleika



VERÐ 149.900



Vaxtalaust tilboð er miðað við 15 mánaða jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 3,5% stimpil og lántökugjald bættist við heildarupphæðina sem verður þá samtals kr. 155.169 og dreifist jafnt yfir samningstímann.

TÖLVULISTINN
 SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK
 Nóatúni 17
 Sími 562 6730

AKUREYRI
 Glerárgötu 36
 Sími 464 7400

KEFLAVÍK
 Hafnargötu 90
 Sími 534 7400

Þekkingarleysi á þörfum ungra barna

UMRÆÐAN
DAGFORELDRAR



KOLBRÚN H. GUNNARSDÓTTIR

Ég vil minna Sigrúnu á, að ung börn eru ekki heybaggar sem planta skal í hlöðu yfir veturinn. Þau eru málléysingjar sem taka skal tillit til og oft er stofnun ekki besti valkostur fyrir ung börn. Því verður sú þjónusta sem við veitum, aldrei sambærileg við leikskóla.

Mig langar í þessum orðum að leiðrétta og auka þekkingu Sigrúnar Elsu Smáradóttur sem ritaði pistil í Fréttablaðið 9. febrúar 2006.

Þekking Sigrúnar á þörfum ungra barna og daggæslu almennt virðist vera ákaflega sorgleg. Að slík skrif skuli berast frá konu sem þá var í prófkjöri, þar sem hún rakkar niður heila stétt dagforeldra í Reykjavík er bara með eindæmum. Ef þetta er stefna Samfylkingarinnar, þá munum við dagforeldrar hugsa okkur vel um áður en við kjósum.

Flestir vita að daggæsla í heimahúsi fer fram hjá einu dagforeldri sem sinnir fimm börnum yfir daginn, oftast á heimili sínu, úti sem inni. Ung börn dafna betur þar sem ekki eru tíð mannaskipti heldur sami aðili sem sinnir þeim,

svo að börnin nái að tengjast viðkomandi. Á leikskólum eru oft tíð mannaskipti, ungt reynslulaust fólk, sumarafleysingar og meiri ys og hávaði. Sigrún talar um að það séu tveir starfsmenn með barni eða barnahópi? Hvort heldur er það? Ég veit það. Ekki tveir starfsmenn á barn, svo mikið er víst. Á mörgum leikskólum er ein manneskja sem skilar börnum síðasta klukkutímann. Þá ekki sama manneskja og sú sem sinnir þeim yfir daginn. Flest ung börn veikjast oft og þurfa lyf. Þau eru gefin hjá okkur, sjaldan á leikskólum.

Starfsfólk á leikskólum veikist líka. Ef börnin veikjast ekki að sama skapi og mannekla er, hvað er þá gert? Hvað er gert ef fólk fæst ekki til starfars? Hvað er gert ef verkfall starfsfólks er? Það eru fjórir starfsdagar á ári, hvar eru þau þá? Þau eru send heim! Á það minnst Sigrún ekki.

Dagforeldrar eru flestir foreldrar sjálfir, með reynslu, menntun og þroska til umönnunar barna. Þeir sækja námskeið, slysavarnar námskeið á 3 ára fresti, fá læknisvottorð og sakavottorð fyrir sig og heimilisfólk sitt eldra en 18 ára. Það er óboðað eftirlit þrisvar á ári, en ein heimsókn á leikskóla, boðuð með mánaðar fyrirvara. Sakavottorðs er ekki krafist í umsókn um starf á leikskóla.

Hvað er gert ef barn slasast hjá dagforeldrum og leikskólum? Það er hringt í foreldra eða 112. Slysa börnum á leikskólum eru mun fleiri en hjá dagforeldrum, aldursþópurinn líka breiðari. Hæfni í starfi, þekking á umönnun barna og að meta hvað skal gera ef slysa ber að, lærist okkur sem öðrum.

Það er hægt að ná í okkur að kvöldi og um helgar ef þörf er á vegna upplýsinga. Starfsemi dagforeldra á Norðurlöndum er víða blómleg og margir kjósa umhverfi dagforeldra þar, frekar en stofnanir. Á það minnst Sigrún ekki. Metnaður í starfi, gott skipulag og yfirsýn, þarf til að sinna þessu starfi. Því meiri metnaður, því betra starf og það skiptir máli, þar sem atvinna helst þá stöðug hjá viðkomandi.

Börn eiga að taka sumarfrí að lágmarki einn mánuð á ári. Á sumum leikskólum er ekkert val um tíma. Oftast er um að ræða sama tíma ár hvert og getur verið bagalegt að biðja alltaf um frí á sama tíma ár hvert á vinnustað, þar sem ætlast er til að fríin rúlli á milli manna.

Ég vil minna Sigrúnu á, að ung börn eru ekki heybaggar sem planta skal í hlöðu yfir veturinn. Þau eru málléysingjar sem taka skal tillit til og oft er stofnun ekki besti valkostur fyrir ung börn. Því verður sú þjónusta sem við veitum, aldrei sambærileg við leikskóla. Hjá mér eru þessa stundina börn í gæslu á aldrinum 14 mánaða til 2 ára og fara ekki í leikskóla fyrr en í vor eða haust. Þar fór 18 mánaða viðmiðið!

Við þökkum Sigrúnu fyrir grein, sem sýnir svo ekki verður um flúið, hennar annmarka við mat á starfi heillar starfsstéttar. Það væri nær fyrir þig og kollega þína að stuðla að fleiri veikindadögum handa foreldrum barna, enda kominn tími til. Þar erum við Íslendingar aftarlega á merinni.

Höfundur er fimm barna móðir í Reykjavík og hefur starfað sem dagforeldri til margra ára. ■

Siðferðisvísitalan Egill Helgason

UMRÆÐAN
STRÍÐIÐ LANGA



HAUKUR MÁR HELGASON
HEIMSPEKINGUR

Hvernig gerðist þetta? Hvernig var heiminum skipt upp í kvíar svo snögglega? Með einfaldri tækni sem var enduruppgötvuð í árdaga kvikmyndarinnar og þá kölluð „montage“-skeyting – en hafði áður verið þekkt sem galdrar.

Það tekur fimm ár að umturna heiminum, hugmyndafræðilega og siðferðilega. Fimm ár. Heimsfréttir og fréttaskýringar eru nú gerðar úr setningum sem hefðu verið allt að því ósegjandi fyrir fimm árum síðan. Það sem hefur, gróft á titið, verið gert á þessum fimm árum er að skipta heiminum í „okkur“ og „þá“. Og við vitum öll hvernig þeir eru. Og við vitum öll hvernig þeir eru – börnin þeirra skera sig í höfuðkúpuna með rakhníf eins og mátti á dögnum sjá í ljósmyndasýrpu af daglegu lífi hér og hvar í heiminum.

Hvernig gerðist þetta? Hvernig var heiminum skipt upp í kvíar svo snögglega? Með einfaldri tækni sem var enduruppgötvuð í árdaga kvikmyndarinnar og þá kölluð „montage“-skeyting – en hafði áður verið þekkt sem galdrar. Þannig var aldrei sýnt í orði að Saddam Hussein hefði haft hönd í bagga við fall tvíburaturnanna í New York – en það var gefið nógu oft til kynna með myndmáli til að verða viðtekin hugmynd í Bandaríkjunum. Saddam, Bin Laden, 911. 911, Bin Laden, Saddam. Það voru ekki bara dagblöð og sjónvarpsstöðvar sem stunduðu þessa vel kunnun myndsköpun, heldur og Bandaríkjaher sjálfur, í skæslægri auglýsingaherferð (auglýsingastofan Leo Burnett hefur séð um markaðssetningu hersins upp á síðkastið. Meðal annarra viðskiptavina hennar eru Kellogg's, Visa, McDonalds, Coca-Cola, Philip Morris og Walt Disney. Betur má þó ef duga skal og verður samningurinn boðinn út á næstunni. Sjá vefinn army.com.)

Saddam, Bin Laden, kallarnir á spilastokknum (Bandaríkjaher dreifði spilastokk á meðal hermanna með fyrirmönnum í ríki Saddams Hussein, í mikilvægisröð), Tsjetsjenar, Palestínnumenn – þetta liggur allt ljóst fyrir, þeir líta allir eins út. Fimm ár, þetta var auðvelt.

Og þá, þegar frjálslýndi lýðræðissinninn Egill Helgason og súrrealistinn Sjón hafa fallið fyrir myndunum, kalla Friedrich Nietzsche til vitnis og hrópa „Lífi málfrelsið – leyfum þeim að móðgast“, „Birtum fleiri skopmyndir“ og „Hættum griðkaupum“ (þetta eru fyrirsagnir á nýlegum pistlum Egils Helgasonar á Vísir.is og eru einkum merkilegar fyrir það hve

vandræðalaust hann beitir 1. og 3. persónu fleirtölu) – þá er kominn tími fyrir næsta fasa, segir Bandaríkstjórn, og tilkynnir: Við eigum ekki lengur í „stríði gegn hryðjuverkum“. Við erum nú stödd í „stríðinu langa“ – „the Long War“. Og það mun vara í áratugi, spáir varnarmálaráðuneytið í skýrslu sem það sendi frá sér í síðustu viku (Quadrant Defense Review Report). Meðal atriða sem skýrslan tiltekur í slagorðakenndri sundurliðu þróunarinnar eru:

Frá takti friðartíma – til tímaskeiðs hins óvænta og óvissa. [From a peacetime tempo – to an era of surprise and uncertainty.]

Frá viðbrögðum eftir að neyðarástand skapast – til fyrirbyggjandi aðgerða svo vandamál verði ekki að neyðarástandi. [From responding after a crisis starts (reactive) – to preventive actions so problems do not become crises (proactive).]

Frá herjum hæfum til orrustu (friði) – til herja sem hafa harðnað í orrustum (stríðs). [From a battle-ready force (peace) – to battle-hardened forces (war).]

Ennfremur gerir skýrslan ljóst að bardagar í Afganistan og Írak séu aðeins upphafið á stríði sem verði langtum viðfæðmara, og langvinnara, en þessar fyrstu lotur. Nú eru þetta ekki tíðindi fyrir alla. Donald Rumsfeld, varnarmálaráðherra, sem skrifar undir skýrsluna, er meðlimur í samtökum sem kalla sig Project for the New American Century. Samtökin voru stofnuð árið 1997 og hafa að markmiði að tryggja hnattlægt yfirráð Bandaríkjanna á 21. öldinni. Aðrir meðlimir eru m.a. Dick Cheney, og hugsuðurinn Francis Fukuyama sem í lok síðustu aldar lýsti yfir endalokum sögunnar.

Á heimasíðu samtakanna – www.newamericancentury.org – má lesa stefnuýfirlýsingu og greinar um einstakar aðgerðir, nauðsynlegar til að „byggja á þeim árangri sem náðist á síðustu öld og tryggja öryggi okkar og mikilleik á þeirri næstu“. Stríð í Írak. Stríð í Íran. Stríð í Kóreu. Og svo framvegis, þar til meðlimum samtakanna þykir einsýnt að Bandaríkin munu þurfa að sýna Kína styrk sinn.

Þannig er hugmyndin um „stríðið langa“ ekki ný eða óvænt: En framsetningin er það. Að ríkisstjórnin, sem reyndi að draga dul á raunverulegar hvatir til innrásar í Írak fyrir þremur og fjórum árum síðan, telji nú hina hugmyndafræðilegu nýsköpun nógu langt komna til að tala svo þurrkunarlaust um langtímaásetningu sinn.

Egill Helgason, Sjón og aðrir sem telja brýnna að sýna Múslimum hvar Vesturlönd keyptu málfrelsið en sýna þeim sömu mannvirðingu og Egill Helgason heimtaði nokkrum vikum fyrr af DV, þá í garð innfæddis Íslendinga, sem áreiðanlega var frjálslýndur, lýðræðissinnaður og kristinn – eru til marks um árangur Bandaríkja-stjórnar í baráttunni um hug og hjörtu.

Egill: Þegar þú þarft að vitna í Nietzsche til að verja frjálslýndi og lýðræði, þá er eitthvað skrifðið að ske. ■



AÐALFUNDUR ÖSSURAR HF.

Aðalfundur Össurar hf. verður haldinn í fundarsal á 2. hæð á Nordica Hótel, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík, föstudaginn 24. febrúar 2006 og hefst hann kl. 8:15

Á DAGSKRÁ FUNDARINS VERÐA:

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt grein 4.02 í samþykktum félagsins.
2. Tillaga til breytinga á 1. tl. í gr. 5.01 í samþykktum félagsins sem felst í því að fækka stjórnarmönnum úr sjö í fimm.
3. Tillaga um að heimila stjórn að kaupa eigin bréf félagsins.
4. Tillaga um heimild til stjórnar um að auka hlutfé félagsins um allt að 10% án forgangsréttar.
5. Önnur mál sem eru löglega borin fram.

Dagskrá og endanlegar tillögur munu vera hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins að Crjóthálsi 5, Reykjavík, viku fyrir aðalfund og verða auk þess aðgengilegar á heimasíðu félagsins, sem er www.ossur.com

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundarstað. Hluthafar eru hvattir til að mæta tímanlega til að taka við fundargögnum. Fundurinn hefst stundvíslega kl. 8:15

Reykjavík 10. febrúar 2006
Stjórn Össurar hf.



Við hjálpum fólki að njóta sín til fulls



BRÉF TIL BLAÐSINS

Ályktun fundar SPOEX, haldinn á Akureyri 14. febrúar 2006.

Samtök Psoriasis og exemsjúklinga – SPOEX, krefjast þess að að stjórn FSA gefi skýr svör til húðsjúklinga á Norðurlandi um úrbætur og tímasetningu á væntanlegri göngudeild fyrir psoriasis- og exemsjúklinga. Óviðunandi er að í stærsta byggðarlaga landsbyggðarinnar séu engin úrræði á vegum FSA. Ljóst er að á næstu vikum og mánuðum, munu húðsjúklingar neyðast til að flykkjast suður í meðferð á kostnað hins opinbera, af þessum sökum.

F.H. SPOEX

Valgerður Auðunsdóttir, formaður SPOEX.

VÍSIR

NFS ER Á VISIR.IS

Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar





HERRATÍSKAN

Engra róttækra breytinga er að vænta í herratískunni á næstu misserum.

TÍSKA 2



OF MIKIL SALTNEYSLA

Flestir borða meira salt en mælt er með. Hár blóðþrýsingur er meðal fylgifiska of mikillar saltneyslu.

HEILSA 11

allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT HITT

TÍSKA - HEIMILI - HEILSA

Ferðamenn geta fengið góð ráð um það hvernig á að haga sér í löndum þar sem fuglaflensan hefur komið upp á heimasíðu Landlæknisembættisins, www.landlaeknir.is. Á heimasíðu Alþjóða dýraheilbrigðissamtakanna, www.oie.int, eru ítarlegar upplýsingar um í hvaða löndum fuglaflensan hefur greint.

Mynstraðar flikur eru mjög heitar núna. Á tískusýningum erlendis má sjá að djörf mynstur eru að koma sterk inn og í íslenskum verslunum má til dæmis finna mikið af doppóttum og röndóttum flikum.



Fermingarveislusýning stendur yfir í flestum verslunum Blómavals. Á sýningunni má skoða fullbúin veisluborð í ýmsum litum og fá hugmyndir fyrir fermingarveisluna.

GÓÐAN DAG!

Í dag er fimmtudagurinn 23. febrúar, 54. dagur ársins 2006.



Sólarupprás	Hádegis	Sólarlag
Reykjavík 8.56	13.41	18.27
Akureyri 8.47	13.26	18.06

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Diana Dögg í fermingarkápu móður sinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Heillast af sniðum

Diana Dögg Víglandsdóttir heldur mikið upp á tvær flikur sem hún á, Diesel-peysu sem hún fékk í afmælisgjöf og kápu sem mamma hennar fermdist í.

„Diesel-peysan er í miklu upphaldi hjá mér en ég fékk hana í afmælisgjöf í nóvember 2004. Mér finnst hún svakalega falleg og er oft í henni,“ segir Diana Dögg sem er atorkusamur nemi á lokaári í ferðamálafræði. Hún kennir einnig dans í dansstúdíói WC og segir að það sé mjög mikið að gera.

„Önnur flik sem ég held mikið upp á er kápa sem mamma mín fermdist í og er með fallegu „baby-doll“ sniði. Þetta er yfirhöfnin sem ég geng daglega í. Ég fann hana einhvern tímann fyrir 1-2 árum síðan og sá að hún smellpassaði og eignaði

mér hana á staðnum. Ég heillast af ákveðnum sniðum og er með algerlega á hreinu hvaða snið ég vil. Ég kaup mér alltaf fót í þessum sniðum.“ Hún segist einnig vera mikil jakkamanneskja og eiga ógrynni af jökkum og kápum.

Diana segir aðspurð að hún reyni að forðast að versla með því hugarfari að finna eitthvað ákveðið. „Oftast er það þannig að ég sé eitthvað og kaup það og er ég frábærlega ánægð með það. Þess vegna á ég mikið af jökkum því ég er alltaf að sjá flotta jakka. Ef ég er að leita að einhverju sérstöku þá finn ég aldrei neitt og fer tómhent heim. Mest versla ég í þessum týpísku búðum, 17, Zöru, Vera Moda og Oasis.“

Þessa dagana er Diana á fullu að undirbúa sumarið en hún mun vinna sem hóteltjóri á Eddu-hótelinu í Neskaupstað þar sem hún vann einnig í fyrra.

Fiskihrogn fyrir húðina

NÚ ER UNNIÐ AÐ PRÓUN NÝS HÚÐKREMS Í SVÍPJÓÐ SEM INNIHELDUR ENSÍMI ÚR HROGNUM OG GELATÍN EN KREMIÐ GERIR KRAFTAVERK FYRIR EXEM- OG PSORIASIS-SJÚKLINGA.



Sótt hefur verið einkaleyfi fyrir nýju húðkreminu í Svíþjóð. Kremið er búið til úr ensími úr hrognum og gelatíni úr fiski. Þetta kemur fram í blaðinu Gemini, vísindaritni sem gefið er út af rannsóknarstofnunum NTNU og Sintef í Noregi, en þar segir að ensímið zonase, sem finnst í fiskihrognum, geti brotið niður dauðar húðfrumur án þess að skaða lifandi húðfrumur. Kremið virkar vel gegn psoriasis og exemi og getur kremið einnig örvað vökt nýrra húðfrumna.

Innblasturinn að kreminu kom frá starfsmönnum í fiskvinnslustöð í Björgvin í Noregi. Starfsmennirnir unnu alla daga með hendur í köldu vatni við að handleika laxaseiði og hrogn. Í stað þess að húð á höndum þeirra yrði rauð og sprungin sem við var að búast urðu hendurnar silkimjúkar. Nýja húðkreminu hefur verið prófað við Háskólasjúkrahúsið í Linköping í Svíþjóð og hefur það reynt vel. Frétt fengin af www.skip.is

Heill heimur af skemmtilegu skrauti



Ljós
Veggskraut
Borð og stólar
Dótakassar
Mottur
Gardínur/teppi

HÚSGAGNA HEIMILIÐ

Fossaleynir 6 - 112 Reykjavík - Sími: 586 1000 - Fax: 586 1034 - www.husgogn.is



HERRALEG
TILBOÐ:

20%

AFSLÁTTUR Í
HERRADEILD

FIMMTUDAGINN
23. FEBRÚAR
TIL SUNNUDAGSINS
26. FEBRÚAR

VIÐ FÖGNUM HÆKKANDI SÓL
OG BJÓÐUM 20% AFSLÁTT
Í HERRADEILD DEBENHAMS
FRÁ FIMMTUDEGI
TIL SUNNUDAGS.

KOMDU OG TRYGGÐU ÞÉR
FLOTTUSTU HERRAMERKIN
Á MARKAÐNUM
- Á MUN BETRA VERÐI.

OPIÐ TIL 21:00
ALLA FIMMTUDAGA



DEBENHAMS

SMÁRALIND



Frá sýningu Givenchy á tiskuvíkunni í New York. Eins og sjá má eru engar stórkostlegar breytingar á tiskustráum karlanna fyrir næsta vetur þó að hér sé reyndar kominn inn í spilð skemmtilegur grænn litur. NORDICPHOTOS/AFP

Sama gamla sagan

Að undanförmu hafa tiskuvikur staðið yfir víða um heim. Á þeim hafa ekki komið fram neinir róttækir eða nýir tiskustráumar í herratískunni.

Komandi haust- og vetrartíska hefur verið ríkjandi í öllum þeim fjölmörgu tiskuvikum sem farið hafa fram víða um heim að undanförmu. Fréttablaðið hefur fjallað um fjölmargar þeirra en oftast um kvenfatatískuna enda sú hlið sú veigamesta í tiskuvíkunum sjálfum. Við ætlum hins vegar núna að skoða hvað hefur verið áberandi hjá tiskuhönnuðum varðandi karlmenn á undanförmum vikum.

Til einföldunar má segja að það sem einkenni komandi vetur sé núverandi vetur. Engar áberandi eða róttækar breytingar virðast liggja í loftinu og það er eins og almenn sátt ríki um núverandi ástand. Af því sem hefur verið ríkjandi að undanförmu og við sjáum áfram má nefna v-hálsmál, hneppt vesti, nið-urþröngar buxur og tvíhneppa jakka. En vitanlega má merkja einhverjar nýningar. Má þar til dæmis nefna flauel og hermannajakka sem eru að koma aftur eftir stutt hlé. Einnig virðast skyrtur með þröngum krögum, hálfgerðum Bítlakrögum, vera að koma inn og eins og hjá konum hafa mittisháar buxur orðið meira áberandi en áður. Þröngir og litlir Blazer-jakkar hafa einnig verið að skjóta upp kollinum hér og þar. Annars er flest með mjög hefðbundnu sniði.

steinthor@frettabladid.is

Ralph Lauren er kannski ekki beint þekktur fyrir að taka af skarið varðandi tiskustráuma. Hér fylgir hann hefðbundnum línunum eins og reyndar margir aðrir hafa verið að gera.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



Travis Binkle, aðalhetjan úr myndinni Taxi Driver, var fyrirmynd Junya Watanabe á tiskuvíkunni í París. Þar sýndi hann margar skemmtilegar og frumlegar útgáfur á annars þreyttu hermannasniði. NORDICPHOTOS/AFP



Þröngir Blazer-jakkar eru að verða nokkuð áberandi. Einnig mjög þröngir kragar á skyrtum eins og sjá má á þessari mynd. Myndin frá sýningu Cloak á tiskuvíkunni í New York sem lauk fyrir stuttu. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



Á tiskuvíkunni í Milánó hreifst Giorgio Armani einstaklega mikið af flaueli og öllu bláu. NORDICPHOTOS/AFP



Hneppt vesti halda áfram að vera áberandi á komandi vetri. Á þessari mynd sem er frá sýningu Hermès í París má einnig sjá flauel skyrtu sem er frekar óhefðbundið. NORDICPHOTOS/AFP





Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

Elbaz gælir við herrana

Á herratískusýningum fyrir næsta vetur 2006-7 mátti sjá nokkra byltingu hjá einu elsta tískuhúsi Parísar, Lanvin. Alber Elbaz, hönnuður Lanvin, hefur um nokkurt skeið umbylt þessu gamla tískuhúsi sem var á fallanda fæti með einni af alflottustu kvenhönnun sem finna má í tískuheiminum í dag. Veltan hefur margfaldast á nokkrum árum og heldur enn áfram að vaxa og saumastofur hafa vart undan að framleiða. Það var því aðeins tímaspursmál hvenær stjórnendur Lanvin, en ekki má gleyma að það var fyrsta franska tískuhúsið sem bauð upp á herratísku, vildu poppa upp herralínu tískuhússins. Með hina kínversku madame Wang í fararbroddi sem er eigandi Lanvin. Hún er ótrúleg týpa á sjútgaldri sem ég hef hitt nokkrum sinnum á „show-roomi“ Lanvin, með svört kolastrík í kringum augun og viskíródd eins og Bonnie Tayler þegar hún hlær sjárallega.

Alber Elbaz fékk í lið með sér Lucas Ossendrijver sem hefur meðal annars verið aðstoðarmaður Hedi Slimane hönnuðar herralínu Dior sem hefur átt herratískuheiminn undanfarin ár. Saman reyndu þeir að afmá dálítið stirða og þreytta ímynd Lanvin án þess að gleyma glæsileika og fágun Lanvin, bæði fyrr og nú. Elbaz notast nær eingöngu við hrein efni svo sem silki, satín, kasmírull og hör og þetta mátti sjá í herrasilkibuxum og silkíþróttaskóm sem og smóking í prjónaefni. Ekki má heldur gleyma tvíhnepptum peysum eða slaufunni sem er eitt af einkennum Lanvin frá tímum stofnanda hússins, Jeanne Lanvin í lok 19. aldar. Líkast er sem slaufurnar og borðarnir af kjólum Lanvin séu komin um hálsinn á karlönnum svo nú geta karlarnir passað við konurnar þegar farið er út.

Annars eiga margir hönnuðir það sameiginlegt að vera fastir á einhverju drengjaskiði frá árunum 60-70. Bæði á það við um Hedi Slimane hjá Dior og Stefano Pilati hjá YSL. Sá fyrrnefndi hverfur þó næsta vetur frá niðþröngu bitlabuxunum og hækkar buxnastrænginn. Það er helst að Jean-Paul Gaultier skeri sig úr og hann gælir enn við mörkin milli hins kvenlega og karlegra eins og nýja ilmvatnið Gaultier2 gerir. Í þetta skiptið gekk hann alla leið með því að bjóða upp á herralínu sem sömuleiðis er ætluð konum enda voru bæði karl- og kvenfyrirsætur á tískusýningu hans. Nýjungin var buxnapils fyrir karla.

Á meðan virðist John Galliano, hönnuður kvenlínu Dior, færast nær karlmannlegri tísku fyrir sitt eigið tískuhús, John Galliano, og held ég að enn eigi Galliano flottustu herranærfötin sem eru litrík og hægt að nota jafnt sem nærföt eða sundskýlu í vetrarfríinu næsta vetur.

bergthor.bjarnason@wanadoo.fr



Félagarnir Domenico Dolce og Stefano Gabbana opnuðu tískuvíkuna í Milánó á mánudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

Tískuvika hefst í Milánó

TÍSKUVIKUBRJÁLÆÐIÐ HELDUR ÁFRAM OG ER NÚ ER KOMIÐ AÐ MÍLANÓ-BORG AÐ LÁTA LIÓS SITT SKÍNA, ÖÐRU SINNI.

Hver tískuvikan rekur nú aðra um allan heim. Nú er nýlokið tískuviku í London og fyrir rúmri viku lauk annarri í New York. Á mánudaginn hófst tískuvika í Milánó en þetta er í annað sinn á þessu ári sem þar fer fram tískuvika. Á fyrri vikunni var áherslan á herratískuna og var hún mun minni í sniðum. Að þessu sinni eru hins vegar mættar á svæðið allar helstu tískugoðsagnir heimsins. Þar ættu allir að finna eitt-hvað við sitt hæfi en meðal þeirra sem kynna vörulínu sína má nefna Dolce & Gabbana, Armani, Prada og Jil Sanders. Víkan einblínir að mestu á haust- og vetrartískuna en þar sem hún fer fram í hinni seiðandi borg Milánó má alveg búast við djarfri hönnun. Meira verður fjallað um tískuvíkuna í Milánó hér í Fréttablaðinu á næstu dögum.

Eigum mikið úrval af hárspöngum og löngum festum í öllum gerðum

Háerspangir frá kr 290

SKARTHÚSIÐ
Laugavegi 12, s. 562 2466

nýjar vörur

SAND
WOMAN

SAND WOMAN KRINGLUNNI 553 4141

NEW YORK DUBLIN BERLIN VIENNA ZÜRICH MOSCOW WARSAW MADRID STOCKHOLM OSLO HELSINKI PARIS LONDON AMSTERDAM COPENHAGEN EDINBURGH REYKJAVIK

Indie-tískan rokkar

Flottir bolir, þröngar buxur og hliðartöskur eru dæmi um indie-tísku.

Undanfarin misseri hefur indie-tískan verið að brjótast fram í Bandaríkjunum, Evrópu og þar með einnig á Íslandi. Nýjar búðir eru opnaðar hver á fætur annarri í miðbæ Reykjavíkur með rokkaðri indie-tísku sem sækir mikið af áhrifum sínum aftur til fortíðar.

Indie-fyrirbærið er í raun ekki nýtt af nálinni.

Indie er stytting á enska orðinu independent og á rætur sínar að

rekja til listastefnu í bókmenntum, tónlist og kvikmyndum. Í fyrstu var indie notað yfir listamenn sem unnu sjálfstætt og gáfu flest allt út á sínum vegum eða smærri útgáfufyrirtækja. Í dag hefur indie orðið að alþjóðlegu hugtaki, oftast yfir það sem ekki er hefðbundið og mjög almennt. Með sífelldri afturhvörf auk meiri rokk og ról áhrifa í tískuheiminum hefur indie-stimpillinn einnig fests við ýmsa tískustrauma.

Flottir bolir og peysur, þröngar buxur, Converse-skór, hliðartöskur, hálsklútar, pils, kjólar og miklar perlufestar og hálsmen eru dæmi um indie-tískuna, sömuleiðis hljómsveitabolir og peysur.



Stuttur kjóll sem hægt er að nota yfir buxur.

Perlufestar hafa verið geysivinsælar, sérstaklega í kjölfar „second hand“-bylgjunnar.



Dior

Kynning í dag og á morgun

í snyrtivöruversluninni Glæsibæ

Snyrtifræðingur frá Dior verður á staðnum og býður upp á húðgreiningu og aðstoð við val á förðunarvörum.

Ef keyptar er tvær Dior vörur fylgir falleg taska ásamt maskara og augnhreinsivatni.*

*Gjöfin fylgir á meðan birgðir endast.

SNYRTIVÖRUVÆRSLUNIN
GLÆSIBÆ

OUTLET
FISKISLÓÐ 75

Ótrúlegt úrval af dómum, herra og barnaskóm á góðu verði

VERÐHRUN Á VÖLDUM VÖRUM
VERÐ FRÁ 500 KR

STÆÐIR 36-40 2.900,-

STÆÐIR 36-41 2.900,-

STÆÐIR 36-41 3.000,-

STÆÐIR 36-41 3.000,-

ATHUGIÐ:
BREYTTAN ÖFNUNARTÍMA Í JANÚAR OG FEBRÚAR
ÖFÍÐ FIMMTUDAGA OG FÖSTUDAGA 13-18 OG LAUGADAGA 12-16,
LOKAD ADRA DAGA.

Fiskislóð 75 (út á Grandu), 101 Reykjavík, s:514-4407

XIB SKECHERS: every1

www.jbj.is - fyrir árs hátíðina

Augnháralitur og augnbrúnalitur Tana® Cosmetics



Augnháralitur og augnbrúnalitur sem fagaðilar nota. Auðveldur í notkun. Allt sem þarf í einum kassa – þægilegra getur það ekki verið.

SÖLUSTADIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRVERSLANIR

FAGMENNASKA Í 11 ÁR
BRÚN(N) Á 15 MÍNÚTUM
BÓKAÐU NÚNA Í SÍMA 561 3060

BRÚÐKAUP ÚTSKRIFT GOTTSKAP

SNYRTISTOFAN
HELENA
FAGRA



S. 561 3060
LAUGAVEGI 163



Hágæða húð- og hárvörur
Fyrir börn

Sérverslun með kvensilfur



Margar gerðir af búningasilfri.

Þetta er ódýrasta mynstrið. Allt sem þarf á upphlutinn, settið frá 90.530, kr.

Allar upplýsingar um hefð og gerðir búninga eru veittar á staðnum.

Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Léttir jakkar gegn bleytu

Gott er að hafa regnjakka tiltækan þegar það fer að rigna.

Ef það er eitthvað sem við Íslendingar getum treyst á þá er það rigningin. Hún birtist þegar maður á síst von á henni og þó hlýtt sé í veðri getur rigningin í stríðum straumum. Þá er gott að geta skellt einhverju yfir sig sem verndar gegn bleytu án þess þó að maður stikni úr hita. Fyrir utan vatnsheldni hafa regnjakkar það fram yfir ýmsar kápur og úlpur að það kemur ekki eins leiðinleg lykt af þeim þegar þeir blotna.



Jakkar með hettu úr Debenhams. Sá litríki kostar 6.990 krónur en blái kostar 4.990 krónur.



Léttir og liprir jakkar með hettu úr Útilífi. Þeir eru báðir vatnsheldir úr öndunarefni. Sá rauði kostar 12.990 krónur en sá græni er á 9.900 krónur.



Jakkar úr Blend, sá blái er með hettu. Kosta 4.990 krónur stk.



Frábært úrval á kvenfatnaði í öllum stærðum

4 verð í gangi

500 - 1000 - 1500 - 2000

Komdu og gerðu langbestu kaupin í bænum!



ZIKZAK
OUTLET

MÖRKINNI 1 - REYKJAVÍK

Fatabreytingar 50 ára reynsla

Allar fatabreytingar. Buxur stytta meðan beðið er.



Keurt upp frá Skúlagötu



Vatnsgátt 11 - 101 Reykjavík
Sími: 552 5540

Klæðist mjög oft kjólum

Regína Ósk Óskarsdóttir söngkona fylgist vel með tískunni og hefur gaman af því að kaupa sér fót.

Regína segist hafa mjög gaman af því að kaupa sér fót og á sér uppáhalds búðir. „Uppáhalds búðin mín er Vila í Smáralind og svo versla ég stundum í Vero Moda,“ segir Regína.

Regína fylgist vel með tískunni en er samt með sinn eigin stíl. „Ég kaupi mér ekki fót sem klæða mig ekki bara af því að þau eru í tísku eins og sumir gera. Ég er hins vegar voða dugleg að grafa upp eitthvað sem klæðir mig og finn yfirleitt eitthvað sem mér líkar,“ segir hún.

Regína keypti sér síðast tvo kjóla í Rokki og rósum. „Þetta eru gamlir kjólar, rosa flottir. Annar er svona koníaksbrúnn og hinn er svartur. Ég held að ég eigi eftir að nota þá mjög mikið því það er bæði hægt að dressa þá upp og niður,“ segir hún. Regína er ekki ennþá búin að nota svarta kjólinn en hún fór í koníaksbrúna kjólnum á Íslensku tónlistarverðlaunin um daginn.

Regína á sér enga eina uppáhaldsflík. „Ég á mér alltaf bara uppáhaldsflíkur í einhvern ákveðinn tíma og svo hætti ég að nota þær og eignast nýjar uppáhaldsflíkur,“ segir hún.

Regínu finnst gallabuxur ómissandi í fataskápinn. „Ég nota gallabuxur mikið og svo finnst mér nauðsynlegt að eiga svört pils því ég er voða mikil pilsa- og kjóla-kona. Ég vil hafa pilsin svona milli-síð eða síð því ég er ekki mikið fyrir mínipils. Mínipilsatískan er tíska sem ég tileinkaði mér ekki,“ segir Regína og hlær.

Regína hefur mjög gaman af því að kaupa sér skó. „Ég er mjög mikið í stígvélum og mér finnst frábært hvað er mikið úrval af þeim í verslunum núna. Ég verð



Regína í koníaksbrúnum kjól sem hún keypti í Rokki og rósum.

FRÉTTABLAÐID/HARI

alltaf að eiga svört stígvél og svo er ég mjög hrifin af brúnum stígvélum núna en ég á stígvél í öllum

litum sem ég get notað við ýmis tækifæri.“

emilia@frettabladid.is

Aloaha!

FYRIR KOMANDI SUMAR GÆTU JAFNVEL HINAR HALLÆRISLEGU HAWAII-SKYRTUR ORÐIÐ AÐ TÍSKU-FYRIRBRIGÐI.

Hawaii-skyrtur er ekki eitthvað sem maður sér dagsdaglega. Sérstaklega ekki á hinu ísaköldu Íslandi. Þeir einu sem hafa þorað að láta sjá sig í Hawaii-skyrtum á Íslandi eru einstaka flípparar og Dr. Gunni. Á herratískusýningum fyrir komandi sumar hafa nokkrir tískuhönnuðir haft skrautlegar Hawaii-skyrtur í hávegum. Má þar til dæmis nefna Dolce & Gabbana, Kean Etro, Rachel Comey og Paul Smith. Ekki eingöngu hafa hönnuðir verið að leika sér með Hawaii-skyrtur heldur hafa þeir verið að nýta þessi trópísku munstur í fjölmargt annað. Má þar sem dæmi nefna jakka, stutt-



Margir tískuhönnuðir hafa beitt fjölbreyttum og exótískum munstrum fyrir komandi sumar í herratískunni.

buxur, belti, bindi og jakka. Þessir einstöku flípparar og Dr. Gunni geta því fagnað komandi sumri, gengið í Hawaii-skyrtunum sínum stoltir og hver veit nema að aðrir fylgi í kjölfarið?



Almennt eru kattardýr afar harðsvíruð og kattardýramynstur ættu því að sóma sér vel á alvöru karlmönnum.

Karlkyns kattardýramynstur

KATTARDÝRAMYNSTUR, TIL DÆMIS HLÉBARÐAMYNSTUR, ERU AÐ RYÐJA SÉR TIL RÚMS HJÁ KARLMÖNNUM.

Loðfeldir og dýramynstur hafa hingað til oftast verið bendluð við kvenkynið. Að undanfögnu hafa dýramynstur verið afar algeng hjá stúlkum og konum, sérstaklega með auknum vinsældum verslana sem selja notuð fót. Þessi dýramynstur gætu nú einnig verið að færa sig yfir

í tískudeild karlanna. Alltént hafa margir tískuhönnuðir verið að nota allskyns dýramynstur og þá aðallega hlébarðamynstur. Hefur tískuvefurinn style.com meðal annars hampað hlébarðamynstrinu sem tilvonandi tískufyrirbæri hjá karlmönnum. Ekki er endilega um að ræða heilu hlébarðaskinnin heldur einungis útfærslur á þessum mynstrum á jökkum, peysum og vestum. Vissulega mjög svalt enda eru kattardýr eitursvöl og láta ekki vaða yfir sig.

Kaupið fyrir 5000 og fáið 10% extra afslátt

ICE TREND OUTLET

SÍÐUMÚLA 34

Opið: Virka daga 11-18 Laugardaga 11-16

NÚ 30% AFLSÁTTUR Á PIPPI OG CLAIRE FATNAÐI

200 KR. STK. SJÁL VESKI BUXUR	400 KR. STK. HETTUPEYSUR STRÁKAPEYSUR DÖMUPEYSUR HANSKAR HÚFUR	500 KR. STK. STELPU - GALLABUXUR TREFLAR	600 KR. STK. 2 STK DÖMUPEYSUR FLISPEYSUR STRÁKAPEYSUR STELPUPEYSUR
700 KR. STK. STRÁKAGALLABUXUR GUMMISTIGVELI DÖMUUR PIPPI PRJÓNAPEYSUR	800 KR. STK. DÖMUBELTI STRÁKABUXUR STELPU - JOGGINGGALLAR UNGBARNAÚLPUR	900 KR. STK. DÖMU GALLABUXUR DÖMUÚLPUR STRÁKA - JOGGINGGALLAR	1000 KR. STK. BARNAÚLPUR REGNGALLAR STELPUVESTI STRÁKANÁTTFÓT

OG MARGT FLEIRA.....

NÝ FATASENDING VÆNTANLEG Í MARS - VERÐUR AUGLÝST SÍÐAR!



Vorlínan frá Pilgrim er komin
Tilvalið skart fyrir fermingarstúlkuna

SKARTHÚSID
Laugavegi 12, s. 562 2466

Flott föt á flotta krakka!



Full búð af nýjum vörum!
DU Pareil au mème
Laugavegur 17 og Kringlunni
Sími 552-6744 og 588-6750



FERMING Í FLASH

Kjólar
Pils
Toppar
Jakkar
Ótrúlegt úrval

FLASH
Laugavegi 54,
sími 552 5201

Vor í lofti nýjar vörur




100% vatnsheldir Nýjar skyrtur Vind og vatnsheldir Flottir skór fyrir alla

Timberland  Kringlunni
Sími 533 2290



Í dökkum litum

Basso & Brooke eru hönnuðir, nýjörðnir frægir. Á tískuvíkinni í London sýndu þeir fremur myrka fatalínu.

Á bak við fatalínuna Basso & Brooke standa samnefndur Breti og Brasilfumaður. Fyrir ári síðan sátu þeir í lítilli herbergisholu í London og teiknuðu mynstur á efni. Í dag eru þeir búnir að fá hin eftirsóttu Fashion Fringe-verðlaun og voru að ljúka við sýningu þriðju fatalínunnar á tískuvíkinni í London á dögunum. Margir líkja hönnun tvíeykisins við Versace og Galliano og í gríni hefur því verið fleygt að frægu hönnuðirnir hafi farið til Ríó og eignast í leyni tvíburana Basso og Brooke.

Teiknimyndahöfundurinn Panayioty vinnur náð með vininum. Hún teiknar myndir sem Basso síðan litar, fjölfaldar og býr til mynstur úr en slík mynstur eru einmitt einkennismerki Basso & Brooke. Þeir eru greinilega hrifnir af niunda áratugnum og njóta leggings, púffaðar ermar, silkiflíkur og glans og glimmer vinsældar hjá þeim.

Myrkt var yfir haustlínu Bosso & Brooke og sýningarsalurinn var eftirlíking dýflissu. Litirnir voru ekki jafn skærir og í sumarlínunni og dökkfjólublár, -brúnn og -grænn mest áberandi.



Falleg lýsing getur gert mikið fyrir heimilið. Stundum er nóg að kaupa nýjan lampa til þess að breyta um svip á herbergi.

Litagleðin allsráðandi í fermingarskreytingum

Fermingarnar nálgast og nú er gaman að spá í hvernig best sé að skreyta veisluborðið.

Sterkir litir einkenna borðskreytingarnar sem búið er að stilla upp í blómabúðunum fyrir fermingarnar. Rauður, appelsínugulur, blágrænn, bleikur, ljósgrænn og blár innan um svart og hvítt. Ótrúlegt úrval er til af skrauti fyrir utan kubbakertin, bæði köntuð og rúnnað. Fiðrildin halda velli og fást í miklu litaúrvali, smáskraut og bönd af ýmsu tagi. Servíettur eru sjálfsagðar og pappírskraut til að hengja yfir borðin er líka til í öllum mögulegum litum. Svo má ekki gleyma blómunum sem alltaf eiga sinn sjálfsagða sess á hátíðaborðinu, hvort sem þau eru lifandi, úr silki eða jafnvel gleri. Myndirnar hér á síðunni eru teknar í Blómavali og Garðheimum og gefa hugmynd um það sem þar er á boðstólum.



Sterkblá silkiblóm setja flottan svip á borðið. Myndin er tekin í Garðheimum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Rauð kertir og appelsínurauð. Myndin er tekin í Garðheimum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Heitir litir í skreytingum í Garðheimum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Blátt og blágrænt passar vel saman. í Garðheimum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Blágræni liturinn fer einkar vel með svörtu. Úr Blómavali.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



Hvítt og bleikt er alltaf flott. Myndin er tekin í Blómavali.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



Gaman er að blanda limegrænu og bleiku saman eins og hér er gert í Blómavali.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

SPARKY PROFESSIONAL
– fyrir iðnanaðar-manninn

MÚRBÚÐIN
Byggingavöruskráunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · www.murbudin.is

KOKOS-SISAL TEPPI

Falleg - sterk - náttúruleg
Verð frá kr. 2.840,- pr. m²

Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
www.sinnet.is/strond

STRÖND EHF.

Íbúðarhús · Sumarhús / Íslensk regnsla · Pitt öryggi

Hús & Hönnun ehf
FAGMENNSKA · GÆÐI · HAGSTÆTT VERÐ

Láttu drauminn rætast!
Kynntu þér málið og fáðu
tilboð þér að kostnaðarlausu!

Suðurlandsbraut 16 · Sími 517 4200 · www.husoghonnun.is

Fallegar yfirbreiðslur sem lífga upp á gamla sófa og vernda nýja.

SófaList,
Síðumúla 20 (2.hæð)
Sími 553 0444
www.sofalist.is
sofaList@internet.is

Póstsendum

Nýjar vörur!

Sipa

Laugavegi 67
Sími: 551 8228



Hinar vinsælu dönsku bókahillur komnar aftur

Tekk - Kirsuberja - Hlynur

Hringið og biðjið um mynda- og verðlista

HEIMILISPRYÐI

HÚSGAGNAVERSLUN V/HALLARMÚLA · 108 REYKJAVÍK
SÍMI 553 8177 & 553-1400

Loksins á Íslandi !!!



Hús & Tæki ehf auglýsir
Hin vönduðu og geysivinsælu Norsku Drammen hús!
Íbúðarhús - Heilsárshús. Margar gerðir. Gott verð!!!

www.hthus.is S - 540 9600 / 896 1081 Hjörtur / 863 6062 Þorkell

Ný sending af silkiþlómum

Vandaðar heimilis- og gjafavörur

DUKA
Kringlunni - sími : 533 1322



PÍANÓSTILLINGAR

Skjót og fagmannleg þjónusta • Verð frá 12.500 m/vsk

Kristinn Leifsson
S. 661-7909 • netfang: kristinn@pianostilling.is

allt bílar

Alla laugardaga



www.badheimar.is

ceramicplus
Villeroy & Boch

Upphengd salerni í miklu úrvali
frá Villeroy & Boch ásamt handlaugum með Ceramicplus glerung.

BADHEIMAR

Fosshálsi 1
s: 525 0800



Bryndís kann einkar vel við sig í sófa sem stendur út við gluggann í miðju húsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lessófinn góði og húsið

Bryndís Schram er komin heim í heiðardalinn eftir átta ára útivist.

Bryndís unir sér vel í hinum fjöru-tíu ára gamla sumarbústað fjölskyldunnar sem nú hefur verið stækkaður um helming og gerður að glæsiheimili. „Ég er það nýflutt hingað að ég hef ekki tekið ást-fóstri við neitt sérstakt horn en mér líður afskaplega vel í sófa sem stendur í miðju hússins, á mótum gamla hlutans og þess nýja. Hér hreiðra ég oft um mig þegar ég er að lesa,“ segir Bryndís brosandí og bendir á öndvegis hægindi út við gluggann.

Húsið stendur í Reykjadal í

Mosfellsbæ og þar kveðst Bryndís hafa átt margar yndisstundir með fjölskyldu sinni þegar hún var yngri. „Umhverfið var öðruvísi þá og skógurinn sem nú einkennir dalinn var ekki kominn á legg,“ lýsir Bryndís. „Það var Guðmundur Ólafsson, þekktur bakari á Laugaveginum, sem var frumkvöðull í að planta trjám í dalnum og fleiri fóru að dæmi hans,“ bætir hún við og rifjar upp þá tíma þegar farið var í helgarferðir í Mosfellssveitina. Þótt margt hafi breyst blasir Krosshóllinn enn við út um gluggann hennar og þar búa hollvættir heimilisins að hennar sögn. „Það er algerlega bannað að slá Krosshóllinn,“ segir hún ákveðin.

Bók eftir jafnréttissinnann Betty Friedan liggur á borðinu og Bryndís kemst á flug þegar minnst er á þá konu. „Betty er nýlega látin og ég furða mig á hversu lítið er um hana fjallað í fjölmiðlum. Ég hitti hana oft í Washington því við borðuðum stundum á sama ódýra kínverska veitingastaðnum. Hún var merk kona og titill ævisögu hennar sem kom út þegar hún var 83 ára er eftirtektarverður. Bókin heitir Live so far eða Lífið fram að þessu því þótt Betty væri komin á níræðisaldur þá var hún ekkert að hætta. Það var ekki í henni þessi hugsunaráttur sem örlar á hér á landi: „Þú ert nú orðin svo gömul. Ætlaðu ekki að fara að slaka á?!“

STELLID: FURSTYJNAN



Furstynjan fer vel á borði við hvaða tækifæri sem er.

Furstynjan er eitt af þeim stöllum sem eru algerlega tímalaus. Það fæst í versluninni Tékk kristall.

Líklega er furstynjan eitt af útbreiddustu stöllum á Íslandi. Það hefur fengist hjá Tékk kristal í 30 ár en hefur verið framleitt frá 1951/52 af fyrirtækinu Furstenberg sem var stofnað 1747. Það eru því nokkrar kynslóðir sem hafa heillast af þessu stelli og handfjatlað það og enn nýtur það vinsælda unga fólksins. Furstynjan er hönnuð af Walter Nitzsche sem studdist við verðlaunahugmyndir tveggja annarra hönnuða. Stölinu tilheyra 27 stílhreinir hlutir úr þunnu beislitúðu postulíni með gullskreytingu. Þeir þola að fara í uppþvottavélur.



Mjúkar línur einkenna diska og aðra hluti.



Hafi fólk áhuga á að forvitnast um fyrri íbúa hússins getur það leitað til Borgarskjalasafns Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Hver bjó í húsinu þínu?

Íbúum í Reykjavík gefst nú kostur á að komast að því hverjir bjuggu í húsinu þeirra á árum áður.

Margir Reykvíkingar búa í eldri húsum sem marra af sögu og liðnum atburðum. Aldrei er að vita nema í þínu húsi hafi búið skáld eða þjóðhetja, gistiheimili verið rekið fyrir danska aðalsmenn eða hreinlega að góður kunningi hafi eitt sinn búið í þinni íbúð.

Í tengslum við Vetrarhátíð Reykjavíkur gefst Reykvíkingum kostur á að forvitnast um fyrri íbúa húsa sinna hjá Borgarskjalasafni Reykjavíkur en þar eru varðveittar margvíslegar heimildir um hús í Reykjavík og íbúa þeirra.

Fyrirspurnin fer fram á þann máta að þrjú ár eru valin sem sérstaka forvitni vekja. Upplýsingar um húsheiti, nafn sendanda, símanúmer og netfang er sent á borgarskjalasafn@reykjavik.is og Borgarskjalasafn hefur samband með upplýsingarnar sem óskað var eftir. Einnig er hægt að koma með fyrirspurnir símleiðis í síma 563 1760.

Tekið skal fram að þessi þjónusta er í boði allan ársins hring Reykjavíkurbúum að kostnaðarlausu og hægt er að fá yfirlit yfir sögu húsa og íbúa þess frá upphafi.



Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM POTTAPLÖNTUR

Burknar í milljónir ára

Fyrir rúmlega 320-360 milljónum ára breyttist gróðurfar jarðar og fyrstu eiginlegu skógarnir hófu að þekja stór og samfelld landsvæði. Loftslagið var hlýtt og rakt með tiltölulega litlum árs-tíðasveiflum. Uppistaðan í skógunum var fjölbreytt flóra burkna og elftinga. Umsetning gróðurrikisins var hröð og mikið féll til af jurtaleifum. Úrkoma var líka mikil og moldin varð fjótt vatnsósa fen þar sem mestur var gróðurinn.



En samt bættist alltaf við ofan á og efsta moldarlagið var rakt, þykkt og svampkennt. Mosar voru botngróðurinn en upp úr honum uxu himinháar elftingar og burknar. Froskar og skordýr voru einu landdýrin. Þetta var vot veröld. Smám saman þróaðist veðurfar og varð þurrara og svalara og fyrir um 290 milljónum ára höfðu skriðdýr þróað frá froskdýrum og frumbarriðir af byrkningum. Tími risaæðlanna rann upp. Burknaskógafenið þornuðu upp – og mynduðu með tímanum víðfeðm steinkolalög sem má finna í jarðlögum víða um heim og eru grundvöllur þeirra kolanáma sem eru svo mikilvægur fyrir orkuframleiðslu í stórum hlutum heims, hvað sem mönnum finnst svo um það.

Hrygna eins og fiskar!

En hvorki burknar né elftingar hurfu gjörsamlega af yfirborði jarðar á þessum umbrotatímum, heldur þróaðist plöntuættbálkurinn áfram og á enn fulltrúa um allt þurrlendi jarðar, meðal annars nokkra í íslensku flórunni. Sameiginlegt einkenni þeirra er að plönturnar fjölga sér með gróum en

ekki fræjum eins og algengast er nú í ríki háplantanna. Munurinn á þessum fjölgunaraðferðum er sá, að hjá fræplöntum á frjóvgunin sér stað inni í egglegi en hjá byrkningum verða kynfrumurnar að sameinast á sáðbeðum og þurfa til þess vatn. Tímgunaraðferð þeirra er að því leyti nokkuð áþekkt hrygningu fiska.

Vinsælar pottaplöntur

Fjöldi burknategunda hefur ratað inn á vinsældarlista þeirra sem hafa áhuga á að prýða og bæta umhverfi sitt innanhúss. Og til að fá burkna til að þrífast þarf nefnilega nákvæmlega þær aðstæður sem mönnum líður best í: Þægilega hlýtt, þægilega rakt og þægilega bjart! Vinsælasti stofuburkninn hefur um langa hríð verið sverðburkninn, *Nephrolepis exaltata*, sem náttúrulega útbreiðslu sína á í heittempraða beltinu – þvert yfir öll höf – en mun hafa komið til ræktunar

í Evrópu með plöntum frá Vestur-Indíum í kring um 1790. Þessi tegund hefur mikla aðlögunarhæfileika, eins og útbreiðslusvæðið gefur reyndar til kynna og til eru ótal náttúruleg tilbrigði tegundarinnar. Að auki hafa bæst við fjölmörg ræktunarafrbrigði með ýmiss konar útliti og eiginleikum.

Sverðburkni

Nephrolepis exaltata

Notkun: Laufplanta.

Birta: Meðal birta – ekki sterkt sólskin.

Hiti: Heittemprað: 18-24°C.

Völkun: Haldið moldinni rakti.

Umpottun: Eftir þörfum á vorin.

Áburður: Dauf áburðarblanda vikulega mars-september.

Sverðburkni þrífst betur ef ekki er mikill hiti á honum. Moldin þarf að vera nokkuð fóst í sér en samt rúma mikið loft og vatn. En hún má aldrei verða blaut og köld. Gott er að sturta rækleiga yfir plönturnar með volgu vatni af og til frammi á baði og setja þær svo aftur á sinn stað þegar allt vatnið hefur sigið úr moldinni. Setjið burkna í frekar grunna en víða potta og umpottið eftir þörfum. Gefið áburð vikulega á sumrin. Allir burknar dafna best ef þeir eru hafðir margir saman í hópum. Þeir þurfa háan loftraka og miðla honum þá betur hver til annars og út í umhverfið. Frísklegir burknar eru góður mælikvarði á hversu heilnæmt loftið er í íbúðinni. Vanþrífst burknarnir er eitthvað að og þið ættuð að láta líta á loftræstingu, rafkerfi og hitastillingu íbúðarinnar hið fyrsta!



Perlusaumuð föt á barbíðúkkur.

Fimir finger

Judith Júlíusdóttir hefur búið til margt fallegt um dagana. Sýnishorn af munum eftir hana eru í Gerðubergi til 19. mars.

Judith er komin á efri ár og þegar hún er beðin að segja lítilega frá því sem eftir hana liggur eru henni efst í huga allar töskurnar sem hún vann við að framleiða í 32 ár, fyrst ásamt manni sínum og svo ein eftir hans dag. „Ég held við höfum verið þau fyrstu sem bjuggum til íþróttatöskur og innkaupa-töskur hér á landi,“ segir hún en úr hannyrðum sínum gerir hún samt ekki mikið. „Ég hef svona verið eitthvað að dunda. Það er ýmislegt sem gerjast í hausnum á manni,“ eru hennar orð um þær. Meðal þess sem Judith hefur „dundað“ sér við að gera eru föt á barbíðúkkur. Yfir hundrað búnínga. „Ég þrjónaði á þær hversdagsföt, spariföt og yfirhafnir og ég býst við að fötin endurspegli tiskuna á sínum tíma.“ Hún kveðst alltaf hafa gaman af að fylgjast með hvernig tiskan breytist í árána rás enda er hún snyrtifræðingur að mennt og rak eigin snyrtistofu um tíma.

Stólatilboð

næstu 10 daga eða meðan birgðir endast.



Hilton

Kr. 12.450,-



Roma

Kr. 8.800,-



Wien

Kr. 8.800,-



Myra

Kr. 6.600,-



Franz

Kr. 7.500,-



Iber

Kr. 12.450,-



Madrid Bordeaux

Kr. 4.950,-

Gullrún ehf.

www.eikin.is
Bíldshöfða 16 • Sími 577-2577

Nýtt og sætt

Þegar svipast er um í búsdáldaverslunum rekur maður augun í ýmsa hluti sem eru nýkomnir í hillurnar.

Sushi nýtur vaxandi vinsælda hjá þjóðinni og því er fagnaðarefni að finna falleg sushiset. Þau eru eiguleg fyrir þá sem eru fyrir þessa japönsku smárétti. Í versluninni Byggt og búið eru sett fyrir fjóra í flottum gjafaumbúðum. Þau samanstanda af skálum, diskamöttum, þrjónum og tréflátum. Í sömu verslun voru líka nýkomnar ávaxtaskálar á tveimur hæðum úr járni og glasabakkar fyrir sex glös úr sama efni. Hvort tveggja fer einkar vel á borði, hvort sem er inni, í garðskálanum eða úti þegar vorsólin fer að gera okkur mögulegt að bera veitingarnar út á pall.

Í versluninni Villeroy & Boch voru það nýjar borðvigtir sem fönguðu athyglina. Vogirnar sameina það að vera skraut og nytjahlutir. Þær falla vel að krómaðri



Eldhúsvogir sem eru bæði nýmóðins og gamaldags fást í Villeroy& Boch og kosta 4.250 krónur.

eldhústísku nútímans þótt hönnuður þeirra sæki hugmyndina til fortíðar.



Ávaxtaskál á tveimur hæðum fæst í Byggt og búið og kostar 2.250 krónur.



Glasabakkar með hólfum fyrir glösin kosta 1.499 krónur í Byggt og búið.



Sushi-sett fyrir fjóra, kostar 2.999 krónur í Byggt og búið. Það er í gjafaumbúðum sem eru hluti af hinum nothæfu ílátum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Pefa borð



Concept TV

mubla

nýbýlavegl 18 | sími: 517 2100



Danform - Texas

ný sending

leðurstólar kr. 16.800



NUDD
Settu líkamann og sálina í forgang og lífið mun brosa við þér. Hef flutt starfsemi mína. Allir hjartanlega velkomnir.
Æsa Hrólfsdóttir, nuddmeistari og aromatherapisti
Nuddstofan Vatnið, Espigerði 4, Reykjavík.
Tímappantanir í síma 863-1551 eða aesa@visir.is

Sykurlaus jógúrt!
Hreina lífræna jógúrtin frá Biobú er framleidd án sykurs. Aðeins er notaður lífrænn hrásykur í öðrum jógúrt tegundum frá Biobú.
Bio-Bú
www.biobu.is var kosin besti íslenski bændaverdurinn

Biobú ehf. • Stangarhyl 3a • Sími: 587 4500 • Netfang: biobu@biobu.is • www.biobu.is

Flott í vetur
Ný tæki - Betra verð!
VERD-LÆKKUN

SLENDERTONE MAX 17.900.- kr.
SLENDERTONE FLEX 12.900.- kr.

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

allt matur
Alla föstudaga

Taktu þér tak!

ERTU Á ALDURSBILINU 16 TIL 30?
Viltu ná kjörþyngd?
Ný námskeið að hefjast

TÆKI OG TÍMAR:
• líkamsrækt við skemmtilega tónlist
• leiðbeiningar um mataræði
• fundir, aðhald, vigtun og mælingar

KVÖLDTÍMAR
Um er að ræða 9 vikna námskeið 3 sinnum í viku.
Aðhaldsfundir í hverri viku.
Ótakmarkaður aðgangur að opna kerfinu og tækjasal.

Vertu velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar
Lögumála 9 • 108 Reykjavík
Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732

Hafðu samband! Skráning hafin
www.jsb.is
sími 581 3730



Anna María er garðyrkjufræðingur á nýrri námsbraut við landbúnaðarháskólann í Svíþjóð sem nefnist náttúra – heilsa og garður.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Áhrif gróðurs á heilsuna

Anna María Pálsdóttir garðyrkjufræðingur er ekki í vafa um gildi gróðurs fyrir heilsu og bata sjúklinga.

„Við ættum að gera miklu meira að því að hafa garðstofur og græn svæði við vinnustaði, leikskóla og sjúkrahöfnir. Það hefur svo góð áhrif á heilsu fólks,“ segir Anna María sannfærandi. Hún hefur kynnt sér málið enda er hún að verða meistari í efni sem heitir náttúra, heilsa og garður. Anna María er Akurnesingur en býr í Svíþjóð og nemur sín fræði við landbúnaðarháskólann í Alnarp, skammt frá Malmö. Þar er heilsu- og endurhæfingargarður sem tók til starfa árið 2002 og rannsakar áhrif gróðurs og náttúru á heilsu fólks, í bland við hefðbundna sjúkráþjálfun. Fyrirkomulagið hefur sannað gildi sitt að sögn Önnu Maríu.

„Í heilsugarðinum hefur einkum dvalið athafnafólk sem var útbrunnið í starfi, eða kulnað, eins og það er kallað. Fólk sem hafði verið í veikindaleyfi í 2-3 ár og ekki náð bata með hefðbundnum lækningaaðferðum. Það fær hjálp fagfólks og fylgst er náið með hverjum og einum en garðurinn sjálfur er raunverulega miðpunkturinn. Hann er á tveggja hektara svæði en er skipt upp í mismunandi reiti og þar taka dvalargestir til hendinni ef þeir vilja. Í 99% tilvika hefur tekist að endurvekja lífsorkuna hjá þeim

sem þarna hafa dvalið og 80% þátttakenda hafa farið aftur út á vinnu- markaðinn. Það er samverkan margra þátta sem hefur hin jákvæðu áhrif en útivist í náttúrunni innan um gróður og dýr virðist þó gera gæfumuninn.“

Anna María nefnir fleiri dæmi um samspil gróðurs og bættrar líðunar og vitnar til rannsóknna Clare Cooper Marcus prófessors við Berkleyháskólann í Kaliforníu á því hvernig fólk nýtir græn svæði kringum sjúkrahús og hjúkrunarheimili.

„Sé smá grænn blettur einhvers staðar, tré eða bara blómaker, þá sækir fólk í að setjast þar. Sjúklingar kjósa að taka á móti gestum sínum þar ef kostur er og starfsfólk fer þangað með kaffibollann sinn ef það á lausa stund.“ Hún nefnir tvær kenningar um hin heilsuþætandi áhrif gróðursins. Önnur er sú að stórborgarumhverfið sem flestir lifa í sé í raun andstætt eðli mannsins og hin er sú að plöntur krefjast einskis af mannum og skapi því afslappað og uppbyggjandi andrúmsloft. „Við finnum flest hvað okkur líður vel innan um gróður en það er fyrst nú sem vísindalega er sannað hversu bættandi hann er fyrir heilsuna,“ segir Anna María og svo er hún rokin út á flugvöll því úti í Svíþjóð biða hennar verkefni. En hún kemur aftur í vor því hún er ein frummælenda á málþingi 21. apríl sem Sumarhúsið og garðurinn stendur að og hefur yfirskriftina Umhverfi og heilsa.



Plönturnar í heilsugarðinum í Alnarp hafa gefið mörgum endurnýjaða trú á lífið og tilveruna.



Hrefna Rósa Jóhannsdóttir, kokkur á Sjávarkjallaranum, valdi uppskrift að sjávarréttasúpu til að deila með lesendum Fréttablaðsins. „Þetta er mín útgáfa af japanskri sjávarréttasúpu sem er óskaplega góð. Þetta er tær súpa, sjávarréttasúpa þarf ekkert að vera rjómalöguð. Ég valdi léttu súpu sem er upplögð í forrétt. Við erum með japanskan gestakokk hérna á Sjávarkjallaranum og það var hann sem hafði áhrif á ákvörðun mína um uppskrift,“ segir Hrefna Rósa en hún vann á Apótekinu þegar hún var nemi í starfinu.

„Ég byrjaði tuttugu ára að læra að verða kokkur og hef alltaf haft rosalega gaman af að elda. Alveg frá því að ég var lítil hef ég horft mikið á kokkabætti og fundist þetta starf voðalega spennandi og mikið fyrir mig. Ég hélt samt að starfið væri allt öðruvísi, en í

rauninni passaði þetta mér jafnvel betur en ég hafði áttað mig á í byrjun.“

Aðspurð hvað henni finnst nauðsynlegt að eiga í matargerð segir hún: „Ég nota mikið kókospjólk í staðinn fyrir rjóma þegar ég elda. Ég er frekar dugleg að elda fyrir sjálfa mig og þá elda ég helst ýmiss konar grænmetisrétti í karry, mikið af hrisgrjónaréttum og núðluréttum. Það er ekkert sem ég gæti ekki hugsað mér að elda, ég er frekar opin fyrir öllu og alls ekki matvönd.“

Aðferð: Pilið humarhalana og tigrisrækjuna. Hitið pott og brúnið humarskelina ásamt tigrisrækjuskelinni í pottinum. Setjið tvo lítra af vatni út í ásamt söxuðum hvítlauknum, skalottlauknum og lemongrassinu. Bætið anisstjörnunum og kardimommunum út í ásamt tómaturréinu. Sjóðið

við vægan hita í 30 mínútur og sigtið. Setjið súpuna aftur í pott ásamt limeberkinum og kryddið með salti og pipar. Hreinsið skötuselinn og hörpuskelina. Hitið súpuna upp ásamt skelfiskinum (humar, hörpu og rækju) og fiskinum. Þá ætti fiskurinn að vera eldaður í súpunni.

SJÁVARRÉTTASÚPA FYRIR 4:

8 humarhalar
8 tigrisrækjur
4 hörpuskel
100 g skötuselur
2 lemongrass
2 rif hvítlaukur
2 skalottlaukur
1 anisstjarna
2 kardimommur
2 msk. tómaturré
1 lime (börkurinn)
salt og pipar

Hreinar hendur örugg samskipti

Jóhanna Runólfsdóttir
Sjúkraliði, ráðgjafi hjá RV



5.973 kr.

DAX skammtari
snertifrá

650 kr.

DAX handspritt
í snertifr.

197 kr.

DAX handsápa
mild 600ml m.dælu

238 kr.

DAX handáburður
250ml

Rekstrarvörur

- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



Hátt flug á þýskum vínum

Þýsk vín hafa verið í mikilli sókn undanfarin ár. Ekki er langt síðan flestir litu niður á þýsk vín, hin dísætu Liebfraumilch vín voru nánast það eina sem fólk þekkti. En á síðustu árum hafa orðið gróarlegar framfarir í þýskri víngerð og síðastliðin ár hafa þýsku vínin slegið í gegn. Vintímarit hafa hampað þeim og flestir bestu veitingastaðir Vesturlanda leggja sig fram um að bjóða uppá þau á vínlistum sínum. Má nefna að á veitingastað stórleikarans Roberts De Niro í New York eru fimmtíu þýsk riesling-vín á vínlistanum. Þessi bylgja hefur ekki skilað sér í sambærilegum mæli á veitingastaði hérlendis og segja reyndir vínþjórnar skýringuna að Íslendingar séu ennþá fordómfullir gagnvart þýskum vínunum, ástkonumjólkin sé enn á sveimi í hugum landans! Vonandi breytist þetta hratt því bestu þýsku vínin eru afbragðs matarvín og eiga einkar vel við okkar ágæta sjávarfang.

Í Vínbúðum hefur framboðið aukist lítillega þótt áherslan sé einkum á ódýrari og einfaldari vínunum. Ekki er mikið framboð af dýrari vínunum. En ódýru vínin standa mjög vel fyrir sínu, þýsku

riesling-vínin eru afar hagstæð í verði hér á landi vegna þess að þau eru lág í alkóhóli og ofuralkóhólskattarnir leggja því ekki af eins miklum þunga og alkóhólríkari vín. Vegna hins lága alkóhólmagns eru þau kjörin í samkvæmi, hægt að dreypa á þeim eins og bjór án þess að svífi um of á mannskapinn.

Eitt helsta andlit nýju þýsku vínbylgjunnar er Ernst Loosen, sem valinn var maður ársins í Decanter í fyrra. Hann hlaut viðurkenninguna ekki aðeins fyrir framúrskarandi vín sín, heldur ekki síður fyrir þau miklu og góðu áhrif sem hann hefur haft á aðra víngerðarmenn Þýskalands. Hann hefur kvatt kollega sína óspart til að auka gæði framleiðslu sinnar, barist gegn úreltu regluverki þýskrar víngerðar sem fjótrar þá bestu en hampar þeim slökustu, og verið óopinber sendiherra þýskrar víngerðar á erlendri grundu. Það er ekki að ósekju að hann er oft kallaður „Herra Riesling“ því enginn hefur átt jafn mikinn þátt í því og hann að hefja þá mögnuðu þrúgu til vegs og virðingar á ný. Riesling-þrúgan er þekkt fyrir að taka sérstaklega vel við helstu sérkennum jarð-



DR. ERNST LOOSEN í vínarðinum Urziger Wurzgarten.

vegsins þar sem hún er ræktað og í góðum víngróðum geta orðið úr henni hreint stórkostleg vín. Þetta veit Ernst Loosen og fyrir tilstilli manna eins og hans hefur þýsk víngerð tekið stakkaskiptum undanfarinn áratug og er leitun að vínunum sem eru jafn spennandi í dag og þýsk hvítvín.

Vínin með matnum á Food & Fun

Nú stendur yfir fimmta Food & Fun hátíðin og hver að verða síðastur að panta sér borð á veitingastöðunum sem taka þátt í matarveislunni. Sérvalinn vínlisti er í boði á stöðunum og þar má finna vín frá nokkrum þekktum framleiðendum á borð við Penfolds, Rosemount, Wolf Blass, Moët, Beringer og Masi. Verður hér staðnæmst við tvo síðastnefndu framleiðendurna og vín frá þeim sem boðið er uppá á Food & Fun.

Vínframleiðandinn Masi hefur verið leiðandi og áberandi í víngerð í Veneto-héraðinu á Ítalíu frá átjándu öld. Veneto er eina svæðið á Ítalíu þar sem hin forna aðferð við að þurrka vínþrúgur á háaloftum er notuð ásamt hefðbundnum aðferðum. Sú aðferð sem hér um ræðir er kölluð „appassi-

mento“. Hún er þannig að þrúgurarnar eru látnar þorna á mottum á þurrum og vel loftræstum háaloftum þrem mánuðum eftir uppskeru. Þau tvö vín sem framleidd eru með þessari aðferð eru Amarone og Recioto. Í kringum 1960 hóf Masi að framleiða vín með nýrri aðferð sem er mjög lík „appassimento“-aðferðinni. Það vín er Masi Campofiorin og er aðferðin þannig að þegar safinn er skilinn frá eftir Amarone-ferilinn verður eftir safi sem blandaður er saman við ungt Valpolicella-vín sem setur gerjunina af stað aftur. Að lokum er vínið látið þroskast á tunnum og er þessi aðferð kölluð „Ripasso“. Þess má geta að vinsældir Masi hafa magnast mjög hér á landi og nær tvöfaldaðist salan á síðasta ári.

Beringer er einn þekktasti bandaríski vínframleiðandinn hérlendis og hafa vín fyrirtækisins notið mikilla vinsælda í allmörg ár. Fyrirtækið var stofnað í Kaliforníu af þýskum bræðrum árið 1876 og áhrifa þýskrar víngerðarhefðar hefur alla tíð gætt hjá fyrirtækinu. Beringer á margar af bestu ekrumum í Napadalu og má nefna að Private Reserve-vínið er talið með bestu vínunum Bandaríkjanna. Beringer North Coast Zinfandel sem í boði er á Food & Fun „hefur þurra angan, vaniljusykur og reykt, þroskað í munni, farið að þroskast en heldur sér vel, ekki síst með mat,“ segir Steingrímur Sigurgeirsson vínrýnir í umsögn sinni í Morgunblaðinu.



VEITINGASTAÐURINN

ROSSOPOMODORO
LAUGAVEGI 40A



ROSSOPOMODORO INGÓLFUR ARNARSSON

Þægileg ítölsk stemning



Hver og hvar:

Staðurinn er Rossopomodoro á besta stað í bænum, í miðbæ Reykjavíkur á Laugavegi 40a.

Hvernig er stemningin?

Friðsleg og þægileg ítölsk stemning og matargerð í anda þess. Vertu viðbúin(n) því kokkurinn gæti komið þér á óvart með því að koma sjálfur með matinn. Mikil áhersla er lögð á réttan uppruna matarins og pítsurnar eru allar ekta ítalskar. Innréttingarnar eru heimilislegar en um leið töff og veggina prýða litrík málverk af ýmsum toga. Hálfur staðurinn er reyklaus svo þangað ættu allir að geta lagt leið sína. Rauði liturinn er ríkjandi en Rossopomodoro þýðir rauði tómaturinn á ítölsku. Notaðar eru rauðar flisar að hluta til á móti hvítum, sem skapar fallegar andstæður. Það eina sem út á má setja er hversu þjónustan getur verið hæg, jafnvel þótt staðurinn sé ekki þéttsetinn.

Matseðillinn:

Eins og áður sagði er ítölsk matargerð í forgrunni á veitingastaðnum Rossopomodoro. Á staðnum er boðið upp á ekta ítalskar pítsur sem hafa slegið í gegn hjá landanum, hina ýmsu pastarétti, alvöru steikur, frískandi salöt, ýmsa smárétti af bestu gerð og ýmislegt fleira sem hugurinn gæti ginst.

Vinsælast:

Ventura-pítsa er það allra vinsælasta á matseðlinum en á þeirri pítsu er mozzarella-ostur, parma-skinka, klettasalát og parmesan-ostur. Hún er mjög fersk en klettasalatinn er dreift yfir pítsuna þegar hún kemur úr pítsuofninum. Hljómar dásamlega vel!

Réttur dagsins:

Mismunandi eftir dögum en dæmi um rétti dagsins eru til dæmis dýrindis penne pasta með chillí, pítsa með einhverjum tveimur áleggstegundum, alls konar girnileg salöt eða lasagna að hætti hússins.



OG 52 ERLENDAR SJÓNVARPSSTÖÐVAR



STAFRÆNN UPPTÖKULYKILL


NÝR VALKOSTUR FYRIR ÞÁ SEM NÁ STAFRÆNUM ÚTSENDINGUM DIGITAL ÍSLANDS

Stafræni upptökulykillinn gerir þér kleift að taka upp og geyma uppáhalds sjónvarpsefnið þitt til að þú getir horft þegar þér hentar. Þú getur einnig gert hlé á dagskránni og framkvæmt tafarlausa afturspólun. Ef smellt er á dagskrárlíð í dagskrárvisi vistast hann á 80 GB hörðum disk. Lykillinn hefur um 40 klst. upptökupláss og því ættir þú alltaf að geta séð það sem þér er að skapi í sjónvarpinu.



UPPTAKA MEÐ EINUM SMELLI

Taktu upp dagskrána á stafræna upptökulykillinn með einum smelli - engar spólar, ekkert vesen og í stafrænum gæðum.



HLÉ ÞEGAR ÞÉR HENTAR

Parftu að bregða þér frá í miðjum fréttatíma? Ýttu á "pásu" og haltu áfram að horfa þegar þú vilt. Þú þarft ekki að missa af sekúndu!



TAFARLAUS AFTURSPÓLUN

Ekki missa af aðalatriðinu eða flottasta markinu í leiknum aftur, spólaðu tafarlaust til baka.

HVAÐ KOSTAR MIG AÐ FÁ STAFRÆNAN UPPTÖKULYKIL?

Stofngjald: 7.990 kr.
Mánaðargjald: 790 kr.

Njóttu þess að horfa á dagskrána okkar - hvenær sem þér hentar. Þú færð nýjan stafrænan upptökulykil hjá verslunum Og Vodafone og þjónustufulltrúum á útsendingasvæði Digital Íslands.

digital island

OG VODAFONE / 515 6100 / WWW.DIGITALISLAND.IS



Lífið eftir Kallana

Kallarnir Gillzenegger og Partí-Hanz hafa undanfarna fjóra mánuða tekið fyrir jafnmarga valinkunna menn og látið þá undirgangast róttæka útlitsbreytingu að hætti FM-hnakka. Það fól meðal annars í sér nýja hárgreiðslu, stífa brúnkumeðferð og námskeið hjá Geir Ólafssyni um hvernig eigi að fara á fjörur við kvenfólk. Fréttablaðið spurði skjólstæðinga/fórnlömb Kallana hvort meðferðin hefði breytt lífinu til hins betra eða verri.

Gunnar Jónsson, dyrvörðurur og leikari

Það má segja að þetta hafi einungis haft jákvæð áhrif. Ég hef öðlast almenna vitund um ferðir og huga meira að útlitinu en ég gerði áður. Þetta er sannarlega lífsstíll sem ég gæti tileinkað mér að hluta, en það þarf að velja og hafna eftir því sem hentar manni.



Búi Bendtsen, útlitarsmaður

Ég fann það strax að þetta hentaði mér ekki. En þetta varð til þess að ég fór að hreyfa mig meira og líður mun betur í dag. Ég get hins vegar ekki tileinkað mér lífsstíl Kallana: Mér leið illa á tímabili, eins og ís með dýfu. Hvað hárið snertir þá bý ég svo vel að konan mín er hárgreiðslumeistari og það var fært aftur í betra horf innan skamms.

Ég get hins vegar ekki tileinkað mér lífsstíl Kallana: Mér leið illa á tímabili, eins og ís með dýfu. Hvað hárið snertir þá bý ég svo vel að konan mín er hárgreiðslumeistari og það var fært aftur í betra horf innan skamms.

Gunnar Sigurðsson, sjónvarpsmaður

Hringdu niður á Stígamót og heyrðu hvernig konurnar þar hafa það. Annars vil ég ekki tjá mig um þetta mál að svo stöddu.



Davíð Þór Jónsson, þýðandi

Að vissu leyti var þetta spark í rassinn. Móðir mín sagði alltaf að maður veit ekki hvort eitthvað sé vont nema að smakka og það hefur alltaf reynst mér vel að prófa ýmislegt með öpunum huga.



Auðvitað er gott að hugsa um útlitið, góð heilsa og útlit haldast oft í hendur, en það má á milli vera hvort maður hugsar ekkert um það eða er þræll útlitsdýrkunar.



THANDIE NEWTON Hún hreppti verðlaun fyrir aukahlutverk í myndinni Crash. Hún var glæsileg í fjölbúlatum satinkjól frá Christian Lacroix og í skóm frá Jimmy Choo. NordicPhotos/GettyImages



DIANE KRUGER Hún var afar smekkleg í svörtum kjól úr smíðju Dior.



RACHEL WEISZ Hún var djörf og klæddist smekklegum kjól frá pönkaranum Vivienne Westwood og skóm frá Jimmy Choo.

Á REGNVOTUM RAUÐUM DREGLI

Það rigndi á stjörurnar á rauða dreglinum þegar Bafta-verðlaunin voru afhent á sunnudaginn. Rigningin stoppaði konurnar þó ekki í því að klæðast sínum stórkostlegu hátískukjólum sem allir elska að skoða. Meira að segja Vogue-ritstýran Anna Wintour leyfði rigningunni að skreyta hárgreiðsluna. Ekki fór mikið fyrir litadýrðinni því óvenju margar stjörurnar völdu sér kjóla í köldum litum eins og gráum, blágráum, hvítum og svörtum.

Stjörnur eins og Rachel Weisz, Charlize Theron og Míscha Barton vöktu mikla athygli fyrir fallega kjóla en athygli vakti einnig hversu margar þeirra klæddust Jimmy Choo-skóm við hátískukjólana.

MISCHA BARTON Alltaf frekar smekkleg og var að þessu sinni í skósíðum ljósbláum kjól frá Marchesa, með skartgripum frá Bulgari og í skóm frá Jimmy Choo.



ZIYI ZHANG Hún var í gullfallegum kremhvítum kjól frá Armani og geislaði eins og vanalega.

RENEE ZELLWEGER Það er spurning hvort Carolina Herrera sé frænka Renee því að minnsta kosti dettur henni ekki í hug að versla hjá öðrum hönnuði og var að vana í kjól frá Herrera. Að þessu sinni svörtum silkikjól sem gerði lítið fyrir hana.

NATALIE IMBRUGLIA Alltaf gaman þegar einhver ákveður að gefa skít í skósíðu venjuna og klæðist styttri kjól. Natalie var í fallegum svörtum kjól frá Alberta Ferretti.

CHARLIZE THERON Hún er alltaf afar glæsileg og klæddist fallegum Lanvin-kjól og bar demanta frá De Grisogono.

Hvað er ómissandi í vortískunni?



Inga Rósa Harðardóttir, rekstrarstjóri Res Fréttablaðið/E.Ól

Kjólur og snákamynstur

„Ég verð að segja kjólur og aftur kjólur. Ég sé ekki fyrir mér annað en ég verði í kjól í allt sumar, allavega ef veður leyfir. Skyrtukjólur verða líka vinsælir en þeir eru sérlega flottir yfir buxur.“

Stór sólgleraugu verða áberandi, annaðhvort með plastumgjörð eða gylltum grófum málmumgjörðum,“ segir hún. Inga Rósa segir að hvítu liturinn verði einn sá vinsælasti í sumar ásamt ljósgulu, ferskjuliti og bleiku. Hún segir að jakkarnir verði aðsníðnir

og stuttir og áhrifa Jackie Kennedy gæti víða. „Ég er líka mjög veik fyrir támjólum ökkla-skóm en í sumar verður bæði támjótt og skór með rúnnaðri tá. Ég vil líka nefna snákaprentefni, það verður algerlega málið.“



Ásta Hermannsdóttir, verslunarstjóri Oasis Fréttablaðið/Heiða

Mittisbelti og rósótt mynstur

„Kjólur eru málið. Við erum að fá mikið af japönskum kjólum sem hægt er að nota bæði eina og sér og líka yfir buxur. Það gættir svolitla áhrifa frá Geishu-myndinni en um er að ræða stór japönsk mynstur og sterka liti. Niðurþringar gallabuxur verða áfram málið og millisbelti koma sterk inn. Hvað liti varðar verður mikið um svart, grátt ásamt ferskjuliti-

uðu og grænu. Mynstur sumarsins eru doppótt og rósótt,“ segir Ásta.



Lera Rivina, verslunarstjóri Vero Moda Fréttablaðið/Valli

Bolur yfir bol

„Hnébuxur og stuttbuxur verða mjög vinsælar með vorinu. Þær eru bæði flottar með sokkabuxum og án þeirra þegar hlýnar fer í verði. Svo verða niðurþringar buxur í öllum litum eins og rauðar, hvítar og bláar.“

Það er fallegt að vera í stígvélum yfir eða að

hafa þær eins síðar og hægt er yfir venjulega háhælaða skó.“ Hún nefnir líka nýtt trend sem er að hafa bol yfir bol.

„Það er mjög fallegt að vera í tveimur hlýrabólum og í fleiri bolum yfir þannig það þá glitti í hin lögin. Þannig er hægt að blanda uppáhaldslitunum sínum saman á skemmtilegan hátt.“

martamaria@frettabladid.is



**Hvaða vexti
ert þú með
á þínum
sparnaðarreikningi?**

10,05%

Allt að 10,05%* vextir á sparnaðarreikningum hjá S24

**Færð þú
betri vexti?**



Stofnaðu reikning... **www.s24.is** Sími 533 2424



*M.v. vaxtatöflu og gjaldskrá S24 1.02.2006.

Nýtt í bíó

SEXÍ. STÓRHÆTTULEG OG ÖSTÖDVANDI.

UNDERWORLD EVOLUTION

TRANSAMERICA

ZATHURA

WALK THE LINE

BROKEBACK MOUNTAIN

FRÁBER SKEMMTUN FYRIR ALLA FJÓLSKYLDUNA

WALK THE LINE

JIM CARRAY

VELJID HÉR AÐ NEÐAN KVÍKMYNDAHÚS OG SÝNINGARTÍMA SEM YKKUR HENTAR

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000	REGNBÖGINN SÍMI 551 9000	Þróunartími SÍMI 462 3500
UNDERWORLD kl. 5.45, 8 og 10.20 B.I. 16 ÁRA ZATHURA m/íslensku tali kl. 3.40 og 5.50 B.I. 10 ÁRA ZATHURA m/ensku tali kl. 5.45 og 8 B.I. 10 ÁRA WALK THE LINE kl. 5, 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA SÝND Í LÚXUS kl. 5, 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA FUN WITH DICK AND JANE kl. 3.40, 8 og 10.10 BROKEBACK MOUNTAIN kl. 10.15 B.I. 12 ÁRA CHEAPER BY THE DOZEN 2 kl. 3.45	TRANSAMERICA kl. 5.45, 8 og 10.15 B.I. 14 ÁRA MRS. HENDERSON kl. 5.45, 8 og 10.15 WALK THE LINE kl. 6 og 9 B.I. 12 ÁRA BROKEBACK MOUNTAIN kl. 6 og 9 B.I. 12 ÁRA	ZATHURA kl. 6 B.I. 12 ÁRA WALK THE LINE kl. 5.40 B.I. 12 ÁRA SÍÐUSTU SÝNINGAR UNDERWORLD kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA FINAL DESTINATION kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA

400 kr. í bíó!
Dobly
JDD
IFX
BÍÓ.IS – allt á einum stað

LAUGARAS BÍÓ - bara lúxus

Sími 553 2075

SVAKALEGUR SPENNUTRYLLI

FINAL DESTINATION

ÓSKARS TILNEFNINGAR

GOOD NIGHT, AND GOOD LUCK.

ÓSKARS TILNEFNINGAR

MEMOIRS OF A GEISHA

Sýnd kl. 6, 8 og 10:20 B.I. 16

Sýnd kl. 6, 8 og 10

Sýnd kl. 6 ísl. tal

Sýnd kl. 10

www.laugarasbio.is

Oo-ú-vó-ú-vó-ú-vóóó

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Hér er svo sannarlega sungið með öllum lífs og sálar krafti. Raddfímleikar í hæsta gæðaflokki, skreyttir með töluverðu magni af „óúóóó-um“. Meira að segja U2-lagið One er fyllt svoleiðis fullnægingarstunum. Og það er ekki bara R&B drottningin sem sér um þær sjálf, því Bono og hljómsveit hans endurhljóðrituðu lagið í stíl sem hentar hennar söng betur. Þeir eru hægt og rólega að taka við af Sting sem vinsælustu nostalgíukóngarnir er lifa á forni frægð, enda lítið gert af viti síðustu tíu ár annað en að taka á móti öllum þeim verðlaunum sem þeir eru nefndir til, og eru alltaf jafn hissa.

Verð að viðurkenna að ég hefði frekar bara viljað heyra Mary J gera sína eigin útgáfu af laginu í stað þess að plata írsku gamalmennin í þessa vitleysu. Það er ekki eins og þessi sextán laga plata hafi endilega þurft á þessari afskræmingu að halda.

Mary J Blige er stórkostleg söngkona og þessi sjöunda breiðskífa hennar er alveg eftir R&B formúlunni. Gestir í öðru hverju lagi, bæði nýliðir sem hún hefur trú á og eldri hetjur á borð við Jay-

Z, U2 og 50 Cent þó svo að hvergi sé á hann minnst á plötuumslaginu. Draugur Ninu Simone er svo titlaður fyrir söng í laginu About You, en þar er tekinn bútur úr útgáfu Simone af laginu Feeling Good. Maður verður örllítið var við nærveru hennar í viðlögnum, spennandi að vera leiddur inn í svona hljóð-bylgjumíðilsfund í einu af betri lögum plötunnar.

Flest lögirn eru nægilega sterk til þess að halda henni á floti næstu tvö árin og textarnir nægilega trúverðugir til þess að hún haldi virðingu aðdáenda sinna. Hún syngur aðallega um ástina, þá eiginmanninn og ber uppeldi sitt við uppeldi barna sinna. Í einu laginu, „Father in You“ finnst mér hún vega salt á ósmekkleghheitum, því þar segist hún leita að föðurémynd í elskhuga sínum þar sem hún hafi alist upp án pabba. Nokkuð viss um að það sé nokkuð sem flestir karlmenn vilja bara ekki heyra.

Þetta er allt mjög smekklega gert og verður að teljast til betri platna sem Mary hefur sent frá sér. Hér vantar þó sérlega lag sem nær sömu tilfinningadýpt og titillag fimmtu plötu hennar, No More Drama. Kannski að ballaðan Ain't Really Love komist næst því.

Mary J Blige má eiga það að



MARY J BLIGE

THE BREAKTHROUGH

Niðurstaða: Sjöunda breiðskífa Mary J Blige er í fyrsta gæðaflokki þegar kemur að útvarpsvænni R&B tónlist. Ef henni hefur ekki enn verið úthlutað háseti senunnar er kominn tími til þess að krýna drottninguna.

hún er mjög vandvirk og dugleg, veit hvað hún þarf að gera til þess að halda höfði og hefur drifkraft til þess að nenna að standa í því. Hún er náttúrlega löngu búin að vinna sér inn laun fyrir lífstíð og því hlýtur það að vera unaður tónlistarskópunar sem drífur þessa kjarnorkukonu áfram. Fyrir það fær hún virðingu mína.

Birgir Örn Steinsson



ÓKÍND Rokksveitin Ókínd heldur útgáfutónleika í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Útgáfutónleikar Ókíndar í kvöld

Rokksveitin Ókínd heldur útgáfutónleika í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld í tilefni af útkomu sinnar annarrar breiðskífu, Hvar í Hvergilandi.

Fyrsta plata Ókíndar, Heimsendi 18, var tekin upp fyrir hljóðverstímann sem sveitin fékk fyrir annað sætið í Músiktilraunum árið 2002. „Hún var öll spiluð hrátt inn og mikil spenna og æsingur í okkur. Við vorum bara átján ára þegar við gerðum hana. Okkur fannst hún góð en vorum að hugsa stærra en við gátum framkvæmt,“ segir Steingrímur Karl Teague, söngvari og hljómsborðsleikari

Ókíndar, sem er ein af fáum sveitum hér á landi sem syngur á íslensku.

Að sögn Steingríms tók nýja platan eitt ár í vinnslu og var hún tekin upp í nýju hljóðveri sem sveitin átti þátt í að byggja. Segir hann plötuna og bæði mun stærra og flottara verk. Ókínd gefur plötuna út sjálf en 12 Tónar sjá um dreifingu. Platan er væntanleg í búðir eftir helgina.

Mr. Silla hitar upp fyrir Ókínd í kvöld og verður húsið opnað klukkan 21.30. Aðgangseyrir er 500 krónur.

Sigur Rós spilar á Hróarskeldu

Hljómsveitin Sigur Rós mun spila á Hróarskelduhátíðinni í Danmörku sem hefst hinn 29. júní næstkomandi.

The Streets hefur einnig bæst í hóp þeirra sem munu koma fram á hátíðinni. Áður höfðu sveitir á borð við Franz Ferdinand, Tool, Kanye West og Roger Waters, sem spilar í Egilshöll 12. júní, skráð sig til leiks.

Sigur Rós er um þessar mundir á tónleikaferð um Bandaríkin sem lýkur á mánudaginn. Í lok mars heldur sveitin síðan þrenna tónleika í Englandi áður en hún fer til Japans, Ástralíu og Nýja Sjálands. Hinn 29. apríl mun sveitin síðan spila á Coachella-hátíðinni í Kaliforníu ásamt nöfnum á borð við Depeche Mode, Daft Punk og Franz Ferdinand.

Skömmu fyrir Hróarskelduhátíðina fer Sigur Rós til Þýskalands til að spila á tveimur tónlistarhátíðum og heldur síðan eina tónleika í Svíþjóð. Sigur Rós er að fylgja eftir sinni fjórðu breiðskífu, Takk, sem hefur fengið mjög góðar viðtökur bæði gagnrýnenda og almennings.

SIGUR RÓS Hljómsveitin Sigur Rós heldur tónleika á Hróarskelduhátíðinni í sumar ásamt fjölda annarra þekktara sveita.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Látið Craig vera!

Leikarinn Christopher Lee hefur hvatt fjölmiðla til að gefa hinum nýja James Bond, Daniel Craig, tækifæri til að sanna sig í hlutverkinu áður en þeir dæma hann úr leik.

„Fólk á ekki að dæma hann fyrr en það sér myndina,“ sagði Lee. „Það er búið að skrifa ýmsa vitlægu um að hann sé James Bond.“

Lee, sem lék þrjátíu Scaramanga í Bond-myndinni The Man with the Golden Gun árið 1973, segir að enn sem komið er hafi Pierce Brosnan komist næst því að vera hinn raunverulegi Bond eins og rithöfundurinn Ian Fleming sá hann fyrir sér.

Tökur á nýju Bond-myndinni, sem nefnist Casino Royale, fara



DANIEL CRAIG Lee segir að fjölmiðlar verði að gefa Craig tækifæri áður en þeir dæmi hann úr leik.

fram í Tékklandi um þessar mundir. Auk Craigs fara með helstu hlutverk í myndinni Daninn Mads Mikkelsen og franska leikkonan Eva Green.

<p>FRUMSÝNING</p>																																																																								
<table border="1"> <tr><td>CASANOVA</td><td>KL. 3:45-5:45-8-10:20</td><td></td></tr> <tr><td>CASANOVA VIP</td><td>KL. 5:45-8-10:20</td><td></td></tr> <tr><td>NORTH COUNTRY</td><td>KL. 5:15-8-10:40</td><td>B.I. 12</td></tr> <tr><td>BAMBI 2 <i>isl. tal</i></td><td>KL. 4-6</td><td></td></tr> <tr><td>DERAILED</td><td>KL. 10:20</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>MUNICH</td><td>KL. 9:15</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>PRIDE & PREJUDICE</td><td>KL. 8</td><td></td></tr> <tr><td>OLIVER TWIST</td><td>KL. 4-6:30</td><td>B.I. 12</td></tr> <tr><td>CRONICLES OF NARNIA</td><td>KL. 5:30</td><td></td></tr> <tr><td>KING KONG</td><td>KL. 8:15</td><td>B.I. 12</td></tr> <tr><td>LITLI KJÚLLINN <i>isl. tal</i></td><td>KL. 3:45</td><td></td></tr> </table> <p>ÁLFABAKKI S: 587-8900</p>	CASANOVA	KL. 3:45-5:45-8-10:20		CASANOVA VIP	KL. 5:45-8-10:20		NORTH COUNTRY	KL. 5:15-8-10:40	B.I. 12	BAMBI 2 <i>isl. tal</i>	KL. 4-6		DERAILED	KL. 10:20	B.I. 16	MUNICH	KL. 9:15	B.I. 16	PRIDE & PREJUDICE	KL. 8		OLIVER TWIST	KL. 4-6:30	B.I. 12	CRONICLES OF NARNIA	KL. 5:30		KING KONG	KL. 8:15	B.I. 12	LITLI KJÚLLINN <i>isl. tal</i>	KL. 3:45		<table border="1"> <tr><td>MUNICH</td><td>KL. 8</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>CHEAPER BY THE DOZEN 2</td><td>KL. 8</td><td></td></tr> <tr><td>THE FOG</td><td>KL. 10</td><td>B.I. 16</td></tr> </table> <p>AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170</p>	MUNICH	KL. 8	B.I. 16	CHEAPER BY THE DOZEN 2	KL. 8		THE FOG	KL. 10	B.I. 16	<table border="1"> <tr><td>UNDERWORLD 2</td><td>KL. 6-8:15-10:30</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>DERAILED</td><td>KL. 6-8:15-10:30</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>BAMBI 2</td><td>KL. 6</td><td></td></tr> <tr><td>MUNICH</td><td>KL. 8:15</td><td>B.I. 16</td></tr> </table> <p>KRINGLAN S: 588-0800</p>	UNDERWORLD 2	KL. 6-8:15-10:30	B.I. 16	DERAILED	KL. 6-8:15-10:30	B.I. 16	BAMBI 2	KL. 6		MUNICH	KL. 8:15	B.I. 16	<table border="1"> <tr><td>CASANOVA</td><td>KL. 6-9</td><td></td></tr> <tr><td>NORTH COUNTRY</td><td>KL. 6-9</td><td>B.I. 12</td></tr> <tr><td>MUNICH</td><td>KL. 5:50-9</td><td></td></tr> <tr><td>CACHÉ</td><td>KL. 9</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>PRIDE & PREJUD.</td><td>KL. 6</td><td>B.I. 16</td></tr> </table> <p>HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919</p>	CASANOVA	KL. 6-9		NORTH COUNTRY	KL. 6-9	B.I. 12	MUNICH	KL. 5:50-9		CACHÉ	KL. 9	B.I. 16	PRIDE & PREJUD.	KL. 6	B.I. 16
CASANOVA	KL. 3:45-5:45-8-10:20																																																																							
CASANOVA VIP	KL. 5:45-8-10:20																																																																							
NORTH COUNTRY	KL. 5:15-8-10:40	B.I. 12																																																																						
BAMBI 2 <i>isl. tal</i>	KL. 4-6																																																																							
DERAILED	KL. 10:20	B.I. 16																																																																						
MUNICH	KL. 9:15	B.I. 16																																																																						
PRIDE & PREJUDICE	KL. 8																																																																							
OLIVER TWIST	KL. 4-6:30	B.I. 12																																																																						
CRONICLES OF NARNIA	KL. 5:30																																																																							
KING KONG	KL. 8:15	B.I. 12																																																																						
LITLI KJÚLLINN <i>isl. tal</i>	KL. 3:45																																																																							
MUNICH	KL. 8	B.I. 16																																																																						
CHEAPER BY THE DOZEN 2	KL. 8																																																																							
THE FOG	KL. 10	B.I. 16																																																																						
UNDERWORLD 2	KL. 6-8:15-10:30	B.I. 16																																																																						
DERAILED	KL. 6-8:15-10:30	B.I. 16																																																																						
BAMBI 2	KL. 6																																																																							
MUNICH	KL. 8:15	B.I. 16																																																																						
CASANOVA	KL. 6-9																																																																							
NORTH COUNTRY	KL. 6-9	B.I. 12																																																																						
MUNICH	KL. 5:50-9																																																																							
CACHÉ	KL. 9	B.I. 16																																																																						
PRIDE & PREJUD.	KL. 6	B.I. 16																																																																						

Tónleikar í Dublin

Hljómsveitin Guns N'Roses, sem gerði garðinn frægan fyrir mörgum árum síðan, mun koma fram á tónleikum í Dublin hinn 9. júní.

Mötley Crüe mun einnig koma fram á tónleikum, sem er væntanlega beðið með mikilli eftirvæntingu á Írlandi því tónleikar Guns N'Roses hafa ekki verið á hverju strái að undanfögnu. Sveitin, sem hefur þegar selt rúmlega áttatíu milljónir platna, er að gera sína fyrstu plötu í langan tíma um þessar mundir. ■



AXL ROSE Axl Rose og félagar halda tónleika í Dublin í sumar. REUTERS

Tími til að brýna hnífinn!

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Það er langt síðan ég hef beðið svona spennur eftir plötu einhvers listamanns. Deep Cuts, síðasta afurð sænska systkinadúettins The Knife, var því líkt afrek. Líklegast besta raftónlistarplata sem ég hef heyrt. Sú plata fer auðveldlega inn á topp 10 listann minn yfir bestu plötur síðustu 10 ára.

Það sem gerir The Knife svona merkilega er hversu litlu máli tæknin skiptir. Þetta er gegnheil raftónlist, hér heyrir maður nær aldrei í áþreifanlegum hljóðfærum, en það er þó aldrei verið að flassa einhverjum nýjum tækniundrum á kostnað lagsins. Lögin skipta mestu máli og það er eins lítið notað og mögulegt er til þess að koma þeim til skila. Stundum bara einföld bassatromma, hljóðgervill og söngur. Söngkonan Karin Dreijer, sem syngur á nýjustu Röyksopp-smáskífunni, hefur líka svo sérkennilega rödd og sterkan sænskan hreim að það er ekki annað hægt en að falla kylliflatur fyrir henni. Svo sannarlega engri annarri lík, sem er mjög dýrmætt á þessum tímum Idol-meðalmennsku.

Míðað við hversu vel The Knife hefur tekist að koma sér á kortið, þrátt fyrir að spila popptónlist sem er allverulega á kant við flest annað, leyfði ég mér að dreyma um að með næstu plötu myndi sveitin ná heimsyfirráðum. En auðvitað fara svo þessir sérvitru Svíar í þveröfuga átt frá því sem ég vildi heyra. Þau hafa svo ótrúlega næmni fyrir góðri popptónlist að ég varð hálfsvæktur yfir því að þau hafa kosið að fara enn lengra út á kantinn. Silent Shout er hvergi eins grípandi og flest laganna á síðustu plötu. Heimsyfirráð verða því að bíða eitthvað lengur, því miður.

En er hægt að búast við öðru



THE KNIFE SILENT SHOUT

Niðurstaða: Sænski systkinadúettinn The Knife kys að yfirgefa poppið á þriðju breiðskífu sinni og færa sig nær tormeltari og sveimkennari raftónlist. Samt nægilega sterk plata til þess að halda athygli aðdáenda.

frá hljómsveit sem neitar að spila á tónleikum, mæta á verðlaunahátíðir og bara almennt að láta mynda sig til að kynna tónlist sína? Þau trú á því nefnilega að persónudýrkun sé að skemma heim popptónlistar, og það er kannski eitthvað til í því.

Lögin á Silent Shout eru fyllri og meira fljóttandi en fyrri plötur. Það er ekki eins mikið tómarúm í lögunum, og er það miður. Í stað þess að skila af sér annarri skotheldri popplötu kjósa þau að róa í áttina til sveimtónlistar sem fer þeim ekki eins vel. Karin kys svo að syngja minna, sem mér finnst synd því hún er uppáhaldssöngkonan mín.

En þrátt fyrir að þetta sé sísta plata The Knife til þessa er hún vel yfir meðallagi. Lög á borð við Marble House, Silent Shout og The Captain tryggja það að sveitin heldur enn höfði sem ein af athyglisverðari rafsvæitum okkar tíma. Kaupið þessa, en ekki fyrir en þið hafið orðið ykkur úti um hinar tvær sem komu á undan.

Birgir Örn Steinsson

Stjórnmalaskóli Samfylkingarinnar

2., 3. og 4. mars 2006 Hallveigarstíg 1, 2. hæð.

Fimmtudagur 2. mars

• 19.00 - 20.00 Setning skólans

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar setur skólann.

20.00 - 21.00 Að starfa í stjórnmalum

Margrét Frimannsdóttir, formaður þingflokks Samfylkingarinnar og Andrés Jónsson, formaður ungra jafnaðarmanna.

21.00 - 22.00 Félagsstörf, fundarsköp og ræðumennska

Flosi Eiríksson, oddviti Samfylkingarinnar í Kópavogi.

Föstudagur 3. mars

• 19.00 - 20.00 Efnahagsmál, helstu heiti og hugtök

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður Greiningardeildar Landsbankans.

20.00 - 21.00 Nýr flokkur – nýjar áherslur

Kristrún Heimisdóttir, varaformaður framtíðarnefndar Samfylkingarinnar.

21.00-22.00 Að koma skoðun sinni á framfæri, um leiðir til að koma hugmyndum á framfæri

Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingarinnar.

Laugardagur 4. mars

• 12.00 - 13.00 Jafnrétti / kvenfrelsi

Þórunn Sveinbjarnadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar.

13.00 - 17.00 Framkoma í fjölmiðlum, ræðumennska, tjáning og lokaverkefni

Mörður Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, Skúli Helgason, framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar, Hilda Jana Gísladóttir, fréttamaður á Aksjón á Akureyri.

17.00 Ráðhús Reykjavíkur heimsótt

17.45 Alþingi heimsótt

Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar og Guðrún Ögmundsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar.

19.00 Lokahóf Stjórnmalaskólans

Helgi Hjörvar, skólastjóri Stjórnmalaskóla Samfylkingarinnar, slítur skólanum.

Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

Skráning er hafin á Samfylking@samfylking.is og í síma 414-2200

Virkjum mannauðinn!



Samfylkingin

www.samfylking.is



Blikar Faxaflóameistarar

Blikastúlkur urðu í gærkvöldi Faxaflóameistarar eftir 1-0 sigur gegn Stjörnu-stúlkum. Vanja Stefanovic skoraði eina mark leiksins en það var mjög umdeilt þar sem einn leikmaður Stjörnunnar lá meiddur á vellinum á meðan markið var skorað.

sport
sport@frettabladid.is

FJALAR ÞORGEIRSSON MARKMAÐUR PRÓTTAR: ER EFTIRSÓTTUR AF LIÐUM Í LANDSBANKAÐEILDINNI

Fylkir fær leyfi til að ræða við Fjalas

Fylkir hefur fengið leyfi til að ræða við Fjalas Þorgeirsson, markmann Próttar, en hann hefur mikinn hug á því að spila í Landsbankadeildinni á næstu leiktíð. Finnbogí Hilmarsson, stjórnarmaður í Prótti, staðfesti þetta við Fréttablaðið í gær en fleiri lið hafa sýnt þessum snjalla markmanni áhuga.

„Ég skoða allt sem kemur úr efstu deildinni, ég vil helst vera þar en Fylkismenn hafa ekkert rætt við mig,“ sagði Fjalas við Fréttablaðið í gær en hann verður samningslaus í haust.

Hörður Antonsson, formaður meistaraflokksráðs Fylkis, sagði við Fréttablaðið í gær að klúbburinn hygðist ræða við Fjalas. „Hann er frábær markmaður og við sjáum hann vel fyrir okkur hjá Fylki. Við munum tala við hann þó ekki væri

nema fyrir kurteisissakir en við bindum að sjálfsgöðu miklar vonir við Bjarna Þórð,“ sagði Hörður og Leifur Garðarson þjálfari liðsins tók undir orð hans og vonaðist til þess að Bjarni næði sér góðum sem fyrst.

Bjarni Þórður Halldórsson, markmaður Fylkis, er ekki byrjaður að spila en hann á við dularfull meiddi að stríða. Meðslin eru í náru en nánari útskýring fæst ekki. Bjarni fer til sjúkrahúsferðum á hverjum degi, hleypur í sundlaug og fór meira að segja í heilun í síðustu viku til að koma jafnvægi á líkama og sál eins og hann orðaði það. „Þetta gengur hægt. Ég veit varla enn hvað

er að en nárin er ekki samur við sig. Það er algjörlega ómögulegt að segja til um hversu langan tíma þetta tekur,“ sagði Bjarni, sem var brattur þegar Fréttablaðið náði tali af honum.

„Ég reyni bara að vera jákvæður og horfa fram á veginn og vona það besta en ég reikna ekki með því að sumarið sé í hættu, ég er bara bjartsýnn,“ sagði Bjarni, sem nýtur lífsins til fullnustu í Kennaraháskólanum þar sem hann stundar nám.



> Silja ákvað að sleppa HM

Hlaupadrottningin Silja Úlfarsdóttir hefur ákveðið að gefa eftir setti sitt á HM og ætla þess í stað að einbeita sér að undirbúningi fyrir EM í ágúst í staðinn. Silja missti af undirbúningstímabilinu með nýja þjálfaranum sínum og byrjar í stífum æfingum strax í næstu viku.



Jón Oddur Sigurðsson:

Gerir það gott í háskólasundi

SUND Jón Oddur Sigurðsson úr KR er að gera það gott í Bandaríkjunum þar sem hann stundar sund samhliða háskólanámi í Stony Brook University í New York. Jón vakti mikla athygli á Austurstrandar háskólamótinu sem fram fór um síðustu helgi þar sem hann sigraði í 100 metra bringusundi á tímanum 56,33 sekúndum og setti um leið nýtt Austurstrandarháskólamótsmet.

Þá setti Jón einnig skólamet í 200 metra bringsundi á tímanum 2.07,34 sekúndum og sveit skólans setti jafnframt skólamet og vann til verðlauna í 4x50 metra fjórsundi, 4x100 metra fjórsundi og 4x50 metra skriðsundi.

Jón Oddur er væntanlegur til Íslands til að keppa á Íslandsmótinu í 50 metra laug sem fer fram í Laugardalslauginni um miðjan mars og ætti hann að vera líklegur til afreka. - hph

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?
FEBRÚAR

20 21 22 23 24 25 26

Fimmtudagur

LEIKIR

- 19.15 **Haukar** og **Ís** mætast í Iceland Express-deild kvenna.
- 19.15 **Höttur** og **Fjölnir** mætast í Iceland Express-deild karla.
- 19.15 **Snæfell** og **Njarðvík** mætast í Iceland Express-deild karla.
- 19.15 **ÍR** og **Skallagrímur** mætast í Iceland Express-deild karla.
- 19.15 **Hamar/Selfoss** og **KR** mætast í Iceland Express-deild karla.
- 19.15 **Þór** og **Haukar** mætast í Iceland Express-deild karla.
- 19.15 **Keflavík** og **Grindavík** mætast í Iceland Express-deild karla.

SJÓNVARP

- 09.00 **ÓL** á RÚV. Skíðafimi kvenna.
- 10.50 **ÓL** á RÚV. 4x6 km skíðaganga og skíðaskottfimi kvenna.
- 12.55 **ÓL** á RÚV. Snjóþrettasvíg.
- 14.50 **ÓL** á RÚV. Ishokki.
- 16.40 **Handboltakvöld** á RÚV.
- 17.05 **ÓL** á RÚV. Listhlaup kvenna á skautum.
- 19.30 **UEFA Cup** á Sýn.
- 21.40 **Destination Germany** á Sýn.



BJARNI GUÐJÓNSSON Var í guðatölu á meðal stuðningsmanna ÍA síðast þegar hann spilaði hér á landi árið 1996, þá sautján ára gamall. Það ár varð ÍA Íslandsmeistari en þá var núverandi þjálfari, Ólafur Þórðarson, fyrirlíði. FRÉTTABLAÐIÐ/BRYNJAR GAUTI

Nokkrir velunnarar ÍA sjá um að greiða laun Bjarna

Formaður meistaraflokksráðs ÍA segir að sterk grasrót félagsins hafi verið lykillinn að því að fá Bjarna Guðjónsson aftur heim. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fær Bjarni um hálf milljón á mánuði hjá ÍA.

FÓTBOLTI Þegar Bjarni Guðjónsson gerði það opinbert fyrir fáeinum vikum að góðar líkur væru á að hann sneri heim á næstu leiktíð sagði Eiríkur Guðmundsson, formaður meistaraflokksráðs ÍA, við Fréttablaðið að félagið hefði einfaldlega ekki efni á að fá Bjarna. ÍA hafði skómmu áður fengið Þórð Guðjónsson, einn dýrasta leikmann Landsbankadeildarinnar, og var á þeim tíma ekki farið leynt með að buddan væri farin að þynnast.

Nú, aðeins rúmum þremur mánuðum síðar, hefur ÍA aftur náð að krækja í feitasta bitann á leikmannamarkaðnum og það með því að einfaldlega yfirbjóða mun fjársterkari félög á borð við KR, FH, Val og Fylki, rétt eins og raunin var þegar félagið klófesti Þórð í byrjun nóvember. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru árslaun Bjarna hjá ÍA á milli fimm og sex milljónir króna, auk þess sem samningnum fylgja ýmis önnur fríðindi.

Þessar háu launagreiðslur eru athyglisverðar í ljósi þess að knattspyrnudeild ÍA hefur á undanförunum árum verið afar illa stöðd fjárhagslega. Félagið varð nánast gjaldþrota fyrir tæpum fimm árum síðan og neyddist til

að selja allar sínar eignir til að greiða upp skuldir. Algjör uppstokkun var gerð á rekstri knattspyrnudeildarinnar og var það í raun ekki fyrir en í fyrradag sem hún fékk ákveðið öryggi í rekstur sinn næstu ár en þá var skrifað undir nýjan samning við KB banka um að bankinn yrði aðalstyrktaradili ÍA til 2010.

Leiðin sem knattspyrnudeild ÍA fór til að fjármagna þessar launagreiðslur til Bjarna var einföld; lagt var af stað í áttak sem bar vinnuheitidi „Bjarni Guðjónsson“.

„Þetta tók ótrúlegan stuttan tíma, um það bil viku,“ sagði Eiríkur Guðmundsson við Fréttablaðið í gær, spurður um hvernig fjármögnunin gekk.

„Við leituðum til velunnara ÍA um allt land og töluðum við þá sem við héldum að væru reiðubúnir að leggja peninga í þetta. Í langflestum tilvikum er um einstaklinga að ræða sem eru að aðstoða okkur,“ útskýrði Eiríkur og bætti því við að félagið væri mjög sátt við þann samning sem Bjarni mun skrifa undir á næstu dögum, en hann nær til næstu fjögurra ára.

„Hann er að minnsta kosti ekki að gera okkur gjaldþrota. Bjarni er svo vænn drengur, hann myndi

aldrei gera okkur það,“ sagði Eiríkur og hló við.

Ljóst var að Bjarni, margreyndur atvinnumaður og fyrrum landsliðsmaður, ætti eftir að reynast gríðarlegur styrkur fyrir hvaða lið sem er hér á landi. Að því leyti er kannski eðlilegt að hann sé einn af launahæstu, ef ekki allra launahæsti leikmaður deildarinnar.

Hann er á besta aldri - aðeins 27 ára gamall - og ætti að eiga mörg góð ár eftir í boltanum. „Það er mjög sterk grasrót í félaginu og ljóst að það eru einstaklingar sem eru tilbúnir að láta pening í svona dæmi sem felur í sér styrkingu félagsins. Það er ekki mörgum blöðum um það að fletta að koma Bjarna Guðjónssonar aftur heim er mjög sterk fyrir félagið,“ segir Eiríkur.

Ekki fæst uppgefið hverjir það eru sem standa að komu Bjarna til ÍA og segir Eiríkur það vera að beiðni hlutaðeigandi aðila.

Er þar með farin önnur leið en í fjármögnun Grindavíkur á sóknarmanninum Jóhanni Þórhallssyni fyrr í vetur en þá var skýrt tekið fram að það væru bræðurnir Hermann og Gestur Ólafssynir, aðal-eigendur Stakkavíkur, sem stæðu að komu Jóhanns til félagsins.

vignir@frettabladid.is



LARS KROGH JEPPESEN Stóð ekki undir væntingum hjá Barcelona.

Lars Krogh Jeppesen:

Samdi við Kiel

HANDBOLTI Danska stórskytthan Lars Krogh Jeppesen gekk í gær frá þriggja ára samningi við þýska stórlíðið Kiel en hann hefur verið í herbúðum Barcelona síðan 2004 er hann yfirgaf herbúðir Flensburg.

Jeppesen náði sér aldrei almennilega á strík með spænska rísanum og vildi því ólmur komast aftur yfir til Þýskalands en hann fékk síðan ósk sína uppfyllta í gær. - hph



BJÖRN MARGEIRSSON Hann keppir í 1500 metra hlaupi í Moskvu.

HM í frjálsum Íþróttum:

Björn keppir einn Íslendinga

FRJÁLSTAR Björn Margeirsson verður eini Íslenski keppandinn á heimsmeistaramótinu í frjálsum íþróttum sem fram fer í Moskvu í mars. Björn, sem er úr FH, tekur þátt í 1500 metra hlaupi á mótinu en hann á annan besta árangur Íslendinga í þeirri grein, 3.47,84 mínútur.

Þórey Edda Elísdóttir getur ekki verið með á mótinu í Rússlandi vegna meiðslna í öxl en samt sem áður náði hún lágmarkinu fyrir mótið. - hph

PARADON

ÚR SPORTINU

Logi Geirsson skoraði þrjú mörk fyrir Lemgo, sem bar sigurorð af Hamburg í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta í fyrradag, 29-28, en Ásgeir Örn Hallgrímsson komst ekki blað.



Lemgo er í 5. sæti deildarinnar eftir sigurinn með 28 stig en Kiel er sem fyrr í efsta sæti með 34 stig. Gummersbach og Flensburg eru í 2.-3. sæti með 32 stig.

Jonathan Woodgate verður frá æfingum og keppni næsta mánuðinn eða svo eftir að hafa tognað í læri í leik Arsenal og Real Madrid í fyrradag.



Woodgate varð að fara af velli eftir aðeins níu mínútur og eru þetta enn ein meiðslin sem Woodgate verður fyrir síðan hann gekk til liðs við Real.

Að sögn varaforseta Barcelona, Ferran Soriano, hefði félagið mikinn áhuga á hafa Thierry Henry í sínum röðum - eins og öll önnur félög í heiminum.



„Hann er stórkostlegur leikmaður sem allir vilja hafa í sínu liði. En hann er samningsbundinn Arsenal og við virðum það. Ef hann verður falur einhvern daginn munum við að sjálfsögðu ræða við hann. En það er ekki til umræðu í augnablikinu,“ segir Soriano.

Yfirmenn FIFA, alþjóða knattspyrnu-sambandsins, munu ræða um kosti og galla þess að taka upp stafræna marklínutækni í fótbolta á fundi sínum í næsta mánuði. Mun sú umræða ráða miklu um hvort tekið verður upp á því að koma myndavélum fyrir við marklínuna og leyfa dómurum að notast við þær upptökur í leikjum. Málið hefur verið lengi í deiglu en talið er að það muni skýrast að stóru leyti á áðurnefndum fundi.

Edwin van der Sar hefur greint frá því að hann hafi fengið vægt áfall þegar hann sá ökkla á Alan Smith eftir misheppnaða tæklingu hans gegn Liverpool á sunnudaginn.



Smith hefur sjálfur sagt að honum hafi fundist ökkla vísa til Hong Kong og segir van der Sar að hann hafi átt erfitt með að láta dómurinn vita af alvarleika meiðslana. „Það er hróðalegt að sjá svona meiðsli og ég fékk virkilega mikla ónotatilfinningu,“ segir hollenski markvörðurinn.

Fórráðamenn Real Madrid segja framherja sinn Ronaldo ekki vera til sölu en hann hefur ekki náð sér á strík að undanfögnu og virkar allt of þungur.



Nýlega greindi hann sjálfur frá því að honum fyndist hann ekki velkominn á heimavelli Real og að stuðningsmenn félagsins kæmu ekki fram við hann af ást og alúð. „Ronaldo er ekki á förum frá Real. Hann er ekki til sölu,“ sagði í tilkynningu frá félaginu í gær sem gefin var út í kjölfarið á þessum ummælum Brasilumannsins.



ný vöru- & þjónustuskra á visir.is

SKOÐAÐU ALLT

ALLT er ný vöru- og þjónustuskra á visir.is. ALLT geymir upplýsingar um ALLT milli himins og jarðar, iðnaðarmenn, þjónustufyrirtæki, umboð, verslanir og ALLT hitt sem þig vanhagar um. ALLT er líka að finna í þjónustunúmerinu 1850 og í vor verður ALLT bókinni dreift til allra landsmanna. Þú finnur ALLT á visir.is!



visir

ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

allt

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

TIL PARÍSAR – HEIM FRÁ LONDON

NÝTT – OPIN FERÐ Nú er hægt að bóka NETSMELL til eins áfangastaðar og heim frá öðrum. Þetta gildir um alla áfangastaði Ícelandair í Evrópu og Bandaríkjunum. Af því tilefni bjóðum við flug til Evrópu á sérstöku tilboðsverði. FLUG 19.900 KR. – Sölutímabil til 24. febrúar. TAKMARKAÐ SÆTAFRAMBOÐ.

ICELANDAIR
www.icelandair.is



Á BEKKNUM Gerrard leiddist að minnsta kosti ekki með Dietmar Hamann á bekknunum gegn Benfica. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Rafael Benitez um Gerrard: Vildi ekki taka áhættuna

FÓTBOLTI Rafael Benitez hefur varið þá ákvörðun sína að láta fyrirliðann Steven Gerrard byrja á varamannabekk liðsins gegn Benfica í Meistaradeildinni í fyrradag. Gerrard kom inn á þegar um tíu mínútur voru til leiksloka en án hans var Liverpool ekki upp á sitt besta. Fyrirliðinn var tæpur vegna meiðsla fyrir leikinn en hefði hugsanlega getað byrjað.

„Ég vil frekar eiga kost á því að hafa Gerrard til taks næsta mánuðinn en bara í þessum leik,“ sagði Benitez eftir leikinn og sagðist standa við sína ákvörðun. „Hann var ekki 100% heill og ég er ekki mikið fyrir að taka áhættu.“ - vlg



BETO Sést hér biðja Sissoko afsökunar. NORDICPHOTOS/AFP

Meiðsli Mohammed Sissoko: Með skaddaða sjónhimnu

FÓTBOLTI Mohammed Sissoko, leikmaður Liverpool, er ennþá á sjúkrahúsi í Portúgal eftir meiðsli sem hann hlaut í 1-0 tapleiknum gegn Benfica á þriðjudaginn. Sissoko fékk spark í augað frá miðjumanni Benfica, Beto, og er með skaddaða sjónhimnu.

Malbúinn fer líklega til Englands í dag þar sem hann mun gangast undir frekari rannsóknir en ekkert hefur heyrst um það hversu lengi Sissoko verður frá.

„Skórin minn fór í andlitnið á Sissoko og opnaði stóran skurð við augað á honum. Ég vil biðjast innilega afsökunar, ég ætlaði alls ekki að meiða hann. Þetta var dæmigerð barátta um boltann og þetta getur alltaf gerst,“ sagði Beto, sem varð fyrir því óláni að sparka í hinn 21 árs gamla miðjumann. - hph

Barca náði fram hefndum

Spænska liðið Barcelona hefndi fyrir tapið gegn Chelsea í Meistaradeildinni í fyrra þegar liðið sigraði á Stamford Bridge í gær. Chelsea lék manni færri í rúmar fimmtíu mínútur og það skipti sköpum.

FÓTBOLTI Það var gríðarleg stemning á Stamford Bridge í Lundúnum í gær þegar fyrri viðureign Chelsea og Barcelona í sextán liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu fór fram. Eiður Smári Guðjohnsen var í byrjunarliði Chelsea sem mátti sætta sig við eins marks tap, 1-2, eftir að hafa leikið manni færri í 53 mínútur.

Grasið á Stamford Bridge hafði verið mikið í umræðunni fyrir leikinn og því kom lítið á óvart að sjá völlinn fyrir leikinn en hann var rennblautur og pollar á stöku stað.

Mikil grimmd var í leikmönnum beggja liða strax í upphafi og jafnræði með liðunum lengstum í fyrri hálfleik. Sóknarlottur Barca voru þó skæðari og í tvígang komst Ronaldinho í ákjósanleg færi en hann var klaufi í fyrri skiptið og Petr Cech varði svo fráþærlega frá honum í seinna fær-



GRÁTUR Asier Del Horno grét þegar hann fékk rauða spjalðið og Eiður reyndi að hughreysta hann. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



SJÁLFSMARK John Terry skorar hér afdrifarikt sjálfsmark gegn Barcelona í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

inu. Chelsea gekk ekkert að skapa sér færi að sama skapi.

Vendipunktur leiksins kom á 37. mínútu þegar norskur dómari Terje Hauge rak spænska bakvörðinn Asier Del Horno hjá Chelsea af leikvelli fyrir brot á Lionel Messi. Brotið leit vissulega illa út en hefði í raun aldrei átt að vera annað en gult spjald. Flæði leiksins og taktur breyttist eðlilega í kjölfarið en Jose Mourinho, stjóri Chelsea, neyddist til að breyta leikskipulaginu og Joe Cole var því fórnað fyrir Geremi.

Ræða Mourinho í hálfleiknum hefur verið kröftug því leikmenn Chelsea byrjuðu síðari hálfleikinn af miklum krafti. Þessi mikli kraftur leikmanna Chelsea skilaði þeim síðan marki á 59. mínútu þegar Tiago Motta skoraði sjálfs-

mark eftir aukaspyrnu Franks Lampard.

Chelsea varð síðan fyrir áfalli tuttugu mínútum fyrir leikslök þegar fyrirliðinn John Terry skallaði boltann í eigið net eftir aukaspyrnu Ronaldinhos. Aðeins mínútu síðar var Chelsea stálheppið þegar skot Messi fór í þverslána á Chelsea-markinu.

Barcelona hélt áfram að þjarma að Chelsea og eitthvað hlaut undan að láta. Það varð raunin tíu mínútum fyrir leikslök þegar Samuel Eto'o skoraði með glæsilegum skalla eftir frábæra sókn. Bæði lið léku varlega það sem eftir lifði leiks og það var því mark Eto'o sem skildi liðin að á endanum.

Chelsea biður því verðugt verkefni í seinni leiknum en hefnd Barcelona frá því í fyrra var án vafa mjög sæt. henry@frettabladid.is



ALLT Í JÁRNUM HJÁ INTER OG AJAX Javier Zanetti og Maduro í leiknum í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Meistaradeild Evrópu í gær:

Dramatískur sigur Bremen

FÓTBOLTI Werder Bremen tókst á ótrúlegan hátt að sigra Juventus í Þýskalandi. Christian Schulz kom Bremen yfir en Pavel Nedved og David Trezeguet skorðu fyrir Juventus. Þegar skammt var eftir jafnaði Tim Borowski og á meðan stuðningsmenn þýska liðsins fögnuðu skoraði Johan Micoud sigurmark Bremen og allt ætlaði um koll að keyra í Þýskalandi.

Ajax og Inter Milan gerðu 2-2 jafntefli í stórskemmtilegum leik í Hollandi. Klaas-Jan Huntelaar skoraði glæsilegt mark og kom heimamönnum yfir áður en Mauro Rosales jók enn á vandræði Inter. Stankovic minnkaði muninn í byrjun síðari hálfleiks

og Julio Cruz jafnaði svo metin undir lok leiksins og þar við sat.

Villarreal og Rangers gerðu jafntefli í fjörugum leik í Skotlandi en spænska liðið komst yfir strax á sjöttu mínútu þegar Juan Roman Riquelme skoraði úr víti. Rangers náði að jafna skömmu síðar þegar Peter Lövenkrands skoraði en markahrókurinn Diego Forlan náði forystunni jafn harðan fyrir gestina.

Undir lok leiksins tókst Rangers aftur á móti að jafna metin en fékk til þess hjálp frá Juan Manuel Pena sem setti boltann í eigið net eftir fyrirgjöf Thomas Buffel og jafntefli því niðurstaðan í Skotlandi. - hph

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Meistaradeild Evrópu:

CHELSEA-BARCELONA	1-2
1-0 Tiago Motta, sjálfsmark (59.), 1-1 John Terry, sjálfsmark (71.), 1-2 Samuel Eto'o (80.)	
AJAX-INTER	2-2
1-0 Huntelaar (16.), 2-0 Rosales (20.), 2-1 Dejan Stankovic (49.), 2-2 Julio Cruz (86.)	
WERDER BREMEN-JUVENTUS	3-2
1-0 Christian Schulz (39.), 1-1 Pavel Nedved (73.), 1-2 David Trezeguet (82.), 2-2 Tim Borowski (87.), 3-2 Johan Micoud (90.)	
RANGERS-VILLARREAL	2-2
0-1 Juan Roman Riquelme, víti (8.), 1-1 Peter Lovénkrands (22.), 1-2 Diego Forlan (35.), 2-2 Juan Manuel Pena (82.)	

Enska úrvalsdeildin:

NEWCASTLE-CHARLTON	0-0
--------------------	-----

Þýski handboltinn:

GÖPPINGEN-KIEL	30-39
Jaliesky Garcia Padron komst ekki á blað hjá Göppingen í leiknum en Andrius Stelmokas skoraði fjögur mörk.	
MELSUNGEN-MAGDEBURG	27-28
Sigfús Sigurðsson lék ekki fyrir Magdeburg en Arnór Atlason skoraði fjögur mörk.	
DUSSELDORF-GUMMERSBACH	22-32
Guðjón Valur Sigurðsson skoraði fimm mörk og Róbert Gunnarsson sjö.	
FLENSBURG-GROSSWALLSTADT	35-28
Einar Hólmgeirsson skoraði sex mörk fyrir Grosswallstadt í leiknum.	
KRONAU/ÖSTRINGEN-NORDHORN	30-28
Iceland Express-deild kvk:	
KR-KEFLAVÍK	38-93



BROTID Brot Del Hornos á Messi sést hér vel. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Þýskur stjórnmalamaður:

Vill aflýsa HM

FÓTBOLTI Einn af forystumönnum þýska græningjaflokksins vill að Heimsmeistarátölinu í knattspyrnu verði aflýst ef fuglflensan fyrirfinnst í Þýskalandi. Heimsmeistarátölinu á að fara fram 9. júní til 9. júlí næstkomandi í landinu en þessi orð hafa ekki vakið mikla lukku meðal knattspyrnumanna.

„Flensan er til staðar og stór atburður mun eiga sér stað í landinu, að því gefnu verðum við að skoða það vel að aflýsa mótinu,“ sagði Baerbel Höhn leiðtogi þingnefndarinnar fyrir landbúnað í gær.

Hohn bætti við að lítið mál yrði að fresta mótinu og að það yrði gert í þágu almennings en knattspyrnuáhugamenn í Þýskalandi eru æfir vegna þessara orða. - hph

Kyung-Shin Yoon samdi við Hamburg til ársins 2008

Ólafur í stað Yoon?

HANDBOLTI Hin örvhenta suðurkór-enska stórskyttu Kyung-Shin Yoon samdi í gær við Hamburg fram á sumar 2008 en hann hefur leikið með Gummersbach síðustu tíu ár við mjög góðan orðstír. Hann var aftur á móti mjög ósáttur við þann samning sem Gummersbach bauð honum og því ákvað hann að söðla um. Yoon var kostur númer tvö hjá Hamburg því félagið reyndi fyrst að fá Ólaf Stefánsson en hann hafnaði tilboði félagsins.

Við brotthvarf Yoons vaknar sú spurning hver eigi að leysa hann af hjá Gummersbach. Nú þegar er orðrómur farinn af stað um að það verði Ólafur Stefánsson en í nokkurn tíma hefur verið rætt um að hann sé á leið til Þýskalands á ný. Það sem yfir enn frekari stoðum undir orðróminn að hann fari til Gummersbach er sú staðreynd að Alfreð Gíslason er að taka við



Á LEIÐ TIL ÞÝSKALANDS Á NÝ? Ólafur Stefánsson er orðaður við Gummersbach sem arftaki Yoon. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

liðinu. Hann stýrði Ólafi hjá Magdeburg á sínum tíma og gekk samstarf þeirra vel og Ólafur hefur áður talað um að hann væri vel til í að starfa aftur með Alfreð. - hbg

MESTA ÚRVAL LANDSINS

AF GLÆSILEGUM HJÓLHÝSUM OG HÚSBÍLUM

KYNNINGARVERÐ
3.970.000

VIÐ TÖKUM VAGNINN ÞINN STRAX UPPÍ NÝJAN
GÆÐI OG GÓÐ ÞJÓNUSTA!

Arnar Kristín

www.vikurverk.is TANGARHÖFÐA 1 SÍMI 557 7720

Eitthvað annað en Toyota?



Þú vilt nýjan bíl, japönsk gæði og öruggt bílaumboð. Toyota? Nú er annar góður kostur í boði fyrir þig: Nýr Mazda frá Brimborg. Japönsk gæði Mazda keppa við hvern sem er. Helst Toyota. Gerðu samanburð. Markmið Mazda um að vera betri en aðrir kalla á kröfur um annan stíl, aðra eiginleika, önnur þægindi og annað öryggi. Nýtt verður til. Veldu öruggan stað að vera á. Komdu í Brimborg. Veldu annan stíl. Núna Mazda.

Gerðu samanburð á japönskum gæðum

Berðu saman verð og búnað Mazda6 Touring 4 dyra, sjálfskiptum, og Toyota Avensis Sedan Sol, sjálfskiptum. Mazda6 kostar núna aðeins frá 2.190.000 kr. á sérstöku tilboði til þín. Að auki færðu vetrardekkin þér að kostnaðarlausu undir bílinn (verðmæti allt að 60.000 kr.) og sumardekkin í skottið. Verð á sjálfskiptum Toyota Avensis Sedan Sol er frá 2.400.000 kr.* Veldu annan stíl. Núna Mazda.

Það sem er umfram í Mazda6 Touring:

- 2,0 lítra vél
- 5 þrepa sjálfskipting
- Álfelgur
- Hraðastillir

Brimborg
Bildshöfði 8

Brimborg
Bildshöfði 6

MAX1
Bílavaktin

Komdu í nýjan sýningarsal
Mazda hjá Brimborg - Bildshöfða 8

Ný heimkynni - Nýtt verð!
Kr. 2.190.000

Mazda6 Touring 2,0i
4 dyra, sjálfskiptur*



Mazda er besta merkið
- Toyota næst besta..!

Mazda er með mestu heildargæðin, samkvæmt gæðakönnun þýska bíla-
blaðsins Auto Bild. Toyota nr. 2.

AUTO BILD, 5 TBL. 3. FEBRÚAR 2006 OG MBL 17. FEBRÚAR 2006

Nánar á www.mazdabrimborg.is



Sérstakt tilboð!

Kauptu! Leigðu! Fáðu lán!

Frábær tilboð í tilefni nýrra heimkynna Mazda á Íslandi.

Lægra verð en kynningarverð. Vetrardekkin færðu þér að kostnaðarlausu undir bílinn (verðmæti allt að 60.000 kr.) og sumardekkin í skottið. Betri kjör hjá Lýsingu.

Veldu annan stíl. Núna Mazda.

Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðuðu Mazda í dag. Komdu í Brimborg - skoðuðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Mazda.

Aflaðu þér
frekari upplýsinga
www.mazdabrimborg.is



Lýsing býður viðskiptavinum Brimborgar betri kjör vegna nýrra heimkynna Mazda á Íslandi.

Skoðu úrval
í **Mazda**
nýjum
húsakynnum

Nýttu þér sérstakt
tilboð á Mazda

Gildir
aðeins til
11. mars!



Mazda2
Væntanlegur í maí



Mazda3 Touring 1,6i
5 dyra, 5 gir*
Besta verð 1.690.000 kr.
Bilasamningur 22.945 kr.
Rekstrarleiga 30.414 kr.



Mazda3 Touring 1,6i
4 dyra 5 gir*
Besta verð 1.720.000 kr.
Bilasamningur 23.353 kr.
Rekstrarleiga 32.140 kr.



Mazda5 Touring 2,0i
7 manna, 5 gir*
Besta verð 2.190.000 kr.
Bilasamningur 29.422 kr.
Rekstrarleiga 39.990 kr.



Mazda6 Touring 2,0i
4 dyra, sjálfskiptur*
Besta verð 2.190.000 kr.
Bilasamningur 29.422 kr.
Rekstrarleiga 39.990 kr.



Mazda6 Touring 2,0i
5 dyra, sjálfskiptur*
Besta verð 2.240.000 kr.
Bilasamningur 30.093 kr.
Rekstrarleiga 41.100 kr.



Mazda6 Touring 2,0i
Wagon, sjálfskiptur*
Besta verð 2.290.000 kr.
Bilasamningur 30.764 kr.
Rekstrarleiga 42.700 kr.



Mazda MX-5 Sport 2,0i
2 dyra, 6 gir*
Besta verð 2.750.000 kr.
Bilasamningur 36.944 kr.



Mazda RX-8 High
4 dyra 6 gir*
Besta verð 3.290.000 kr.
Bilasamningur 44.669 kr.



Mazda6 MPS AWD 2,3i
4 dyra, 6 gir*
Besta verð 3.390.000 kr.
Bilasamningur 45.543 kr.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazdabrimborg.is

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„Thus far I find you rather repulsive, may I say that without hurting your feelings?“

Svar:
Man frá árinu 1976
Christian Szell úr kvikmyndinni Marathon

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ ÞÓRÐÍS LILJA GUNNARSDÓTTIR BÆÐI SÉR OG HEYRIR KYNLÍFSTILBURÐI LJÓSVAKAMIÐLA

Sex og svefn í sjónvarpssófanum

Minn heittelskaði er einmana á kvöldin. Fyrir honum er ég verri félagsskapur en enginn. Það er að segja ef áform kvöldins voru að horfa saman á sjónvarp. Ég er nefnilega hin eina sanna ungrú vonbrigði sem sjónvarpsfélagi og sofna venjulega á fyrsta korterinu, sama hversu áhugavert sjónvarpsefnið er. Ég missi því oft af hápunktum þótt mér dyljist eigi að kynlíf ræður enn ríkjum í flestu sem fyrir augu og eyru ber. Sá Kompás þar sem tálbeita var notuð til að hafa uppi á barnaniðingum og þótti útkoman sláandi, en þætti þarft að málinu yrði fylgt eftir og rannsakað hvort barnaböðlar hefðu sig hægari á netinu eftir þetta. Það er löngu tíma-bært að hræða barnaniðinga, rétt eins og blessuð börnin sem fá sinn hræðsluáróður

um manna afbrigðilegheit í vinsælasta sjónvarpsefni ungvíðisins; auglýsingum. Mér varð bumbult við áhorf Blátt áfram-auglýsingarinnar, en finnst hún eigi að síður þarft framtak. Það er trúlega þægilegra fyrir börn að sjá jafninga sína ímpra á þessum málum, auk þess sem það auðveldar foreldrum að færa svo viðkvæm mál í tal, því annars er hætt við að barninu þyki sitt foreldri undarlegt, þar sem aðrir foreldrar ræddu ekki það sama við sín börn og umræðan væri almennt engin í þeirra eyru. Vitaskuld er illt að búa til ófreskju úr öllum karlmönnum, en þeim mun mikilvægara að skýra söguna alla svo ungir drengir fái ekki þá flugu í höfuðið að innra með þeim búi skrímsli sem brjótist út gagnvart minni máttar þegar

fullorðinsárin

koma.

Það var svo á leið í vinnu að ég leit aði að upplífandi lagi í útvarpinu.

Lenti þá á viðvör FM 95,7 um að nú yrði útvarpað efni sem skadað gæti viðkvæmar sálir og forráðamenn barna hvattir til að lækka í útvarpinu. Var þá mætt í hljóðverid ung stúlka í þeim erindagjörðum að fullnægja sjálfri sér í beinni útsendingu, en „fullnægingin“ tók um mínútu að viðstöddu klappliði útvarpsfólksins í Zúúber. Þvílík deskotans eynd og lágkúra, en þarna kunnir ég loks að meta kosti þeirrar náttúru að sofna á undan hápunktum ljósvakanna.



20.10
Keppni
GETTU BETUR

SIJÓNVARPIÐ

8.00 Vetrarólympíuleikarnir í Tórino 8.30 Vetrarólympíuleikarnir í Tórino 9.00 Vetrarólympíuleikarnir í Tórino 10.50 Vetrarólympíuleikarnir í Tórino

12.55 Vetrarólympíuleikarnir í Tórino 14.50 Vetrarólympíuleikarnir í Tórino 16.40 Handboltakvöld 17.05 Vetrarólympíuleikarnir í Tórino 17.50 Táknmalstréttir 18.00 Stundin okkar

18.30 Vetrarólympíuleikarnir í Tórino Fyrri samantekt dagsins.

19.00 Fréttir, íþróttir og veður

19.35 Kastljós

20.10 Gettu betur Spurningakeppni framhaldsskólanna. Í þessum þætti eigast við Borgarholtskóli í Reykjavík og Flensborgarskólann í Hafnarfirði. Spyrill er Sigmar Guðmundsson en dómari og spurningahöfundur Anna Kristín Jónsdóttir.

21.15 Spórlaus (2:23) (Without a Trace) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

22.00 Tíufréttir

22.25 Aðþrengdar eiginkonur (27:47) (Desperate Housewives) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

23.10 Lífsháski (29:49) 23.55 Vetrarólympíuleikarnir í Tórino 0.25 Kastljós 1.15 Dagskrárlök

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 The Italian Job (B. börnum) 8.00 61 10.05 Overboard 12.00 Blue Crush 14.00 61 16.05 Blue Crush 18.00 Overboard 20.00 The Italian Job (Ítalíska verkefnið) Bönnuð börnum. 22.00 Hart's War (Stríðsfangar) Laganeminn Thomas Hart þjónar föðurlandi sínu. Hann er handsamaður og færður í fangabúðir Þjóðverja. Str. b. börnum. 0.00 Darkwolf (Str. b. börnum) 2.00 Bad Boys II (Str. b. börnum) 4.25 Hart's War (Str. b. börnum)

22.05
Spenna
MURDER INVESTIGATION TEAM 2

SIRKUS

6.58 Ísland í bitid 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 2005 9.35 Martha 10.20 My Sweet Fat Valentina 11.10 Alf 11.35 Whose Line is it Anyway 12.00 Hádegisfréttir

12.25 Neighbours 12.50 Í finu formi 2005 13.05 The Block 2 13.50 Two and a Half Men 14.15 Wife Swap 15.00 What Not To Wear 16.00 Með afa 16.55 Barney 17.20 Bold and the Beautiful 17.40 Neighbours 18.05 The Simpsons 15

18.30 Fréttir, íþróttir og veður

19.00 Ísland í dag

19.35 Strákarnir

20.05 Meistarinn (9:21)

20.55 How I Met Your Mother (7:22) (Svona kynntist ég móður ykkar)

21.20 Nip/Tuck (7:15) (Klippt og skorið 3). Stranglega bönnuð börnum.

22.05 Murder Investigation Team 2 (1:4) (Morðrannsóknarflokkurinn 2) Breskir sakamálaþættir af bestu gerð sem fjalla um stórf morðrannsóknarflokks innan Lundúnalögreglunnar. Í hverjum þætti fæsti MIT – eins og flokkurinn er jafnan kallaður – við vandasama morðrannsókn. Bönnuð börnum.

23.30 American Idol 5 0.10 American Idol 5 0.55 Johns (Str. b. börnum) 2.30 Huff 3.25 Trance (Str. b. börnum) 5.05 The Simpsons 15 5.30 Fréttir og Ísland í dag 6.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

22.30
Spenna
X-FILES

SIRKUS

07.00 6 til sjó (e) 08.00 Dr. Phil (e)

14.40 2005 World Pool Championship (e) 16.15 Queer Eye for the Straight Guy (e) 17.15 Dr. Phil (e)

18.30 Fréttir NFS

19.00 Ísland í dag

19.30 American Dad (13:13) (e)

20.00 Friends (6:24)

20.30 Splash TV 2006

21.00 Summerland (12:13) (Careful What You Wish For) Bandarískur myndaflokkur sem fjallar um unga konu sem þarf að kúvenda lífi sínu.

21.45 Smallville (11:22) (Unsafe) Í Smallville býr unglingurinn Clark Kent. Hann hefur hlotið líkamlegt atgervi í vöggugjöf en hann hefur ekki enn gert sér grein fyrir styrk sínum.

22.30 X-Files (2:49) (Ráðgátur) Sirkus sýnir X-files frá byrjun!

23.15 Invasion (7:22) (e) 0.00 Sirkus RVK (16:30) (e) 0.25 Friends (6:24) 0.50 Splash TV 2006 (e)

E! ENTERTAINMENT

12.00 E! Entertainment Specials 13.00 E! News 13.30 Celebrity Soup 14.00 Live from the Red Carpet 16.00 Matthew McConaughey Uncut 17.00 Live from the Red Carpet 19.00 E! News 19.30 Girls of the Playboy Mansion 20.00 The E! True Hollywood Story 21.00 101 Sensational Crimes of Fashion! 22.00 Girls of the Playboy Mansion 22.30 Girls of the Playboy Mansion 23.00 Celebrity Soup 23.30 Wild On Tara 0.00 E! News 0.30 Fashion Police 1.00 Celebrity Friends Gone Bad 1.30 Party @ the Palms 2.00 The E! True Hollywood Story

22.00
Raunveruleiki
THE BACHELOR VI

SKJÁREINN

07.00 6 til sjó (e) 08.00 Dr. Phil (e)

14.40 2005 World Pool Championship (e) 16.15 Queer Eye for the Straight Guy (e) 17.15 Dr. Phil (e)

18.00 6 til sjó

19.00 Cheers

19.25 Fasteignasjónvarpið

19.35 Game tívi

20.00 Family Guy

20.30 Malcolm in the Middle

21.00 Will & Grace Will er hættur að vinna hjá lögfræðiskrifstofunni og er farin að skrifa.

21.30 Everybody loves Raymond

22.00 The Bachelor VI Í sjöttu þáttaröð Bachelor fær Byron Velvick tækifæri til að finna draumakonuna, og vonandi verðandi eiginkonu.

22.50 Sex Inspectors Kynlífsfræðingarnir Tracey Cox og Michael Alveir greiða úr kynlífsvanda para í þáttunum The Sex Inspectors.

23.25 Jay Leno 0.10 Law & Order: SVU (e) 0.55 Cheers (e) 1.20 Top Gear (e) 2.10 Fasteignasjónvarpið (e) 2.20 Östðvandi tónlist

AKSJÓN

Fréttabáturinn Kortur er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

21.40
Fótbolti
HM: DESTINATION GERMANY

SYN

7.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs 7.30 Meistaradeildin með Guðna Bergs 8.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs 8.30 Meistaradeildin með Guðna Bergs 1

6.10 UEFA Champions League 18.00 Íþróttasjallid 18.12 Sportid

18.30 US PGA 2005 – Inside the PGA T

19.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs (Meistarameistarinn 2) Knattspyrnusérfræðingarnir Guðni Bergsson og Heimir Karlsson fara yfir gang mála í meistaradeildinni.

19.30 UEFA Cup leikir ókomið

21.40 Destination Germany (Destination Germany) Heimsmeistaramótid í knattspyrnu fer fram í Þýskalandi næsta sumar og verða allir leikir í beinni útsendingu á Sýn.

22.10 Fifth Gear (Í fimmta gir) Breskur bílaþáttur af bestu gerð.

22.40 UEFA Cup leikir

0.20 Meistaradeildin með Guðna Bergs

ENSKI BOLTINN

20.00 Stuðningsmannabáturinn „Liðið mitt“ Hörðustu áhangendur enska boltans á Íslandi í sjónvarpið.

21.00 Man. City – Newcastle frá 01.02 Leikur sem fór fram miðvikudaginn 1. febrúar.

23.00 Aston Villa – Chelsea frá 01.02 1.00 Dagskrárlök

EF ÞÚ ERT FLUGHRÆDD ÞÁ GETURÐU ALLTAF TREYST Á SESSUNAUT PINN...
...EÐA HVÆÐ?
ÞÚ FÆRÐ RED EYE Á NÆSTU LEIGU EÐA Í NÆSTU VERSLUN!
SAMMYNDIR

VIÐ MÆLUM MEÐ...


Gettu betur

Sjónvarpið kl. 20.00

Borgarholtsskóli og Flensborg mætast í beinni útsendingu

Spurningakeppni framhaldsskólanna, Gettu betur, hefur um árabil verið með vinsælasta sjónvarpsefni á landinu, enda fer þar saman létt skemmtun og æsispennandi keppni. Nú er lokið forkeppni á Rás 2 með þátttöku liða frá fjölmörgum framhaldsskólum en aðeins átta lið standa eftir þegar sjónvarpsluti keppinnar hefst: Borgarholtsskóli, Flensborgarskólinn, Menntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn í Reykjavík, Verzlunarskóli Íslands, Fjölbrotaskóli Suðurlands, Menntaskólinn við Hamrahlíð og Menntaskólinn við Sund. Í kvöld verður sýnd fyrsta viðureignin í átta liða úrslitum og þar mætast í beinni útsendingu Borgarholtsskóli og Flensborgarskólinn. Spyrrill er Sigmar Guðmundsson en hann hefur komið í stað Loga Bergmann sem hefur sinnt starfinu með þrýði undanfarin ár.

Sigmar Guðmundsson er nýr spyrrill þáttanna.



▶ 22.30
Umræða

HRAFNAPING



7.00 Ísland í bitíð 9.00 Fréttavaktin fyrir hádegi

12.00 Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttaréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegisdagfréttir. 13.00 Íþróttir/lífsstíll 14.00 Hrafnáping/Miklabraut 15.00 Fréttavaktin eftir hádegi 18.00 Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir/veður

19.45 Brot úr dagskrá

20.00 Fréttir

20.10 Fréttaljós Víkulegur fréttaskýringabáttur með fjölda gesta í myndveri í umsjónfréttastofu NFS.

21.00 Fréttir

21.10 60 Minutes Framúrskarandi fréttabáttur sem vitnað er í.

22.00 Fréttir Fréttir og veður

▶ 22.30 Hrafnáping/Miklabraut Hrafnáping er í umsjá Ingva Hrafn Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

23.15 Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir/veður 0.15 Fréttavaktin fyrir hádegi 3.15 Fréttavaktin eftir hádegi 6.15 Hrafnáping/Miklabraut



ERLENDAR STÖÐVAR

EUROSPORT

12.55 Olympic Games: Olympic News Flash 13.00 Snowboard: Winter Olympic Games Torino Italy 14.30 Curling: Winter Olympic Games Torino Italy 16.00 All Sports: Daring Girls 16.15 Biathlon: Winter Olympic Games Torino Italy 17.55 Olympic Games: Olympic News Flash 18.00 Figure Skating: Winter Olympic Games Torino Italy 22.00 Olympic Games: Olympic Extra 23.00 All Sports: Daring Girls 23.15 Olympic Games: Mission to Torino (m2i) 23.30 Curling: Winter Olympic Games Torino Italy 0.30 Freestyle Skiing: Winter Olympic Games Torino Italy 1.30 Biathlon: Winter Olympic Games Torino Italy 2.00 Biathlon: Winter Olympic Games Torino Italy

BBC PRIME

12.00 The Brittas Empire 12.30 2 point 4 Children 13.00 Down to Earth 14.00 Balamory 14.20 Teletubbies 14.45 Tweenies 15.05 Binka 15.15 Fimbles 15.35 S Club 7: Viva S Club 16.00 Animal Hospital 16.30 Bargain Hunt 17.15 The Weakest Link 18.00 Doctors 18.30 EastEnders 19.00 As Time Goes By 19.30 Only Fools and Horses 20.00 Top of the Pops 20.30 A Thing Called Love 21.30 Little Britain 22.00 Boss Women 22.40 Judge John Deed 0.10 Great Railway Journeys of the World 1.00 Big Cat Diary 1.30 Big Cat Diary 2.00 Arts Foundation Course

NATIONAL GEOGRAPHIC

12.00 The Super Twisters 13.00 Night Hunters 14.00 Megastructures 15.00 Alien Worlds 16.00 Alien Worlds 17.00 The Super Twisters 18.00 Battlefront 18.30 Battlefront 19.00 Shark Quest 20.00 Megastructures 21.00 King Tut's Curse 22.00 Egypt Eternal - The Quest for the Lost Tombs 23.00 Killers in Space 0.00 King Tut's Curse 1.00 Egypt Eternal - The Quest for the Lost Tombs

ANIMAL PLANET

12.00 Amazing Animal Videos 12.30 Monkey Business 13.00 Crocodile Hunter 14.00 Life of Mammals 15.00 Animal Cops Houston 16.00 Pet Rescue 16.30 Wildlife SOS 17.00 Amazing Animal Videos 17.30 The Planet's Funniest Animals 18.00 Meerkat Manor 18.30 Monkey Business 19.00 Cell Dogs 20.00 Animal Precinct 21.00 Animal Cops Houston 22.00 Animal Precinct 22.30 Monkey Business 23.00 Emergency Vets 23.30 Hi-Tech Vets 0.00 Pet Rescue 0.30 Wildlife SOS 1.00 Animal Precinct 2.00 Cell Dogs

DISCOVERY

12.00 American Chopper 13.00 A Car is Born 13.30 A Car is Born 14.00 Building the Ultimate 14.30 Building the Ultimate 15.00 Extreme Machines 16.00 Junkyard Wars 17.00 Wheeler Dealers 17.30 Wheeler Dealers 18.00 American Chopper 19.00 Mythbusters 20.00 Dr G - Medical Examiner 21.00 FBI Files 22.00 FBI Files 23.00 Mythbusters 0.00 Forensic Detectives 1.00 FBI Files 2.00 Air Wars

TALSTÖÐIN FM 90,9

6.58 Ísland í bitíð. Samsent með Stöð 2 9.10 Allt og sumt

12.25 Fréttavíðitalið. 13.10 Glópagull og gisnir skógar 14.10 Hrafnáping 15.10 Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar 17.59 Á kassanum. Illugi Jökullsson. 18.30 Fréttir Stöðvar 2 19.00 Ísland í dag 19.30 Allt og sumt e. 21.30 Á kassanum e. 22.00 Fréttir Stöðvar 2 og Ísland í dag e.

0.00 Hrafnáping Ingva Hrafn e.

BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland í Bitíð 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádegis Bylgjunnar 13.00 Bjarni Arason 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. 19.30 Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.30 Morguntónar 6.50 Bæn 7.30 Fréttayfirlit 9.03 Laufskálinn 9.50 Leikfimi 10.13 Litla flugan 11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Fréttayfirlit 12.20 Fréttir 12.45 Veður 12.50 Dánarfregni og augl. 13.00 Vít og breitt 14.03 Útvarpsagan 14.30 Miðdegisónar 15.03 Fallegast á fóninn 16.13 Hlaupanótan 17.03 Víðsjá

18.00 Fréttir 18.25 Spegillinn 18.50 Dánarf. og augl. 19.00 Vítinn 19.27 Sinfóniútonleikar 22.15 Lestur Passusálma 22.21 Útvarpsleikhúsið: Papar

0.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns.

ÚTVARP SAGA FM 99,4

8.00 Arnþrúður Karlsdóttir 10.00 Rósa Ingólfsdóttir 11.00 Bláhornið 12.25 Meinhornið 14.00 Kjartan Gunnar Kjartansson

15.00 Hildur Helga 17.00 Gústaf Nielsson 18.00 Meinhornið 19.00 Bláhornið 20.00 Arnþrúður Karlsdóttir 22.00 Rósa Ingólfsdóttir

23.00 Kjartan G. Kjartansson 0.00 Hildur Helga 2.00 Gústaf Nielsson 3.00 Rósa Ingólfsdóttir 4.00 Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 6.30 Morguntónar Rásar 2 9.05 Brot úr degi

12.03 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Síðdegisútlit

18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar 18.25 Spegillinn 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Ungmennafélagið 20.10 Gettu betur 21.10 Konsert 22.10 Popp og ról

AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effemm / Zúber tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bitíð í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 104,5 Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying



TILBOÐ

30% afsláttur af öllum borðstofuborðum.

Stólar með leðuráferð 9.900

40% afsláttur af indverskum stólum.

Skenkur 153.900 stgr

o p i ð v i r k a d a g a 1 0 - 1 8 l a u g a r d a g a 1 1 - 1 6 s u n n u d a g a 1 3 - 1 6

Mikið úrval

af sófum, sófasettum, indveskri vöru, gjafavöru o.fl.



b æ j a r l i n d 6 2 0 1 k ó p a v o g i s í m i 5 5 4 6 3 0 0 w w w . m i r a a r t . i s



Leðursófasett 330.000 stgr (tungusófi + stóll + pulla)

K O R T E R I S



HRÓSIÐ

...fær Sigurveig Stefánsdóttir fyrir að sigra í söngvakeppni Nemendafélags Menntaskólans á Egilsstöðum.



AÐ MÍNU SKAPI LINDA ÓSK VALDIMARSDÓTTIR ÍSLANDS- OG REYKJAVÍKURMEISTARI Í FREESTYLE

Unglingabækur, grenjumyndir, Flórens og HipHop

BÓK
Ég er lítið gefin fyrir bækur og les frekar lítið; held ég hafi ekki lesið bók í nokkra mánuði, því dansinn tekur svo mikinn tíma. Unglingabækur finnast mér þó skemmtilegastar og held mikið upp á bækur Þórgríms Þráinssonar; Svalasta sjöan og Undir fjögur augu. Skólabækurnar taka svo sinn tíma og þegar Séð & Heyrt verður á vegi mínum finnast mér gaman að kíkja á slúðrið um fræga fólk.

BÚÐ
Ég er spennust fyrir tiskuverslunum þegar ég fer í búðaríp. Zara í Smáralind er eftirlætið mitt og alltaf hægt að finna þar flott fót á góðu verði, en ég er líka hrifin af Vero Moda og La Senza. Ég mundi ekki flokka mig sem fatasjúka en ég fylgist mjög vel með tiskunni og kaupi mér alltaf eitthvert

smotteri í hverjum mánuði, ef ég á afgang af laununum. Nammibúðir eru líka í miklu upphaldi því ég er veik fyrir súkkulaði.

BORG
Flórens á Ítalíu er yndisleg borg. Þar bjó ég í tvö ár frá fjögurra til sex ára aldurs þegar mamma var í námi í borginni og eignaðist vini í leikskólanum, en mamma setti mig þá strax í ballett og ég náði ágætis tökum á ítölskunn. Síðan hef ég heimsótt Flórens reglulega, enda einstakur staður þar sem fólk er áberandi vinalagt og afslappað, fegurð og menningarverðmæti mikil og hitinn æðislegur.

BIÓMYND
Ófugt við marga unglina er ég ekkert fyrir hryllingsmyndir, en þeim mun meira fyrir grínmyndir, unglamyndir og grenjumynd-

ir á borð við Titanic og Just like Heaven. Ég er ófimin að gráta yfir bíómyndum en þær mega þó ekki vera of væmmar. Ég fer nokkuð reglulega í bíó en leigi þó oft myndir, enda vinn ég á videóleigu og fylgist vel með því nýjasta.

TÓNLIST
Ég hlusta mest á danstónlist, hiphop og rólegt R&B, en líka rokk annað slag. Ég held meira upp á einstaka lög en sérstaka tónlistarmenn, en fila vel Amy Lee, Yíng Yang Twins og fleiri. Hlusta meira á útvarp en geisladiska og þá helst nýju stöðina Flash FM 104,5 sem spilar fjölbreytta tónlist en ekki sömu lögin allan daginn, eins og margar útvarpsstöðvar gera og er leiðgjarn.

VERKEFNI
Ég tók þátt í Freestyle um síðustu helgi og



endaði sem bæði Reykjavík- og Íslandsmeistari í einstaklingsdansi, auk þess sem hópurinn minn Pandora lenti í öðru sæti. Á sunnudaginn dansa ég í Laugalækjaskóla vegna Vetrarhátíðar í Reykjavík, en sjálf er ég nemandi við Háteigsskóla og æfi dans hjá Dansstúdíói World Class og Jazzballettskóla Báru, og vinn með skólanum í videóleigunni Snælandi og í Austurbæ. Samsagt alltaf brjálað að gera!

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT
2 eymsl 6 kusk 8 sæ 9 skammstöfun 11 bor 12 lágvaxinn skógur 14 hvíld 16 til 17 fley 18 almætti 20 ekki heldur 21 nabbi.

LÖÐRÉTT
1 litarefni 3 löng og lág hæð 4 fúslega 5 tæki 7 ósagður 10 of lítið 13 bein 15 fellði tár 16 síða 19 tveir eins.

LAUSN

Óð.
19. LÖBÉTT: 1 blek, 3 ás, 4 gíamann, 5 töl, 7 klær, 14 áning, 16 að, 17 far, 18 gúð, 20 né, 21 arða.
LÁRÉTT: 2 bæg, 6 íð, 8 sjó, 9 etv, 11 ál, 12

MARKAÐURINN

Sögurnar,
tölurnar,
fólkið.

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU
ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



STRÁKARNIR OKKAR Kvikmyndin um hommafótboltaíð gerði góða hluti á kvikmyndahátíðinni í Berlín og var seld til Bandaríkjanna og Þýskalands.

LEÐURFÉSIÐ SNÝR HEIM: LEIKUR Í ÍSLENSKRI HRYLLINGSMYND

Strákarnir skora í Berlín

Kvikmyndin Strákarnir okkar var nýverið sýnd á kvikmyndahátíðinni í Berlín í panoramaflokki. Mæltist myndin mjög vel fyrir og var meðal annars seld til Spánar og Þýskalands þar sem hún verður sýnd á næstunni. Þá festu bandarískir dreifingaradilar einnig kaup á myndinni og því ljóst að Óttar Þór og vinir hans í hommafótboltaferðalaginu eru að fara í ansi langt ferðalag.

Ingvar Þórðarson, einn af framleiðendum myndarinnar, vildi ekkert gefa upp um kaupverðið en sagði þetta vera mjög stóra samninga sem þeir hefðu gert. „Hún verður sýnd í fjörlutiu kvikmyndahúsum í Þýskalandi og Frakkar frumsýna hana á næstunni,“ segir Ingvar. Vegna reglna hjá Berlínarhátíðinni má ekki sýna myndina utan heimalandsins fyrr en að hátíðinni lokinni. „Þetta er alvöru dreifing í alvöru kvikmyndahúsum,“ bætti Ingvar við. Á Bandaríkja-

markaði verður myndin ekki sýnd í öllum ríkjum en ratar þó til New York og annarra mikilvægra markaðssvæða þar vestra.

Kvikmyndir um samkynhneigð hafa átt upp á pallborðið hjá kvikmyndahúsgestum að undanförunni og er skemmt að minnast velgengni Brokeback Mountain eftir Ang Lee sem hefur rakað til sín verðlaunum að undanförunni. Ingvar sagði ljóst að Strákarnir okkar nýtu góðs af þeirri sigurgöngu og benti jafnframt á að hið virta tímarit Newsweek hefði verið með mjög áberandi umfjöllun um myndina í síðasta tölublaði sínu. Einnig hefur íspróttin verið að sækja í sig veðrið á hvíta tjaldinu. „Þetta er knattspyrnumynd án knattspyrnunnar,“ er haft eftir leikstjóranum Róbert Douglas.

Ingvar segir að þeir sem standi að kvikmyndafyrirtækinu Kisa séu hæstánægðir með ferðina til höfuðborgar Þýskalands. Gerður

hafi verið góður rómur að þeim fjórðu verkefnum sem þeir séu með í burðarliðnum. Það eru meðal annars kvikmyndin Astropía sem Gunnar Björn Guðmundsson leikstýrir og hryllingsmyndin Reykjavík Whale Watcher Massacre sem Sjón skrifar handrit að í félagi við Torsten Hvas. Ingvar staðfesti að undirbúningur að síðarnefndu myndinni væri nú á lokastigi. „Við erum búnir að ráða Gunnar Hansen í eitt hlutverkanna,“ sagði Ingvar en vildi ekki tjá sig um frekari ráðningar. Gunnar er hvað þekktastur fyrir leik sinn sem Leðurfésið Bubba Sawyer í The Texas Chain Saw Massacre. „Hann ferðast um öll Bandaríkin og heldur fyrirlestra um þessa persónu sína,“ segir Ingvar. Samkvæmt heimildum blaðsins mun þetta vera í fyrsta skipti sem Gunnar leikur á íslenskri grundu.

freyrgigja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Tæplega sex hundruð manns höfðu um miðjan dag í gær tekið þátt í undirskriftasöfnun á netinu þar sem Kristján Hreinsson er hvattur til að leyfa Silvíu Nótt að syngja sigurlag sitt í Eurovision í Aþenu. Kristján kærði það að Silvíu fengi að taka þátt í undankeppninni eftir að lag hennar birtist á netinu og hefur ekki dregið kæruna til baka þrátt fyrir sigur hennar. „Viltu vera svo góður að láta kyrrt liggja og leyfa Silvíu að fara til Aþenu. Hún verður þjóð sinni til sóma. Íslendingar kusu lagið hennar áfram og það væri skelfilegt að koma í veg fyrir vilja fólksins,“ segir m.a. á heimasíðunni. <http://www.PetitionOnline.com/1ath2006/petition.html>. - fb



Heilsusjónvarpsþátturinn Heil og sæl með Þorbjörgu Hafsteinsdóttur og Oscar Umahro Cadogan fór í loftið á þriðjudagskvöldið. Þátturinn fjallar um hvernig hægt er að öðlast betri heilsu með því að lifa heilsusamlegra lífni. Í fyrsta þættinum var farið yfir sykurneyslu og hversu hættuleg hún getur verið. Af fjöldatanum sem heimsótti heilsuverslunina Maður lifandi í Borgartúni er ljóst að áhorfið á þáttinn hefur verið gríðarlegt en um hádegisbil myndaðist röð út á bílapan.



Sigmar Guðmundsson fær loks að spreyta sig á hlutverki Loga Bergmanns í spurningakeppni framhaldsskólanna, Gettu betur, og fer fyrsti þátturinn í loftið í kvöld. Þá eigast við Flensborgarskóli og Borgarholtskóli. Liðin hafa tívægis att kappi á tímabilinu því þau tóku tvo æfingaleiki og unnu sinn leikinn hvorn. Sjónvarpið ætlar að nýta sér aðstöðuna sem varð til eftir að Eurovision lauk og keppnin fer öll fram á Fiskislóð þar sem nú er glæsilegt upp-tökuver. Gettu betur-nórdar voru annars ekkert ýkja sáttir við dráttinn og telja að fjögur bestu liðin hafi dregist saman í fyrstu umferðinni. Heimildarmaður Fréttablaðsins sagði að það væri fremur venja en hitt og önnur regla væri sú að Verslunarskólinn fengi alltaf auðveldan mótherja í byrjun.



DV

Hefur þú séð DV í dag?

ÞORVALDUR ÞORSTEINSSON HÆTTUR
HJÁ BANDALAGI LISTAMANNA

Heilablóðfall
batt enda a
formannstjórninni



Kennslubók í hnakkafraeðum

„Mesti rígurinn hefur alltaf verið á milli hnakkanna og treflanna. Biturleikinn er þó yfirleitt meiri frá treflunum í garð hnakkanna því að hnakkarnir eru að sjálfsgöðu í 99 prósentum tilfella myndarlegri.“ Setningar á borð við þessa má finna í bókinni Biblía fallega fólksins sem Egill Einarsson, betur þekktur undir nafninu Egill Gillzenegger, hefur skrifað og Vaka - Helgafell gefur út. Hentar hefur verið beðið með töluverðri eftirvæntingu enda eflaust í fyrsta sinn sem bók af þessu tagi kemur fyrir almennings-sjónir.

„Ég lokaði mig inni í þrjár vikur og skrifaði og skrifaði,“ segir Egill, sem mætti sæll og glaður á ritstjórn Fréttablaðsins með eintak og áritaði það með bros á vör. „Gymkaflinn er mjög stór og ég er virkilega sáttur við útkomuna,“ heldur hann áfram en bókina prýða ansi margar myndir af Agli sjálfum með hin og

þessi lóð og tæki sem notuð eru til að styrkja líkamann. „Ég er ber að ofan á nokkrum,“ bætir hann við og hlær. Telur ennfremur að bókinn sómi sér vel í hillum landsmanna.

Fjórdi þáttur þeirra Party-Hanz og Egils hefur nú farið í loftið en félagarnir sömdu einungis um þann fjölda við sjónvarpsstöðina Sirkus. Egill vill ekkert segja til um framhaldið en sagði að fimmti þátturinn yrði að raunveruleika en þá yrðu sýnd mistök við gerð þáttanna. „Hitt verður síðan að koma í ljós,“ sagði hann en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er mikill áhugi meðal stjórnenda sjónvarpsstöðvarinnar að halda þeim áfram sem lengst.

- fgg

EGILL OG BÓKIN Biblía fallega fólksins er loksins komin en þar fer yfirhnakkinn Egill yfir það helsta sem karlmenn eiga að hafa í huga.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



30-50% afsláttur

**MESTA ÚRVAL LANDSINS!
50 uppstilltar innréttingar**

BAÐ INNRETTINGAR



HÁGLANS



Hvít háglans innrétting

140 x 48 sm

Ölur á MDF 125 sm

5

LES 100x44 sm hnota

Hvít eik á MDF 120 sm nr 29



Eplaviður á MDF 165x48 sm nr 7



Ölur á MDF 125x48 sm nr 16



NICO 83x50 sm

VERTU ÞINN EIGINN ARKITEKT!
FJÖLDI UPPSTILLINGA-MÖGULEIKA



HÁGLANS

Hvít háglans 120x48



Hlynur á MDF 102 sm



LAVES 120x52 sm kirsuber



Hnota á MDF 120 sm nr 6



HÁGLANS

Hvít háglans 60x48 sm



Kirsuberjaviður á MDF 165 sm nr 8



DORLI 120 x 45 sm



HÁGLANS

Hvít háglans 90x48 sm

Allar innréttingar afgreiddar af lager

Borðplötur, handföng, blöndunartæki og handlaugar í flestum gerðum að eigin vali

INNRETTINGAR & TÆKI

www.i-t.is

- fyrir þitt heimili

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15



BAKPANKAR

JÓNS GNARR

Alíslensk Nótt

Ég hef átt erfitt með að tjá mig um málefni líðandi stundar að undanfögnu. Mér hefur fundist það eins og að bera í bakkafullt baðkar að segja eitthvað um stöðu íslenskrar tungu eða árangur Silvíu Nætur í Söngvakeppni Sjónvarpsins. Ég hef því brugðið á það ráð að sameina þetta tvennt.

MÉR finnst Silvía Nótt æðisleg. Hún er það skemmtilegasta og frumlegasta sem komið hefur fram hér á landi lengi. Sigur hennar í þessari þreyttu og stöðnuðu keppni er sigur andans yfir forminu. Og þá sjaldan sem það gerist er tilefni til að fagna.

OG varðandi stöðu íslenskrar tungu þá finnst mér RÚV hafa brugðist hlutverki sínu. Kannski markar þessi sigur nýja tíma hjá RÚV. Ég vona það. RÚV hefur vanrækt að gera vandaða íslenska þætti fyrir unglina en einbeitt sér meira að staðnaðri dagskrárgerð fyrir eldri borgara og fyrir-greiðslupólitík við starfsmenn. Mér finnst Ríkisútvarpið hafa brugðist þeirri skyldu sinni að vernda og styrkja íslenska menningu eins og það á að gera. Ríkisútvarpið ætti að styðja ungt og hugmyndafrítt fólk til að gera vandaða sjónvarpsþætti í staðinn fyrir að vera endalaust með sama æviráðna fólkíð aftur og aftur. (Með fullri virðingu fyrir því.)

GAMANÞÆTTIR eru vinsælasta sjónvarpsefnið. Það eru þættir sem ungt fólk horfir á. Hvernig stendur á því að ungt og frumlegt fólk fær ekki tækifæri til að framleiða slíka þætti á RÚV? Fóstbræður fengu það ekki á sínum tíma. Af hverju er ekki Silvía Nótt þar? Hvernig væri að fá hana til að gera næsta Skaup í staðinn fyrir einhvern sem er búinn að gera það tíu sinnum? Er það ekki vilji meirihluta þjóðarinnar?

BRESKA ríkissjónvarpsstöðin BBC styður nýjungar og hjálpar skapandi fólk til að gera ennþá betur. Ekki RÚV. Ef BBC hefði sömu stefnu og RÚV í gamanþáttagerð værum við enn að horfa á Benny Hill og hefðum aldrei séð The League of Gentlemen, Little Britain, Office eða The Extras. Ef RÚV hagaði sér eins og BBC væri það mikil lyftistöng fyrir íslenska menningu og íslenskt mál.

ÉG er viss um að gamli kærastinn hennar Silvíu breytir þessu. Það er andinn sem lifir en formið sem deyr. Lengi lifi andinn! Lengi lifi Silvíu Nótt!

GSM HEIMASÍMI INTERNET SJÓNVARP

„Þetta er ótrúlega auðvelt. Ég spyr bara Halla á MSN hvernig ég eigi að klára endakallinn.“

Snorri og fjölskylda hans hafa nýtt sér heildarþjónustu Og Vodafone, Og1, frá því í apríl og síðan þá hafa þau sparað **46.027 kr.**

Það er ekkert mál að skrá sig í Og 1. Heimili sem eru með allt hjá Og Vodafone, GSM áskrift, Heimasíma og Internet, geta skráð sig í Og 1. Hringdu í **1414** strax í dag, skráðu þig í Og1 og byrjaðu að spara með hverju símtali. Fríðindi Og1 eru meðal annars:

Internet

Meiri hraði, frjálst niðurhal og verðþak. Þú átt þess kost að fá 6 Mb/s hraða og ótakmarkað niðurhal á 4.990 kr. á mánuði eða 4 Mb/s hraða og 1 GB niðurhal fyrir 3.990 kr. á mánuði.

ADSL hraði miðast við þjónustusvæði Og Vodafone.

Og1

Í dag eru yfir **12.000** heimili skráð í Og1 og þeim fjölga hratt.

Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á www.ogvodafone.is til að fá nánari upplýsingar og skrá þig í **Og1**.



Heyrumst!



Hefur þú smakkað hreinan ávaxtasafa?

Þegar þú pressar hreinan ávaxta- eða grænmetissafa úr Solis safapressunni, þá áttarðu þig á því hvað hreinn safi er.



Þú setur ávexti í heilu lagi í pressuna og færð hreinan safu á svipstundu.

Verð **13.900 kr.**



RÁDIO NAUST
Furuvöllum 5 · Akureyri Sími 461 5000

B R Æ Ð U R N I R
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

ORMSSON
SMÁRALIND

UMBODSMENN UM LAND ALLT